



ÁRSSKÝRSLA SJÁLANDSSKÓLA

SKÓLAÁRIÐ 2023 - 2024

GARÐABÆR
JÚLÍ 2024

Ársskýrsla Sjálандsskóla

Skólaárið 2023-2024

Ósk Auðunsdóttir aðstoðarskólastjóri

Sjálандsskóli

Löngulínu 8 210 Garðabæ

S: 5903100

sjalandsskoli@sjalandsskoli.is

www.sjalandsskoli.is

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Hagnýtar upplýsingar	5
Starfsmenn	5
Skóladagatal	6
Nemendur	6
Skóladagur nemenda.....	7
Áherslur í skólastarfi.....	7
Morgunsöngur	8
Þróunarverkefni skólans.....	8
Símenntun starfsmanna	11
Vettvangsferðir og uppbrotsdagar	11
Húsnæði og viðhald Sjálandsskóla	13
Mat á skólastarfinu.....	14
Skólapúlsinn.....	14
Nemendakönnun.....	14
Starfsmannakönnun	16
Samstarf heimilis og skóla	20
Heimsóknir forráðafólks.....	20
Skólaráð	20
Foreldrafélag Sjálandsskóla	21
Ýmsar skýrslur	22
Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk	22
Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk	24
Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk	26
Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk	27
Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk	29
Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk	32
Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk.....	33
Skýrsla umsjónarkennara í 8. bekk	35
Skýrsla umsjónarkennara í 9. bekk	37
Skýrsla umsjónarkennara í 10. bekk	38
Skýrsla kennara í íþróttum	40

Skýrsla kennara í sundi	43
Skýrsla kennara í hönnun og smíði 2022 – 2023	44
Skýrsla kennara í myndmennt	47
Skýrsla kennara í textílmennt	50
Skýrsla kennara í fjöllistum 2022 – 2023	53
Skýrsla kennara í tónmennt	53
Skýrsla um útikennslu	67
Skýrsla sérkennara	71
Skýrsla þroskaþjálfara	73
Skýrsla náms- og starfsráðgjafa	75
Skýrsla bókasafns Sjálandsskóla	78
Skýrsla frístundaheimilisins Sælukot	79
Samantekt	83

Inngangur

Ársskýrsla þessi er hluti af útgáfu allra grunnskóla í Garðabæ. Markmið hennar er að gera grein fyrir helstu atriðum og áherslum skólastarfs í Sjálandsskóla fyrir skólaárið 2023-2024. Umsjónarkennarar og starfsmenn skólans koma að útgáfu skýrslunnar en aðstoðarskólastjóri ritstýrir verkinu. Fjallað er um fjölbreytt starf skólans í hverjum árgangi fyrir sig auk allra faggreina sem kenndar eru við skólann. Einnig skrifa aðrir starfsmenn s.s. námsráðgjafi, sérfræðingur á bókasafni, þroskaþjálfar og sérkennarar kafla um þeirra aðkomu að skólastarfinu í heild.

Ársskýrsla Sjálandsskóla kemur nú út í 19. sinn og er hún aðgengileg öllum á vef skólans undir flípanum skólinn, útgáfa og ársskýrslur. Þar má einnig finna skýrslu um starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Klakans og skýrslur frá fyrri árum. Á vefslóðinni sjalandsskoli.is má finna ýmsar gagnlegar upplýsingar sem lúta að skipulagi skólastarfsins í heild, kennsluáætlanir allra árganga og önnur hagnýt atriði fyrir forráðafólk varðandi nám og kennslu í skólanum. Einnig eru á heimasíðunni fréttir af skólastarfinu og ýmsar myndir sem prýða hana. Heimasíða Sjálandsskóla er uppfærð reglulega.

Skólaárið hófst hjá starfsfólki þriðjudaginn 15. ágúst. Skólasetning var miðvikudaginn 23. ágúst og boðunarviðtöl fyrir nýja nemendur dagana á undan. Þá hittu kennarar nýja nemendur við skólann ásamt forráðafólki í stutta stund þar sem farið var yfir skipulag vetrarins og stundaskrár bekkjarins voru afhentar. Markmið þessara viðtala eru jafnan að nemendur hitti kennara sína í upphafi skólaársins og kennarar myndi tengsl við bæði nemendur og forráðafólk áður en hefðbundið skólastarf hefst. Áhersla Sjálandsskóla hefur ávallt verið á samstarf milli heimilis og skóla og var engin breyting á því í ár. Nemendur við skólann voru í upphafi skólaársins 237 í 10 bekkjardeildum en við skólalok voru 253 nemendur sem stunduðu nám við skólann. Starfsmenn Sjálandsskóla í fullu starfi og hlutastarfi voru 67 á skólaárinu.

Skólaárið var viðburðaríkt og skemmtilegt og náðist góð samfella í námi allra nemenda.

Skýrsla þessi skiptist í fjóra megin kafla sem eru: hagnýtar upplýsingar, áherslur í skólastarfi, samstarf heimilis og skóla, og ýmsar skýrslur. Í hverjum kafla eru undirkaflar eins og sjá má á efnisyfirliti.

Sjálandsskóli, 3. júlí 2024

Ósk Auðunsdóttir aðstoðarskólastjóri

Hagnýtar upplýsingar

Í þessum kafla koma fram ýmsar hagnýtar upplýsingar sem snúa að skólastarfinu í Sjálandsskóla bæði hvað varðar starfsmenn og nemendur. Taldar eru upp tölulegar upplýsingar sem mikilvægt er að taka saman við lok skólaárs.

Starfsmenn

Við Sjálandsskóla starfa tveir stjórnendur. Skólastjóri er Sesselja Þóra Gunnarsdóttir og aðstoðarskólastjóri er Ósk Auðunsdóttir. Verkefnastjórar voru þrír á skólaárinu, þær Drífa Lind Harðardóttir, Sigríður Guðrún Guðmundsdóttir og Hrafnhildur Sigurðardóttir. Skrifstofustjóri Sjálandsskóla er Linda Rán Úlfisdóttir, húsvörður Sigurður Guðleifsson og umsjónarmaður tómstundaheimilis Sælukots er Gunnar Oddur Hafliðason.

Í Sjálandsskóla starfar hópur fagmenntaðra og ófaglærðra starfsmanna sem vinna að því sameiginlega markmiði að stuðla að uppbyggingu á skólastarfi sem einkennist af einkunnarorðum skólans sem eru að vilja og virða. Sameiginlega hafa allir starfsmenn Sjálandsskóla hag nemenda að leiðarljósi. Þeir starfa undir verkstjórn skólastjórnenda og eiga í nánú samstarfi sín á milli, við nemendur, foreldra og aðra sem að skólastarfinu koma. Allir starfsmenn skólans bera ábyrgð á skólastarfinu jafnt undirbúningi, framkvæmd, mati og leggja metnað sinn í að styðja hvern annan í starfi. Starfsmenn skólans miðla þekkingu sín á milli, reynslu og færni og nýta sér þau tækifæri sem gefast til þess að vaxa í starfi jafnt innan veggja skólans sem utan.

Skólaárið 2023 - 2024 störfuðu við skólann 67 starfsmenn í mismunandi starfshlutfalli. Hluti þeirra var í afleysingum vegna veikinda eða leyfis. Kennarar voru 29, tveir stjórnendur, einn kennsluráðgjafi (til áramóta), þrír þroskajálfar og fjórir sérkennarar. Stuðningsfulltrúar voru að jafnaði 14, fimm skólaliðar, einn bókasafnsfræðingur, einn skrifstofustjóri, einn umsjónarmaður með húsnæði skólans og 15 starfsmenn að jafnaði við tómstundaheimilið Sælukot.

Leyfi starfsmanna og afleysingar

Þrír starfsmenn fóru í fæðingarorlof á skólaárinu. Einn starfsmaður var í launalausú leyfi og einn í launuðu námsleyfi. Fimm starfsmenn voru í veikindaleyfi hluta af skólaárinu. Á næsta skólaári mun einn kennari vera í launuðu námsleyfi og tveir kennarar verða í launalausú leyfi.

Ráðningu starfsfólks

Sex kennarar létu af störfum en það eru Erna Oddný Gísladóttir og Þóra Hjörleifsdóttir sem ákváðu að koma ekki aftur eftir fæðingarorlof. Aðrir voru Sigurlín Sumarliðadóttir, Eygló Sigurðardóttir, Fríða Agnarsdóttir og Tinna Ástrún Grétarsdóttir. Einnig hættu níu stuðningsfulltrúar núna á vordögum. Starfsfólk Sjálandsskóla þakkar þeim ánægjuleg kynni og óskar þeim alls hins besta. Búið er að ráða í allar kennarastöður fyrir næsta ár nema tvær. Ráðið verður í stöður stuðningsfulltrúa í ágúst.

Starfmannasamtöl

Stjórnendur skólans skiptu á milli sín starfsmannasamtölum að vori. Sá háttur var hafður á samtölunum að þessu sinni að stjórnendur skiptu með sér verkum og ákváðu tímasetningar starfsmannasamtala í samráði við starfsfólk. Allt starfsfólk skólans fyllti út spurningalista sem sendur var út til starfsmanna með slóð í google docs skjal. Þar var spurt um líðan í starfi, álag, upplýsingaflæði, aðbúnað og þar komu einnig fram óskir starfsmanna á komandi skólaári. Tekið var mið af niðurstöðum þessara samtala við myndun teyma og skipulagningu fyrir skólaárið 2024 -2025.

Skóladagatal

Starfsemi Sjálandsskóla var í samræmi við samþykkt skóladagatal skólaársins 2023 - 2024. Grunnur að dagatali var unninn í samstarfi leik- og grunnskóla og er dagatalið samræmt milli skólastiga líkt og undanfarin ár í Garðabæ. Skóladagatalið var unnið í samráði við skólaráð og var það tekið til umfjöllunar í skólaráði og samþykkt af skólaskrifstofu Garðabæjar.

Eins og reglur gera ráð fyrir eiga skóladagar nemenda að vera 180 talsins. Skertir dagar voru 6 en þá mæta nemendur hluta úr degi. Þeir dagar eru skólaboðunardagur, tveir nemenda- og foreldraviðtalsdagar, jólaskekkmtun, öskudagur og skólaslitadagur. Starfsdagar kennara á kennslutímabili voru fimm.

Skólasetning var 23. ágúst og hófst kennsla samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 24. ágúst. Kennsla féll niður í jólaeyfi nemenda sem var frá 21. desember til 2. janúar. Vetrarleyfi í Garðabæ var frá 19. febrúar til 22. febrúar og páskaeyfi frá 25. mars til 2. apríl. Einnig féll kennsla niður vegna fimm skipulagsdaga kennara á skólaárinu, þ.e. 25. september, 27. október, 17. janúar, 23. febrúar og 21. maí. Skóla var slitið föstudaginn 7. júní.

Nemendur

Nemendafjöldi í Sjálandsskóla jókst jafnt og þétt frá árunum 2005-2010. Árið 2012 fækkaði nemendum lítillega en árin þar á eftir fjölgaði, allt til ársins 2019 en þá fór nemendafjöldi í fyrsta skipti yfir 300. Árið 2020 fækkaði nemendum niður í 264 og hélst svipaður fjöldi næstu árin. Í lok þessa skólaárs voru nemendur 253. Áætlaður fjöldi nemenda skólaárið 2024 -2025 er í kringum 265 nemendur, þannig að búist er við fjölgun í skólanum frá síðasta skólaári.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þróun nemendafjölda síðustu sautján árin.

Tafla 1. Þróun nemendafjölda frá skólaárinu 2005-2023

Ár	<u>2005</u>	<u>2006</u>	<u>2007</u>	<u>2008</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>	
Nemendur	85	114	167	182	238	249	251	245	258	
Ár	<u>2014</u>	<u>2015</u>	<u>2016</u>	<u>2017</u>	<u>2018</u>	<u>2019</u>	<u>2020</u>	<u>2021</u>	<u>2022</u>	<u>2023</u>
Nemendur	262	277	282	284	285	304	264	265	265	253

Samtals hófu 237 nemendur nám í skólanum í ágúst 2023 en voru þeir samtals 253 við skólalok. Stúlkur í skólanum voru 127 og drengir voru 126. Fjöldi nemenda í 1. bekk var 24 í tveimur umsjónarhópum. Nemendur í 2. bekk voru alls 29 í tveimur umsjónarhópum. Í 3. bekk voru 33 nemendur í tveimur umsjónarhópum. Í 4. bekk voru 25 nemendur í tveimur umsjónarhópum. Í 5. bekk voru 28 nemendur í tveimur umsjónarhópum og 25 í 6. bekk í einum umsjónarhóp. Einn umsjónarhópur var í 7. bekk með alls 22 nemendur. Í 8. bekk voru 15 nemendur í einum umsjónarhóp og í 9. bekk voru 22 nemendur í einum umsjónarhóp. Tveir umsjónarbekkir voru í 10. bekk með samtals 30 nemendur

Ástundun nemenda

Samantekt ástundunar leiðir í ljós að skráðir veikindadagar í Námfús eru samtals 2107 og 842 stakar kennslustundir. Beðið var um leyfi fyrir nemendur í 2209 daga og 2588 stakar kennslustundir. Veikindadögum fækkar um 327 á milli ára og leyfis dagar standa í stað.

Ef tekið er meðaltal af þessum fjarvistum þá er hver nemandi veikur 8,3 daga og í leyfi að meðaltali 7 daga. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá fjarvistir nemenda vegna leyfa og veikinda skipt eftir árgöngum.

Tafla 2. Fjöldi fjarvista skipt eftir árgöngum

	Leyfis dagar	Leyfi í stakri kennslustund	Veikindi í dögum	Veikindi í stakri kennslustund
1. bekkur	204	161	159	50
2. bekkur	164	122	146	0
3. bekkur	154	155	150	12
4. bekkur	197	193	271	181
5. bekkur	229	198	127	33
6. bekkur	222	314	223	77
7. bekkur	227	325	238	104
8. bekkur	162	231	196	69
9. bekkur	258	353	223	73
10. bekkur	392	536	374	243

Skóladagur nemenda

Skóladagur hófst kl. 8:30 hjá öllum nemendum í Sjálandsskóla. Hjá 1.-4. bekk lauk skóla kl. 13:25 en kl. 14:00 hjá 5.-7. bekk. Hjá nemendum í 8.-10. bekk lauk skóladeginum kl. 14:00 á mánudögum, kl. 14:20 á þriðjudögum, kl. 15:05 á miðvikudögum, kl. 14:20 á fimmtudögum og kl. 13:40 á föstudögum. Skólahúsnæðið er opið frá kl. 8:00 alla virka daga. Nemendum í 1.-3. bekk stendur til boða að fara í tómstundaheimilið Sælukot þegar hefðbundnum skóladegi lýkur á daginn eða kl. 13:25 til kl. 16:30 (sjá nánar í skýrslu Sælukots).

Nemendur fóru í nesti einu sinni á dag í 15 mínútur. Nemendur í 1. – 7. bekk fóru í útivist á morgnana í 20 mínútur og nemendur í 8. – 10. bekk fóru í 20 mínútna frímínútur á morgnana og máttu vera inni. Eftir hádegismat fóru allir nemendur í frímínútur. Nemendur í 1. – 4. bekk fóru í útivist eftir hádegismat en nemendur í 5. – 7. bekk höfðu val um að vera inni eða fara út frá 1. október til 1. maí. Að hausti og á vorin fóru allir nemendur út. Í frímínútum eru kennarar, skólaliðar og stuðningsfulltrúar í skipulagðri gæslu.

Áherslur í skólastarfi

Að vilja og virða

Í lögum um grunnskóla segir að það sé markmið grunnskóla, í samvinnu við heimilin, að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Þannig á grunnskólinn að leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Skólinn á að stuðla að góðu samstarfi við heimilin með það að markmið að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda. Starfshættir skólans eiga að mótast af umburðarlyndi, góðum gildum og lýðræðislegu samstarfi. Grunnskólinn á að veita nemendum tækifæri til þess að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið á því að leggja grunn að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Með framangreint að leiðarljósi er hugmyndafræði Sjálandsskóla byggð.

Einkunnarorð skólans eru að *vilja og virða* og er skólahúsnæði Sjálandsskóla sveigjanlegt og í starfinu er lögð áhersla á einstaklingsmiðað skólastarf og samvinnu nemenda. Í Sjálandsskóla er lögð áhersla á að tengja saman skóla, umhverfi og samfélag.

Í ár var fyrst og fremst lagt áherslu á skapandi skólastarf og fjölbreytta kennsluhætti, ásamt heilsuefningu bæði hjá nemendum og starfsfólki. Unnið var í öllum árgöngum að verkefnum sem stuðluðu að bættum samskiptum nemenda og betri líðan. Verkefnakista KVAN var mikið notuð á öllum aldurstigum. Auk þessa voru ýmis þróunarverkefni unnin á skólaárinu.

Morgunsöngur

Morgunsöngur var haldinn á hverjum morgni. Allir nemendur í 1. – 7. bekk sóttu morgunsöng framan af vetri en eftir áramót eingöngu 1. – 6. bekkur. Venjulega voru tvö lög sungin og þá gjarnan horft til þess að annað lagið höfðaði meira til eldri nemenda og hitt til yngri. Einnig var áhersla á fjölbreytileika og að nemendur kynntust bæði gamalli og nýrri tónlist frá ólíkum löndum allt frá íslenskum þulum til nýrra dægurlaga. Þó nokkuð var um uppákomur í morgunsöng, þar sem gestir komu í heimsókn að lesa úr bókum, nemendur spiluðu á hljóðfæri og nemendur í 1. – 5. bekk settu upp og sýndu leikrit í morgunsöng.

Þróunarverkefni skólans

Unnið var jafnt og þétt allan veturinn að eflingu skólastarfsins og má segja að fjölmargir þættir hafi verið í þróun í skólastarfi Sjálandsskóla á skólaárinu. Í vetur hefur verið unnið að einu þróunarverkefni sem hlaut styrk úr þróunarsjóði Garðabæjar. Sá sjóður hefur gefið kennurum byr undir báða vængi í að þróast sem fagmenn og styrkja sig enn frekar í starfi.

„Eru ekki allir sexý?“ Kynfræðsluefni fyrir unglingastig

Undanfarin ár hefur verið kallað eftir meiri kynfræðslu fyrir börn og unglinga, ekki síst frá þeim sjálfum og er mikilvægt að börn og ungmenni fái kynfræðslu og læri um samskipti, sambönd og kynlíf. Slík fræðsla er líkleg að leiði til aukinnar þekkingar á kynheilbrigði hjá börnum og unglingum sem og þjálfar þau í að setja og virða eigin mörk sem og annarra. Einnig er mikilvægt að börn fái fræðslu um kynhneigðir, kynvitund og kyntjáningu en slík fræðsla er líkleg að leiði til aukins skilnings á fjölbreytileikanum, stuðli að umburðarlyndi og vinni gegn fordómum. Hingað til hefur ekki verið nægilega markviss kynfræðsla í grunnskólum Garðabæjar. Í skólastarfi sem og lífinu öllu skiptir kynheilbrigði og vellíðan barna og unglinga miklu máli varðandi velferð þeirra. Með því að leggja áherslu á og efla kunnáttu nemenda á sviðum kynheilbrigðis, um hvað sé eðlilegt/óeðlilegt, gott/vont, rétt/rangt og hvað beri að varast og hvernig, getur skipt sköpum í geðheilsu sem m.a. skilar sér í betri vellíðan og farsæld nemenda.

Markmið /verkefnið í hnotskurn: Markmið verkefnisins var að útbúa verkefnabanka og áætlanir sem tengjast kynfræðslu fyrir nemendur á unglingastigi. Með því að búa til kennsluefni þar sem hægt er að nálgast hugmyndir af kennslustundum, glærur og verkefni um efni sem snýr að ýmsum þáttum er varðar kynheilbrigði barna og unglinga eru meiri líkur á að fræðslan fari fram, sem þar með stuðlar að velferð nemenda og vellíðan. Við teljum að þetta verkefni sé góð viðbót við það faglega starf sem nú þegar fer fram í skólanum en samkvæmt skólastefnu Garðabæjar er lögð áhersla á fræðslu, forvarnir,

sjálfsþekkingu nemenda og samskiptahæfni sem eru allt lykilþættir í kynheilbrigði barna og unglinga. Fellur þetta verkefni því einkar vel undir skólastefnu bæjarins.

Undirbúningur og samstarf: Undirbúningur og vinna við verkefnið hófst fljótlega í upphafi skólaársins 2023-2024. Verkefnastjórar funduðu um haustið og ákváðu í sameiningu hvaða þemu eða þætti ætti að einblína á í kennsluefninu í því skyni að ná yfir það mikilvægasta sem börn og unglingar þurfa að vera meðvituð um þegar kemur að kynheilbrigði þeirra. Því næst var farið af stað með að lesa sér til um og afla upplýsinga um þá þætti sem valdir voru. Ákveðið var að verkefnastjórar myndu skipta með sér þáttum og vinna hver fyrir sig en hittast reglulega og bera saman bækur sínar.

Lýsing á framgangi verkefnisins: Þegar verkefnastjórar voru búnir að setja niður þá þætti sem ákveðið var að hafa í kennsluefninu fór af stað vinna við það að útbúa kennslustundir, glærur og verkefni sem sneru að hverju viðfangsefni fyrir sig. Ákveðið var að búa til stuttar leiðbeiningar eða tillögu að kennslustund undir hverju þema, glærupakka til að nýta í innlögn og nokkur verkefni sem auðvelt er fyrir kennara eða aðra að grípa í þegar vinna á með kynheilbrigði innan bekkja eða með hóp nemenda. Í byrjun árs 2024 hittust verkefnastjórar og fóru saman yfir hver staðan væri, hvaða sýn þeir hefðu á fyrirkomulag kennslustunda og hverskonar verkefni væru orðin til hjá þeim. Ákveðið var að safna öllu efniinu saman inn á Google Drive í því skyni að auðvelda kennurum eða öðru starfsfólki að nálgast efnið og deila því til nemenda.

Framkvæmd á verkefninu: Framkvæmd á verkefninu gekk vel. Vinna hófst strax um haustið 2023 við að prófa kennsluefni og verkefni með unglingum Sjálálandsskóla og varði sú vinna fram á vor árið 2024. Ekki náðist að keyra í gegn allar kennslustundirnar með nemendum en það efni sem prófað var vakti upp skemmtilega umræðu í nemendahópnum. Einnig var gaman að sjá hversu mikið þau þorðu að spyrja um efnið og tengdum við það helst við það að búið væri að opna umræðuna með þeim í öruggu umhverfi, sem okkur fannst dýrmætt.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun: Áætlunin sem sett var fram í upphafi stóðst að mestu en vegna anna í öðrum verkefnum hefðu verkefnastjórar viljað hittast oftari til að taka stöðuna. Vinnan fór að mestu fram hjá hvorum verkefnastjóra fyrir sig en undir lokin komu þeir saman til að fara yfir efnið og samræma, setja verkefnið inn á drifið og flokka það niður eftir þemum. Það ferli tók aðeins lengri tíma en búist var við í fyrstu og stóð vinnan við verkefnið því yfir aðeins lengur inn í vorið en gert var ráð fyrir í upphafi. Þrátt fyrir þessa töf náðist að prófa ýmis verkefni með nemendum á skólaárinu þar sem vel tókst til.

Árangur verkefnis: Það er mat verkefnastjóra að verkefnið hafi tekist vel til og erum við stoltar af kennsluefninu sem við höfum sett saman og unnið með síðustu vikur og mánuði. Ferlið er búið að vera skemmtilegt og lærdómsríkt og mun klárlega nýtast okkur í áframhaldandi vinnu okkar með börnum og unglingum. Búið er að prófa nokkuð af verkefnum með nemendum á unglingastigi og hefur sú vinna gengið mjög vel og nemendur tekið verkefnunum vel.

Afurðir verkefnisins: Afrakstur þessa þróunarverkefnis er kennsluefni með kennslustundum, glærum og verkefnum sem tengist kynheilbrigði sem við höfum prófað og munum halda áfram að nota í starfi okkar

með unglingum í Sjálandsskóla. Einnig vonumst við til að efnið muni nýtast fleiri kennurum eða öðru starfsfólki sem starfa með unglingum innan grunnskóla bæjarins.

Námsumhverfi lesblindra barna

Markmið /verkefnið í hnotskurn:

Markmið verkefnisins var að bæta inn verkefnum og uppfæra heimasíðuna Hlusta - lesa - skrifa, sem unnin var í þróunarverkefninu: Námsumhverfi lesblindra barna skólaárið 2021 - 2022.

Við töldu mikilvægt að viðhalda henni í takt við þróun í tækni ásamt því að leggja áherslu á nýjan nemendahóp sem fer ört vaxandi. Með því að gefa nemendum með íslensku sem annað tungumál rými á heimasíðunni vildum við opna möguleika nemenda á að nýta tæknina til að auðvelda sér námið, valdefla þá, efla sjálfstraust og færni í íslensku. Gefa þeim tækifæri á að bera kennsl á eigin hæfileika og þekkingu á þeirri námstækni er hentar hverjum og einum í nýju landi með nýtt tungumál.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:

Við höfðum velt því fyrir okkur í nokkurn tíma hvort og hvað mætti laga til á heimasíðunni. Þess vegna var stefnan nokkuð skýr þegar sótt var um þróunarstyrkinn. Persónuvernd og flækjustig í kringum Google umhverfið á tímabilinu gerði okkur tvístígand. En við vissum um gagnsemi heimasíðunnar og héldum okkar striki. Upphaflega áttu verkefnin að tengjast hljóðbókum en í ljós kom að ÍSAT nemendur vildu lesa léttann texta og vinna verkefni upp úr þeim. Þess vegna var ákveðið að nýta léttari bækur en upphaflega var stefnt á. Einnig lögðum við meiri vinnu í útlit heimasíðunnar og að texti væri læsilegri eftir að hafa fengið álit frá nemendum. Við settum okkur þá reglu að almenningur hafi aðgang að því efni sem við tengdum inn á heimasíðuna og það án endurgjalds. Það setti okkur ákveðnar skorðun en eina undantekningin frá þeirri reglu eru verkefni sem tengjast hbs.is.

Mat á verkefninu:

Helsti ávinningurinn liggur í því að heimasíðan hefur verið uppfærð og fleiri verkefni hafa bæst við. Einnig er þar að finna fleiri hugmyndir að því hvernig hægt sé að halda utan um upplýsingar á fjölbreyttan hátt. Verkefnin nýtast nemendum sem eiga í lestrarerfiðleikum og ÍSAT nemendum en eru þó þess eðlis að þau henta fleirum og opna möguleika á nýjum og skemmtilegum leiðum til náms. Lögð var vinna í að finna efni sem tengja mætti við heimasíðuna og sáum við að mikil þróun er að eiga sér stað í efni fyrir ÍSAT nemendur.

Lokaorð

Það var erfitt að ákveða hvar draga ætti línuna og hætta vinnunni því að svona heimasíða er lifandi plagg og endalaust hægt að finna eitthvað nýtt til að setja inn. Við bindum vonir okkar við að geta haldið áfram að bæta við verkefnum og uppfæra vefinn. Núna verður spennandi að sjá hvað kennurum finnst um viðbæturnar og hverju þeir vilja bæta við heimasíðuna.

Kynningar á verkefninu:

Kynna á heimasíðuna og viðbæturnar á kennarafundi í Sjálandsskóla haustið 2024 og á eins gerum við ráð fyrir því að kynna hana á Menntadaginn 1. nóvember 2024. Þeir nemendur sem greinast með lesblindu í Sjálandsskóla fá upplýsingar um heimasíðuna og munum við halda því áfram.

Rytmaþjálfun og hljóðkerfisvitund

Sjálandsskóli fékk styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla Garðabæjar til að efla rytmaskyn nemenda í fyrsta bekk. Verkefnið var samstarfsverkefni tónmenntakennara, sérkennara, verkefnastjóra á yngsta stigi og umsjónarkennara fyrsta bekkjar. Með markvissri rytmaþjálfun var vonast til að efla á sama tíma rytmaskyn nemenda og hljóðkerfisvitund þeirra þar sem heilarannsóknir hafa sýnt að sama svæði heilans virkjast þegar unnið er með rytma og hljóðkerfisvitund.

Sérkennari og umsjónarkerrarar röðuðu nemendum fyrsta bekkjar í þrjá hópa út frá lestrarhraða í upphafi vetrar. Hóparnir fengu rytmaþjálfun tvisvar í viku c.a. 20 mínútur í senn og var það hrein viðbót við 40 mínútna tónmenntatíma.

Í rytmaþjálfuninni var unnið með leiki, hreyfingu en mest með hljóðfæraleik með hrynhljóðfæri. Einnig var unnið með önnur skólahljóðfæri eins og stafspil þó að fókusinn hafi alltaf verið fyrst og fremst að vinna með rytma.

Videó upptökur voru teknar þrisvar sinnum yfir veturinn af nemendum þar sem þeir voru beðnir um að leika mis flókna rytma í samspili og undir leiðsögn tónmenntakennara. Í lok skólaársins verða niðurstöður lesskimana að hausti og voru bornar saman innbyrðis og við útkomu prófana tónmenntakennara á rytmaskyni nemenda.

Hluti af því námsmati sem var birt nemendum fyrsta bekkjar og aðstandendum þeirra var byggt á þeim athugunum sem gerðar voru í lok maí sem hluti af þróunarverkefninu.

Þegar þetta er skrifað liggja niðurstöður ekki fyrir þó svo að vísbendingar séu um að þjálfunin hafi skilað árangri.

Símenntun starfsmanna

Kennarar voru ötulir við að sækja endurmenntun til að efla færni sína og starfsþróun. Kennarar skólans sóttu m.a. skyndihjálparnámskeið og KVAN verkfærakistuna.

Fræðsluerindi og námskeið fyrir hluta eða alla grunnskólakennara/starfsmenn skólans

- Skyndihjálpar. Kennari Ólafur Grettisson
- Samtökin 78
- Þitt öryggi, öryggisferlar, tengslamyndun og sjálfsvörn. Kennari Magnús Ingi Ingvarsson
- Yoga Nidra. Kennari Hrafnhildur Sævarsdóttir
- KVAN leiðtogaþjálfun
- Fræðsluferð til Tenerife. Skólaheimsóknir í Wingate og LLS Academy. Núvitund og yoga í kennslustofunni.

Vettvangsferðir og uppbrotsdagar

Farið var í ýmsar vettvangs- og skoðunarferðir á skólaárinu. Ýmist fóru umsjónarkennarar í ferðir með sína bekk á útikennsludögum en einnig voru skipulagðar nokkrar ferðir sem farnar eru árlega og allir árgangar taka þátt í.

Hefðbundið skólastarf var brotið upp með ýmsum uppákomum yfir allan veturinn. Þar má nefna haustferð í Guðmundarlund í september, forvarnarviku Garðabæjar sem var í október og vinaviku sem var haldin í nóvember. Árgangar skólans unnu fjölbreytt verkefni í tengslum við þessar vikur. Dagur íslenskrar tungu var einnig haldinn hátíðlegur í nóvember. Þemadagar um umhverfisvernd og mannréttindi voru í apríl og maí. Skólastarf var einnig brotið upp með fjölbreyttum hætti á öskudaginn þar sem gleði og fjör einkenndi daginn. Að lokum voru fjallgöngur og vorleikar á síðustu starfsdögum skólans.

Haustferð í Guðmundarlund

Allir nemendur Sjálandsskóla fóru í árlega haustferð í Guðmundarlund 12. september. Krakkarnir fóru í ýmsa leiki, fótbolta, blak og snú snú. Þeir bjuggu til sápukúlur, klifruðu í klifurgrindum, rannsökuðu lífverur og nutu veðurbliðunnar. Í hádeginu voru grillaðar pylsur.

Íþróttadagur – þrauta og leikjadagur

Íþróttadagur – þrauta og leikjadagur var haldinn þriðjudaginn 3. október á milli 8.30 og 11:30/11:50. Eftir hádegi var Ólympíuhlaup ÍSí. Nemendur mættu á sitt heimasvæði kl 8:30 þar sem umsjónakennarar tóku á móti þeim og númeruðu. Nemendur hittu hópinn sinn og fóru svo á fyrstu stöðina. Hver stöð var í 20 mínútur og sá kennari um skipulag á þeim þrautum eða leikjum á sinni stöð. Þær þrautir/leikir sem farið var í: blöðrubadminton, skák, teiknileikur, dans, spil, leirleikur, húllarallý, boðhlaup og brotinn gluggi.

Frá 12.00-13.00 og 12:20-13:55 var Ólympíuhlaup ÍSí þar sem nemendur og starfsfólk sem vildi hljóp saman. Hringurinn var 2 km og nemendur voru hvattir til að hlaupa eins oft og þeir gátu.

Jólaþemadagar

Í Sjálandsskóla eru haldinn uppbrotsdagur í byrjun aðventu. Nemendur vinna þar að jólagjöfum fyrir forráðafólk. Jólaþemadagurinn í ár var 29.nóvember. Nemendur í 1.-7.bekk unnu viss verkefni eftir aldri og eru unnin í rúllu frá ári til árs.

Verkefni:

1.bekkur, leirhendi. 2.bekkur, fyllthjarta. 3.bekkur, jólatré úr timbri. 4.bekkur, jólasveinn úr timbri. 5.bekkur, leirjolasveinn. 6.bekkur, dúkur. 7.bekkur, kertastjaki úr leir. Unglingadeildin tók þátt í deginum með öðrum hætti, en þau fóru m.a. í hurðaskreytingakeppni.

Skíðaferðir Sjálandsskóla

Árlegar skíðaferðir nemenda í 1. – 7. bekk í Bláfjöll var á dagskrá í byrjun febrúar. 1. – 4. bekkur fór í Bláfjöll í góðu veðri 8. febrúar og nemendur í 5. – 7. bekk fóru 7. febrúar í frábæru veðri. Í Bláfjöllum fengum við lánaðan skíðastól fyrir nemendur í hjólastól, svo að allir nemendur gátu tekið þátt. Báðar ferðir tókust einstaklega vel.

Nemendur í unglingadeild komust í sína árlegu ferð með félagsmiðstöðinni Klakanum til Dalvíkur dagana 11.- 14. mars.

Fjallgöngur

Vegna veðurs var hætt við árlegar fjallgöngur á vordögum en í staðinn fóru nemendur í 1. – 9. bekkur í göngu og leiki í Heiðmörk. 1. – 4. bekkur fóru í Heiðmörk 5. Júní og 6. – 9. bekkur 6. júní

Vorleikar

Í Sjálandsskóla voru haldnir vorleikar 5. og 6. júní 2024 frá kl. 8:30-13:20/13:40. Nemendur í 1.-9.bekk tóku þátt. Verkefnin voru fjölbreytt eða 10 verkefni á tveimur stöðvum með áherslu á sköpun og hreyfingu. Nemendur fóru á báðar stöðvarnar en völdu sér svo verkefni þar eftir áhugasviði. Starfsmenn sáu um að taka til það dót sem þurfti og ganga frá því eftir notkun. Vorleikarnir voru einn dagur í skólanum og á móti var útivera í Heiðmörk, ganga og leikur. Vorleikarnir gengu mjög vel í alla staði og ánægjulegt að sjá hversu mikil ró og gleði var yfir nemendum.

Umhverfis- og mannréttindadagar

Dagar umhverfis og mannréttinda voru haldnir 26.apríl og 10.maí. Þessa daga er unnið með mannréttindi og umhverfisvernd. Það fer eftir árgangi hvaða efni er tekið fyrir en verkefnin rúlla frá ári til árs þannig allir nemendur taka fyrir bæði málefni með fjölbreyttum hætti. Verkefnin eru hugsuð sem stutt og skapandi þemaverkefni. Einar Bárðarson byrjaði þemað með því að ræða við nemendur á sal um mikilvægi þess að plokka. Báða dagana fóru nemendur í öllum bekkjum út að plokka í nærumhverfi. Seinni daginn komu aðilar frá samtökunum Krafti í hús og nemendur í 5.-10.bekk létu gott af sér leiða og perluðu armbönd „lífið er núna“ sem fara svo í sölu fyrir samtökin.

Ferðir unglingadeildar

Hefð er fyrir því að nemendur í unglingadeild fari í haust og/eða vorferðir með félagsmiðstöðinni Klakanum og var engin undantekning þetta árið. 8. bekkur fór í haustferð í Skorradal þar sem gist var eina nótt. 9. bekkur fór í vorferð í Kjós og gistu eina nótt. Í lok skólaárs fóru nemendur 10. bekkjar í útskriftarferð. Ætlunin var að fara norður í Skagafjörð en breyta þurfti áætlun vegna veðurs. Í stað þess var farið á Suðurlandið þar sem gist var á Laugarvatni eina nótt. Dagskrá ferðarinnar var fjölbreytt en adrenalínarður, sund og hellaskoðun báru þar hæst. Árleg skíðaferð var farin til Dalvíkur dagana 11. – 14. mars. Allar þessar ferðir voru nýttar til hins ítrasta til að efla félagslegan þroska og umhverfisvitund.

Kór

Kór var starfræktur við skólann fyrir nemendur á miðstigi. Æfingar voru einu sinni í viku, klukkustund í senn. Æfingar hófust oftast á upphitun þar sem unnið var með líkamann í heild, öndun og að lokum röddina. Að upphitun lokinni voru æfð lög, flest valin af kórstjóra en auk þess fengu nemendur að koma með tillögur. Einu sinni á hvorri önn var svokallað „vídeókvöld“. Þá horfði kórinn saman á tónlistarkvikmynd og borðaði popp. Um mánaðarmótin maí/júní var gistigleði hjá kórnum. Þá gistu kórkrakkarnir í skólanum frá föstudegi til laugardags og notuðu tímann til að æfa fyrir vortónleika skólans auk þess að skemmta sér og leika saman. Tvennir tónleikar voru haldnir í vetur, jólatónleikar og vortónleikar. Auk þess söng kórinn við skólaslit í júní.

Húsnæði og viðhald Sjálandsskóla

Húsnæði skólans er vel nýtt. Á undanförnum árum hafa tvenn fatahengi verið fjarlægð og breytt í kennslusvæði. Við öll heimasvæði eru ræstikompur sem hafa verið breytt í geymslur fyrir tölvuvagna. Aðalútidyrarhurðin á vesturhlið var skipt út og sett hurð sem fullnægir kröfum um aðgengi fatlaðra með

rafopnun. Aðgengi fyrir fatlaða var tekið út af Römpum upp Ísland og fékk skólinn fullt hús stiga. Flasningar á glugga suðurhliðar unglingadeildar var lagfærður og leki til margra ára stöðvaður. Ef leka hefur orðið vart hefur verið brugðist hratt við og þakviðgerðarmenn mætt á staðinn og lagfært.

Utandyra var sett upp aparóla sem hefur verið mikið notuð. Fótboltavöllurinn sem oftast hefur verið eitt drullusvað var tekinn í gegn og sett gervigras á hann og tyrft í kring. Öryggisgirðing var sett á vegginn vestan við skólann og langleiðina meðfram göngustíg að bílastæði. Einnig var sett upp öryggisgirðing á vegg kringum rampinn niður í kjallara. Fyrsti áfangi að fyrirhuguðu sleppi hringtorgi við Löngulínu var gerður.

5 ára leikskóladeild hóf starfsemi í haust og er staðsett í íþróttahúsi skólans. Deildin samnýtir aðstöðu með Sælukoti auk kennsluáðstöðu á efri hæðinni. Hálfur búningsklefi karla við íþróttasal var breytt í fataklefa fyrir leikskóladeildina og veggur settur til að loka af yfir í hinn hluta klefans. Einnig voru settir upp skápar.

Ekki hefur verið hægt að viðhalda bóni á gólfi vegna útlána á skólanum yfir sumarið en matsalur og kaffistofa voru tekin í jólafríi og meirihluti neðri hæðarinnar verður bónaður í sumar. Tvö lausa fög hafa verið lagfærð. Nokkrir veggir voru málaðir og fleiri verða málaðir í sumar.

Mat á skólastarfinu

Skólapúlsinn

Nemendakönnun skólapúlsins er lögð fyrir úrtak nemenda í 6. – 10. bekk þrisvar á ári. Í úrtaki nemenda eru u.þ.b. 40 nemendur. Foreldrakönnun er lögð fyrir úrtak forráðafólks allra árganga annað hvert ár í febrúar. Búið er til 120 nemenda líkindaúrtak. Starfsmannakönnun er einnig lögð fyrir alla starfsmenn annað hvert ár. Í ár var skólapúlsinn lagður fyrir úrtak starfamanna. Á vef [Skólapúlsins](#) er að finna upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir kannakerfisins.

Nemendakönnun

Niðurstöður nemendakönnunar má sjá á neðan greindum töflum út frá þremur yfirflokkum: 1) Virkni nemenda í skólanum 2) Líðan og heilsa 3) Skóla- og bekkjarandi. Hver flokkur hefur 5 – 9 undirflokka. Að auki er einn flokkur fyrir opin svör sem eru ekki birt hér. Niðurstaða hvers þáttar er annað hvort meðaltal mæligilda á bilinu 1-9 eða hlutfall svaranda sem velja tiltekna svarmöguleika. Stjörnumerktaðar feitlettraðar tölur merkja að niðurstöður séu marktækt frábrugðnar landsmeðaltali. Túlka má mismun uppá 0,5 stig sem lítinn mun, mun uppá 1,0 stig sem töluverðan mun og mun upp á 1,5 stig og meira sem mikinn mun.

Töflurnar hér fyrir neðan sýna matsþætti, meðaltal skólans, fjölda nemenda sem tók þátt (N) breytingu skólans á viðkomandi þætti frá því í fyrra (Breyting), meðaltal landsins (Landið), fjölda nemenda sem tók þátt á landsvísu (N) og mismun milli meðaltals skólans og landsmeðaltals (Mismunur).

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,4	87	0,0	4,2	17.661	0,2
1.2. Þrautseigja í námi	4,3	89	-0,1	4,4	17.780	-0,1
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,3	89	-0,4	4,5	18.033	-0,2
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,3	88	-0,1	4,2	18.019	0,1
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,3	89	0,1	4,3	17.746	0,0
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,8	89	0,2	4,8	17.967	0,0
1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma	94,1%	80/85	-	80,3%	13920/17500	13,8%
1.8. Símanotkun á skólatíma	0,5 klst.	80	-	0,6 klst.	13.871	-0,1 klst.

Þegar flokkurinn *Virkni nemenda* er skoðaður má sjá að skólinn er yfir landsmeðaltali í tveimur þáttum, þ.e. í matsþáttunum *Ánægja af lestri* og *Ánægja af náttúrufræði*. Túlka má muninn sem lítinn mun. Aðrir matsþættir eru á eða rétt undir landsmeðaltali en ánægjulegt er að sjá að tveir matsþættir hækka innan skólans frá síðasta skólaári, þeir eru: *Trú á eigin námsgetu* og *Trú á eigin vinnubrögðum í námi*.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,3	89	0,2	4,3	17.675	0,0
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,3	89	0,1	4,3	17.611	0,0
2.3. Vellíðan	4,3	88	0,6	4,4	17.840	-0,1
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	25	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,5	88	-0,4	5,8	17.796	-0,3
2.6. Tíðni eineltis	17,0%	15/88	2,0%	15,2%	2787/17751	1,8%
2.7. Staðir eineltis	-	12	-	-	-	-
2.8. Í mataráskrift	57,6%	49/85	-	76,9%	13666/17613	-19,3%*
2.9. Oftast góður eða frekar góður matur	17,9%	10/56	-	40,1%	6029/14960	-22,2%*
2.10. Af hverju ertu ekki í mataráskrift	-	29	-	-	-	-
2.11. Ábendingar nemenda um matinn í skólanum	-	51	-	-	-	-

Þegar flokkurinn *Líðan og heilsa* er skoðaður má sjá að jákvæðar breytingar hafa orðið á fyrstu 5 matsþáttunum frá fyrra skólaári og eru þeir einnig á pari við landsmeðaltal. Nemendur eru óánægðir með Matartímann.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,7	88	0,3	4,8	17.518	-0,1
3.2. Samband nemenda við kennara	5,1	88	0,4	4,7	17.702	0,4*
3.3. Agi í tímum	5,2	87	0,7	4,7	17.681	0,5*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,8	87	0,0	4,8	17.592	0,0
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,1	87	0,2	4,8	17.608	0,3

Þegar flokkurinn *Skóla- og bekkjarandi* er skoðaður má sjá að skólinn er marktækt yfir landsmeðaltali í tveimur þáttum af 5, þ.e. í matsþáttunum *Samband nemenda við kennara* og *Agi í tímum*. Einnig er skólinn yfir landsmeðaltali í *Tíðni leiðsagnarmats*. Jákvæðar breytingar á öllum fimm matsþáttum frá fyrra skólaári.

Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun fór fram í mars og mælir 22 almenna þætti. Svarhlutfall var 70,2%.

Starfsmannakönnunin fer fram á netinu og er send á tölvupóstföng allra starfsmanna samkvæmt starfsmannalista sem tengiliður Skólapúlsins skilar inn í febrúar. Niðurstöðurnar eru svo birtar á vefsvæði þátttökuskólanna í apríl. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalniur (e. stanines). Staðalniur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalniukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Viðmið staðlaða kvarðans voru fastsett við fyrstu fyrirögn og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigerð viðhorf starfsfólks almennt við fyrstu fyrirögn. Í undantekningatilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun.

Viðmiðunarhópur þessarar rannsóknar samanstendur af svörum starfsmanna þeirra grunnskóla sem tóku þátt í könnuninni og náðu viðundandi svarhlutfalli. Skólarnir voru ólíkir af gerð og staðsetningu og í þeim var stór hluti allra starfsmanna grunnskóla á landinu. Öryggismörk í marktektarprófum eru 90%. Lágmarksvarhlutfall í hverjum skóla var 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf starfsfólks í skólanum. Niðurstöður skóla með lægra en 60% svarhlutfall eru ekki birtar.

Niðurstöður starfsmannakönnunar má sjá í neðan greindum töflum út frá sjö yfirflokkum. 1) Starfið 2) Starfsfólk 3) Vinnustaðurinn 4) Stjórnun 5) Kennarar – Kennarastarfið 6) Kennarar – Starfsumhverfi kennara 7) Kennarar – Símenntun kennara. Hver flokkur hefur 4- 11 undirflokka. Að auki er einn flokkur fyrir opin svör sem eru ekki birt hér.

1. Starfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	5,2	40	0,1	4,7	1.339	0,5*
1.2. Skýrleiki hlutverks	5,2	40	1,0	4,9	1.335	0,3
1.3. Ágreiningur um hlutverk	4,5	40	-0,4	4,8	1.339	-0,3
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	5,1	40	0,8	5,0	1.338	0,1

Þegar flokkurinn *Starfið* er skoðaður má sjá að marktækur munur mælist á vinnuálagi starfsmanna í Sjáländsskóla miðað við landið. Í matsþáttunum *Skýrleiki hlutverks*, *Ágreiningur um hlutverk* og *Jákvæðar áskoranir í starfi* eru jákvæðar breytingar frá síðustu könnun (2022) og eru þessir þrír þættir yfir landsmeðaltali.

2. Starfsfólk

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	5,4	38	0,7	4,9	1.319	0,5
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	5,2	38	0,4	4,9	1.320	0,3
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	5,3	38	0,1	4,9	1.317	0,4
2.4. Ræktun mannauðs	5,1	38	0,9	5,1	1.763	0,0
2.5. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	89,2%	33/37	6,7%	80,6%	999/1239	8,6%
2.6. Gagnsemi starfsmannaviðtals	90,6%	29/32	13,2%	88,8%	827/931	1,8%

Þegar flokkurinn *Starfsfólk* er skoðaður má sjá jákvæðar breytingar frá síðustu könnun (2022).

3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	5,9	38	0,8	5,2	1.309	0,7*
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	5,4	38	0,1	4,8	1.262	0,6*
3.3. Styttir vinnuviku	94,4%	34/36	-	83,8%	903/1077	10,6%
3.4. Ánægja með styttingu vinnuviku	55,9%	19/34	-	44,3%	399/900	11,6%
3.5. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,6	38	0,5	5,1	1.303	0,5
3.6. Stuðningur við nýsköpun	5,2	38	0,4	5,1	1.300	0,1
3.7. Mismunur	4,6	38	-0,3	4,7	1.302	-0,1
3.8. Einelti (þú)	2,6%	1/38	0,2%	4,2%	55/1322	-1,6%
3.9. Einelti (annar en þú)	5,3%	2/38	2,9%	10,7%	141/1314	-5,4%
3.10. Einelti (séð 2 eða fleiri lagðar í einelti)	0%	0/38	-2,4%	3,2%	42/1314	-3,2%
3.11. Kynferðisleg áreitni	0%	0/38	-	0,8%	10/1327	-0,8%

Þegar flokkurinn *Vinnustaðurinn* er skoðaður má sjá jákvæðar breytingar frá síðustu könnun (2022) og erum við yfir landsmeðaltali í öllum þáttum. Martækur jákvæður munur er á tveimur matsþáttum, þeir eru *Starfsandi* og *Ánægja með vinnuaðstöðu*.

4. Stjórnun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,1	38	0,0	5,3	1.674	-0,2
4.2. Samngjörn forysta næsta yfirmanns	5,4	38	0,2	5,3	1.671	0,1
4.3. Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	5,3	38	0,8	5,2	1.654	0,1
4.4. Stuðningur frá öðrum yfirmanni	5,4	38	-	5,0	573	0,4
4.5. Samngjörn forysta annars yfirmanns	5,2	38	-	4,9	570	0,3
4.6. Valdeflandi forysta annars yfirmanns	5,2	38	-	4,9	569	0,3

Þegar flokkurinn *Stjórnun* er skoðaður má sjá jákvæða breytingu frá síðustu könnun (2022) og er Sjálandsskóli yfir landsmeðaltali í öllum þáttum að undanskildum fyrsta matsþættinum.

5. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	6,0	23	1,3	5,1	1.261	0,9*
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	5,7	23	0,9	4,9	1.257	0,8*
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	5,9	23	-0,2	4,9	1.092	1,0*
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	43,2 mín	17	-1,2 mín	39,5 mín	1.075	3,7 mín
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	60,9%	14/23	-0,6%	67,4%	875/1299	-6,5%
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	47,6%	10/21	11,9%	47,3%	546/1155	0,3%
5.7. Hópavinna í bekk	15,0%	3/20	-29,0%	34,8%	392/1125	-19,8%
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	36,4%	8/22	4,4%	30,8%	377/1225	5,6%
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	63,6%	14/22	25,1%	54,4%	676/1243	9,2%
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	4,5%	1/22	-10,9%	13,2%	156/1181	-8,7%
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	77,3%	17/22	15,8%	77,0%	985/1280	0,3%

Þegar flokkurinn *Kennarar – Kennarastarfið* er skoðaður má sjá marktækan mun í þremur þáttum af 11. Þ.e. *Ánægja með kennarastarfið*, *Trú kennara skólans á eigin getu* og *Upplýsingamiðlun til foreldra*. Einnig má sjá jákvæðar breytingar í 6 matsþáttum frá síðustu könnu (2022).

6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	5,9	20	0,5	5,0	1.124	0,9*
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,9	21	1,0	5,1	1.116	0,8*
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	4,5	22	1,0	4,9	1.239	-0,4
6.4. Samráð um kennslu	5,1	23	-0,6	5,5	1.165	-0,4
6.5. Samvinna um kennslu	5,5	19	0,2	5,5	1.127	0,0

Þegar flokkurinn *Kennarar – Starfsumhverfi kennara* er skoðaður þá má sjá marktækan mun yfir landsmeðaltali í flokkunum *Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika* og *Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda*. Jákvæðar breytingar í fjórum þáttum af fimm frá síðustu könnun (2022).

7. Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	60,9%	14/23	12,9%	44,4%	523/1177	16,5%
7.2. Símenntunarbörf kennara	4,9	23	-0,7	5,4	1.182	-0,5
7.3. Símenntunarbörf kennara (annað)	-	0	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	52,2%	12/23	-18,2%	51,3%	615/1199	0,9%
7.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	23	-	-	-	-

Samstarf heimilis og skóla

Árangursríkt skólastarf byggir á góðri samvinnu og gagnkvæmu trausti heimilis og skóla. Það er mikilvægt að rækta þennan þátt enda eru foreldrar sterkasti mótunaraðili barna sinna. Rannsóknir sýna að börn sem alast upp við jákvætt viðhorf heimilis til skólans standa sig yfirleitt betur í námi. Í Sjálandsskóla hefur ávallt verið lögð mikil áhersla á samvinnu og upplýsingaflæði milli heimilis og skóla. Vefkerfið Námfús er notað sem vettvangur samskipta ásamt tölvupóstum, samtölum í gegnum síma og fundir í skóla eða í gegnum fjarfundabúnað. Forráðafólk getur bókað fundartíma hjá kennurum en kennarar geta ekki fundað með forráðafólki fyrirvaralaust.

Heimsóknir forráðafólks

Forráðafólk var sérstaklega boðið velkomið í Sjálandsskóla nokkrum sinnum á skólaárinu. Öllu forráðafólki var boðið í morgunsamveru 1. desember. Morgunsöngur var með hátíðarbrag og aðventukaffi á heimasvæðum árganga eftir samveru á sal.

Nemendur í 1. – 5. bekk settu upp leikrit og buðu forráðafólki á leiksýningar. 1. og 2. bekkur settu upp leikritið Dýrin í Hálsaskógi. 3. bekkur setti upp leikrit úr verkum Astrid Lindgren. 4. bekkur setti upp leikritið Annie. Unglingadeildin setti upp söngleikinn Grease. Auk þess var forráðafólki nemenda í unglingadeild boðið á vísindavöku og kynningar á vorverkefnum. Þá var forráðafólk, eins og ávallt, velkomið í skíðaferðir 1. – 7. bekkjar og göngu í Heiðmörk á vordögum. Þá var ákveðið að hafa skólaslit á sal og bjóða forráðafólk sérstaklega velkomið

Ánægjulegt var að sjá hversu margt forráðafólk sá sér fært að mæta á opna viðburðir og taka þátt í skólastarfinu.

Skólaráð

Skólaráð starfar samkvæmt 8. gr laga nr. 91/2008. Í reglugerð um grunnskóla kemur fram að við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er starfsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Skólastjóri situr í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra skulu sitja í ráðinu aðstoðarskólastjóri, tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélagsins.

Skólaárið 2023 - 2024 sátu í skólaráði Sjálandsskóla, Sesselja Þóra Gunnarsdóttir skólastjóri, Ósk Auðunsdóttir aðstoðarskólastjóri sem var ritari ráðsins. Fulltrúi nemenda var Erla Sólbjört Jónsdóttir,

fulltrúi foreldra var Áslaug Thelma Einarsdóttir. Fulltrúar kennara voru Guðrún Dóra Jónsdóttir og Ingunn Þóra Hallsdóttir, fulltrúi starfsfólks var Sigrún Lilja Traustadóttir og fulltrúi grenndarsamfélagsins var Tómas Þór Jacobsen. Helstu umfjöllunarefni skólaráðs voru skóladagatal, starfsáætlun, foreldrasamstarf, niðurstöður skólapúlsins, uppbrotsdagar og starfsmannahald.

Foreldrafélag Sjálandsskóla

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að við grunnskóla skuli starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og honum er einnig falið að sjá til þess að komið sé á samstarfi milli skóla og foreldra. Hlutverk foreldrafélags er að styðja við skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag Sjálandsskóla hefur sett sér starfsreglur, t.a.m. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu um fulltrúa í skólaráði. Í stjórn foreldrafélagsins sitja fimm fulltrúar foreldra. Þeir eru kosnir á aðalfundi. Stjórn foreldrafélags Sjálandsskóla fundar á 6-8 vikna fresti auk þess sem ýmis samskipti fara fram á rafrænan hátt.

Á aðalfundi foreldrafélags Sjálandsskóla haustið 2023 var kosið í stjórn. Margrét Helga Kristínar Stefánsdóttir er formaður, Sjöfn Vilhelmsdóttir gjaldkeri, Áslaug Thelma Einarsdóttir meðstjórnandi og fulltrúi í skólaráði.

Á starfsárinu bauð foreldrafélagið upp á tvo fyrirlestra fyrir forráðafólk, auk þess að standa fyrir umhverfisdegi fyrir nemendur og foreldra þar sem allir komu saman og plokkuðu og fengu ís.

Markmið foreldrafélagsins er að efla samstarf heimila og skólans þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með heill nemenda að leiðarljósi. Einnig er það samstarfsvettvangur foreldra til samráðs um það sem brennur á foreldrahópnum hverju sinni.

Ýmsar skýrslur

Í þessum kafla eru skýrslur umsjónarkennara í öllum árgöngum. Skýrslurnar eru allar byggðar upp með sama hætti. Fjallað er um helstu áherslur árgangsins, skipulag kennslu, námsmat, útikennslu/vettvangsferðir og þemu ásamt mati á skólastarfinu í heild. Í öllum tilvikum er vísað í kennsluáætlanir bekkja en allar kennsluáætlanir liggja á vef Sjálandsskóla undir námið - kennsluáætlanir.

Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk

Í lok skólaárs í 1. bekk voru 18 stúlkur og 6 drengir. Einn nemandi hætti í desember. Einn nemandi bættist við á skólaárinu í mars en hætti í apríl. Annar byrjar svo í maí. Bekknum var skipt upp í tvo umsjónarhópa. Umsjónarkennarar voru Svanhildur Margrét Ingvarsdóttir og Ásrún Rúnarsdóttir en Ásrún fór í veikindaleyfi 15. maí og þá kláraði Svanhildur skólaárið með bekkinn. Ingunn Þóra Hallsdóttir sérkennari kom að með lestrarkennslu 5 sinnum í viku í fyrstu kennslustund á morgnana, og íslenskupjálfun fyrir þá nemendur sem eru tvítyngdir. Hrafnhildur Sigurðardóttir verkefnastjóri á yngsta stigi og útikennsluráðgjafi kom einnig að hópnum. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru Guðrún Dóra Jónsdóttir í myndmennt, Fríða Agnarsdóttir hönnun og smíði, Eyrún Birna Jónsdóttir textílmenn, Ólafur Schram í tónmennt, Guðrún Sigríður Pálsdóttir í íþróttir og sund, Ólafur Schram kenndi svo þremur litlum hópum tónmennt tvisvar sinnum í viku.

Skipulag kennslu

Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, leikir, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar ásamt því að áhersla var lögð á einstaklingsmiðað nám. Útikennsla var í hverri viku 2 kennslustundir. Mikil áhersla var lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum. Unnið var út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp út frá þeim. Í upphafi dags voru viðfangsefni dagsins rædd og fengu nemendur stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins. Þemun sem tekin voru fyrir í ár voru skólinn, umhverfið og skólareglurnar, Fía Sól, tröll, jólaeikrit um jólasveinana eftir Jóhannes úr Kötlum, leikritið um Dýrin í Hálsaskógi, risaeðlur og lífið í sjónum. Í þemavinnu unnu nemendur ýmist í hópum eða í einstaklingsvinnu við ýmis mismunandi verkefni og voru nemendur virkir í þeirri vinnu. Tímarnir í útikennslu voru mikið notaðir til þess að æfa viðfangsefnin og auka fjölbreytnina. Sætaskipan á svæði var líka ákveðin með það í huga að börnin myndu kynnst sem flestum og þau myndu breyta um vinnuumhverfi reglulega.

Kennsluáætlanir 1. bekkjar

Má sjá á vef Sjálandsskóla. Kennsluáætlanir í íslensku, þema og upplýsinga- og tæknimennt gengu að mestu leyti upp. Áætlunin í stærðfræði hélt sér. Áætlunin er að breyta kennsluáætluninni á næsta ári þannig að hún æfi frekar ákveðin hæfniviðmið yfir ákveðið tímabil og sleppa því að setja niður blaðsíðutöl.

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús í janúar og júní. Lögð var fyrir stafa/lestrarkönnun í ágúst og síðan voru nemendur lestrarprófaðir með lesfimiþrófum frá MMS í september, janúar og maí. Tekin voru auka lestrarpróf vegna þróunarverkefnis sem Ólafur Schram var með nemendur á skólaárinu. Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru og voru viðmiðin í samræmi við markmið greinarinnar í *Aðalnámsskrá grunnskóla*. Einnig var þema metið með tilliti til vandvirkni, áhuga og samvinnu.

Útikennsla/ vettvangsferðir

Útikennsla var meðal annars tengd við þemun, þannig að unnið var með markmið úr viðkomandi þema úti. Reynt var að hafa útiverkefni fjölbreytt og nálgast þannig sem flest markmið *Aðalnámsskrár grunnskóla*. Útikennslan tókst vel og voru börnin mjög áhugasöm fyrir þeim verkefnum sem fyrir þau voru lögð. Það sem gert var í útikennslu var m.a.: Berjamó í Gálghraun, fjöruferðir í fjörunar hér í kring og Álftanes, útiöldun á skólalóðinni, týnt rusl, hjóla- og gönguferðir, unnið í samvinnuleikjum á skólalóð sem og ýmis stærðfræðiverkefni unnin í nágrenni skólans. Vorferð þessa skólaárs var farin í Heiðmörk þar sem gengin var ákveðin hringur. Útikennslan gekk vel, nemendur voru áhugasamir og fóru eftir settum reglum hverju sinni.

Þema

Í skólabyrjun var farið í þema um skólareglurnar, umhverfið í kringum skólann og starfsfólk. Markmið þemans var að nemendur kynntust sem best nýja skólanum sínum í upphafi skólaársins og gætu fundið sig örugga í nýjum umhverfi. Næsta þema var Fía Sól, þar sem foreldrar voru fengnir til þess að lesa og spjalla um bókina heima og síðan unnum við úr henni hér í skólanum. Þriðja þema annarinnar var um tröll þar sem við lásam Ástarsaga úr fjöllum og búið til tröll úr steinum sem við fundum út í fjöru í Hafnarfirði. Síðasta þema annarinnar var Jólaleikritið *Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum* sem var æft með 2. bekk og sýnt foreldrum og samnemendum. Eftir áramótin fórum við að æfa lögin úr Dýrunum í Hálsaskógi, sem var næsta þema, og búa til sviðsmynd ásamt 2. bekk, en þar var 1. bekkur í hlutverki kórsins og 2. bekkur sá um sjálft leikritið. Þemað tók lengri tíma en áætlað var en sýningar gengu vel. Leikritið var sýnt 2 sinnum. Næsta þema var um risaeðlur, en þá fræddust börnin um mismunandi risaeðlur og tímann sem þær voru til. Þau mældu stærðir, bjuggu til risaeðluspor úr þykkum blöðum í útikennslu sem þau svo krítuðu eftir á skólalóðinni. Síðasta þemað var *lífið í sjónum* þar sem nemendur kynntust mismunandi fjörum í nágrenni bæjarins, við fórum með nemendur á Hvalasafnið og sáum að það hentar ekki fyrir 1. bekk. Unnin voru ýmis verkefni á heimasvæði og í útikennslu. Í útikennslu fórum við m.a. í fjöruferð, bökuðum brauð á báli, hjólaferð að Vífilstöðum með 2. bekk og nokkrar gönguferðir í Gálghraun. Við fengum líka kennaranema til okkar í útikennsluna fyrir áramót sem voru með alls konar skemmtileg verkefni úti einnig var Svanhildur með kennaranema á vorönninni sem voru að fylgjast með lestrarkennslu.

Lífsleikni/bekkjafundir

Farið var í verkefni og klípusögur sem eru í lífsleikniverkefninu *Vínátta*. Unnið var með bangsann Blæ. Tvisvar á dag vorum við með 10 mínútna umsjónartíma sem við nýttum í að ræða bekkjarandann og leystum atvik sem komu upp.

Skemmtanir og félagslíf

Nemendur söfnuðu sér stigum og gátu unnið sér inn frjálsa tíma, sem þau gerðu 3 sinnum á árinu. Við fórum í skíðaferð saman upp í bláfjöll sem gekk mjög vel. Við höldum uppá Öskudaginn og Halloween með búningum og skemmtun á svæði.

Nýbreytni/ þróunarstarf

Við unnum með leikskólanum Sjálánda og 5 ára deildinni í Sjálálandsskóla sem við buðum hingað í nokkur skipti í lestrarvini á bókasafninu. Þau komu síðan í heimsókn til okkar í vorskóla.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og kennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf í tölvupósti. Foreldrum var birt námsmat í námfús í janúar og júní. Námskynning var í byrjun skólaárs þar sem mæting var mjög góð og þar var Ingunn með fyrirlestur/kynningu á lestarnámi barnanna. Foreldraviðtöl voru haldin tvisvar

á árinu. Kvan kom með fræðslu fyrir foreldra og kennara um bekkjaranda og mikilvægi þess að foreldrar tali saman og samstarf heimilis og skóla.

Mat á starfi vetrarins

Starfið í vetur gekk almennt vel. Nemendahópurinn var nokkuð vel samsettur og vann þau verkefni sem sett voru fyrir með áhuga og dugnaði. Nemendum gekk ágætlega að vinna saman og er þetta efni í samheldinn hóp. Mikil áhersla var lögð á grunnfærni í lestri, þar sem hann var þjálfður í minni hópum. Námsárangur var að jafnaði góður og stóðu nemendur sig vel í allri vinnu jafnt utandyra sem innan.

Ástundun

Fjöldi veikindadaga í 1. bekk skólaárið 2023 – 2024 voru 140 dagar og 43 stundir. Leyfis dagar voru 163 og 144 stundir. Nemendur voru fjarverandi 1 dag og 6 stundir á skólaárinu. Seinkomur voru 211.

Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk

Í 2. bekk byrjuðu 25 nemendur, 14 drengir og 11 stúlkur. Þegar það fór að gjósa í Grindavík bættust 4 nýir nemendur við, 2 stúlkur og 2 strákar. Þrjú þessara barna fóru frá okkur aftur um áramótin, en þá bættist nýr nemandi frá Grindavík við ásamt 2 nemendum úr öðrum skólum. Í lok skólaárs voru 29 nemendur, 14 stúlkur og 15 drengir. Umsjónarkennarar voru Rebekka Ólafsdóttir og Sigurbjörg Ósk H.Sigurðardóttir. Sérkennari var Ingunn Þóra Hallsdóttir. Stuðningsfulltrúar voru Dóra Þórisdóttir og á haustönn bættist Ásgerður M.Þorsteinsdóttir. Aðrir sem komu að hópnum voru Svanhildur og Ásrún (kennarar 1.bekkar) sem kenndu listir í listahringekju. Guðrún Dóra Jónsdóttir kenndi myndmennt, Fríða Agnarsdóttir kenndi hönnun og smíði, Eyrún Birna Jónsdóttir kenndi textílmennt. Ólafur Schram kenndi tónmennt, Gunna Sígga kenndi íþróttir og sund. Sigrún Lilja Traustadóttir þroskaþjálfari kom að nokkrum nemendum. Rósa Siemsen námsráðgjafi og Hrafnhildur Sigurðardóttir verkefnastjóri á yngsta stigi og útikennsluráðgjafi komu einnig að hópnum. Hrafnhildur sat með á flestum fundum með foreldrum.

Skipulag kennslu

Unnið var út frá hugmyndum um einstaklingsmiðað nám. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir, en hlutbundin vinna, bakkavinna leikir, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar. Útikennsla var í hverri viku í 2 kennslustundir. Mikil áhersla var lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum. Í upphafi dags voru viðfangsefni dagsins rædd og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins. Þemur sem tekin voru fyrir í ár voru: Skordýr, umferðin, jólapema, mismunandi fjölskyldur og sjálfsmýndin, mannlíkaminn og plöntur og gróður. Auk þess voru sett upp tvær leiksýningar, Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum í desember (jólapema) og Dýrin í Hálsaskógi í mars. Síðasta þemað um plöntur og gróður mætti afgangi þar sem leikritið tók lengri tíma en áætlað var, það varð því mjög stutt. Í þemavinnu unnu nemendur ýmist í hópum eða í einstaklingsvinnu við ýmis mismunandi verkefni og voru nemendur virkir í þeirri vinnu.

Stærðfræði og íslenska var unnin samkvæmt áætlun.

[Kennsluáætlanir](#) í íslensku, stærðfræði og þemum má sjá á vef Sjálandsskóla.

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús í janúar og júní. Nemendur voru lestrarprófaðir í september, janúar og maí. Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru og voru viðmiðin í samræmi við markmið greinarinnar í *Aðalnámsskrá grunnskóla*. Kannanir voru lagðar reglulega fyrir í íslensku og stærðfræði. Einnig var þema metið með tilliti til vandvirkni, áhuga og samvinnu.

Útikennsla/ vettvangsferðir

Útikennsla var m.a. tengd við markmið íslensku, stærðfræði og þemu, þannig að unnið var með hin ýmsu markmið sem hentaði betur að kenna úti. Reynt var að hafa útiverkefni fjölbreytt og nálgast þannig sem flest markmið aðalnámsskrár grunnskóla. Lögð var mikil áhersla á samvinnu og að taka tillit til annarra nemenda í útikennslunni í ár. Við fengum kennaranema til okkar sem sáu um skipulag útikennslunnar í október og nóvember. Útikennslan tókst yfirleitt vel og voru börnin mjög áhugasöm fyrir þeim verkefnum sem fyrir þau voru lögð. Það bar þó á því að sumir nemendur kæmu ekki í fatnaði í samræmi við veður. Farið var m.a. í Gálgahraun, í hjólaferðir og Grasagarðinn. Farið var í göngu upp á Mosfell en það var virkilega krefjandi fyrir marga að labba þar upp, sérstaklega fyrir 1. bekk. Mikið var unnið á skólalóðinni og í nærumhverfinu í ýmsum verkefnum. Ferðirnar gengu yfirleitt mjög vel, nemendur voru áhugasamir og flestir fóru eftir settum reglum hverju sinni.

Lífsleikni/ bekkjarfundir

Í lífsleikni hefur verið unnið mikið með sjálfsmyndina, bekkjarreglur, að virða mörk hvers annars og mikilvægi góðrar vináttu. Tilgangurinn er að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Einnig voru haldnir bekkjarfundir reglulega yfir veturinn, helst einu sinni í viku. Nokkrum nemendum var boðið upp á Art námsskeið eftir áramót til þess að eftir sjálfstraust og félagsfærni, það reyndist mjög vel.

Skemmtanir og félagslíf

Börnin sýndu Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum í desember. Foreldrar og ættingjar mættu á sýningu. Dýrin í Hálsaskógi var síðan sýnd í mars og þar sem nemendur voru með tvær sýningar. Eina fyrir fjölskyldur sínar og eina fyrir nemendur skólans. Á hverja sýningu mættu yfir 100 manns.

Nýbreytni/ þróunarstarf

Bakkavinna í stærðfræði þar sem unnið er út fyrir bókina.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og kennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf í tölvupósti. Foreldrum var birt námsmat í Námfús í desember og júní. Haldin var námskynning í byrjun skólaárs og formleg foreldraviðtöl tvisvar yfir veturinn. Ekki voru auglýstir sérstakir viðtalstímar en foreldrum var alltaf velkomið að hafa samband við kennara.

Mat á starfi vetrarins

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Hópurinn er hegðunarlega nokkuð þungur og þörf á góðum stuðningi. Námslega eru þau einnig mjög dreifð og stuðningur var vel nýttur til að geta komist til móts við ólíkar þarfir/getu. Hegðunarkerfið gulur, rauður, grænn var notað fyrir nokkra nemendur sem reyndist vel. Heilt yfir var nemendahópurinn góður og tókst okkur að vinna flest þau verkefni sem lagt var upp með í upphafi. Mikil áhersla var lögð á góðan bekkjaranda og unnið með nemendum í ýmsum samskipta og vinaverkefnum. Einnig var lögð mikil áhersla á grunnfærni í lestri. Miklar framfarir voru í lestri hjá nemendum yfir árið. Heimalestur og orðaskrift gekk að jafnaði vel. PALS paralestur var lagður fyrir á vorönn sem spannaði 12 vikur. Námsárangur var að jafnaði góður og stóðu nemendur sig vel í allri vinnu jafnt utandyra sem innan. Lestrartölur voru skráðar inn í Skólagáttina og Námfús.

Fjöldi veikindadaga í 2. bekk skólaárið 2023-2024 voru 142 dagar og 4 stundir, leyfis dagar voru 136 dagar og 121 stundir, seinkomur voru 68 skipti og fjarvistir voru 4 stundir.

Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk

Í 3. bekk byrjuðu 28 nemendur, 14 drengir og 14 stúlkur. Í desember komu þrjár stelpur úr Grindavík og síðan komu tvíbura drengir frá Tálknafirði. Frá janúar voru því 33 nemendur í 3. bekk. Um miðjan maí flutti ein stúlka úr hverfinu og skipti því um skóla. Skólaárið endaði því með 32 nemendum.

Umsjónarkennarar voru Sólveig K. Engilbertsdóttir og Þorlákur Rafnsson. Sérkennari var Ingunn Þóra Hallsdóttir og Ingilaug Erlingsdóttir. Stuðningsfulltrúar voru fyrir áramót Aron Snær Júlíusson, Unnur Friðriksdóttir, Ásgerður M. Þorsteinsdóttir og Steinþór Örn Helgason. Eftir áramót komu þær Hulda Alexandersdóttir og Rut Rebekka Hjartardóttir. Aðrir sem komu að hópnum voru Ólöf og Guðrún sem kenndu listir. Guðrún Dóra Jónsdóttir kenndi myndmennt, Fríða Agnarsdóttir kenndi hönnun og smíði, Eyrún Birna Jónsdóttir kenndi textílmenn. Ólafur Schram kenndi tónmennt, Gunna Sigga kenndi íþróttir og sund. Sigrún Lilja Traustadóttir þroskaþjálfari. Rósa Siemsen námsráðgjafi og Hrafnhildur Sigurðardóttir verkefnastjóri á yngsta stigi og útikennsluráðgjafi komu einnig að hópnum.

Skipulag kennslu

Unnið var út frá hugmyndum um einstaklingsmiðað nám. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, leikir, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar. Útikennsla var í hverri viku í 2 kennslustundir. Mikil áhersla var lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum. Í upphafi dags voru viðfangsefni dagsins rædd og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins. Þemur sem tekin voru fyrir í ár voru: Afríka, Astrid Lindgren, Húsdýr, Ísland, Jóláþema og Plöntur og gróður. Auk þess voru sett upp leiksýning Astrid Lindgren í mars. Í þemavinnu unnu nemendur ýmist í hópum eða í einstaklingsvinnu við ýmis mismunandi verkefni og voru nemendur virkir í þeirri vinnu.

Stærðfræði og íslenska var unnin samkvæmt áætlun.

[Kennsluáætlanir](#) í íslensku, stærðfræði og þemum má sjá á vef Sjáländsskóla.

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús í janúar og júní. Nemendur voru lestrarprófaðir í september, janúar og maí. Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru og voru viðmiðin í samræmi við markmið greinarinnar í *Aðalnámsskrá grunnskóla*. Kannanir voru lagðar reglulega fyrir í íslensku og stærðfræði. Einnig var þema metið með tilliti til vandvirkni, áhuga og samvinnu.

Útikennsla/ vettvangsferðir

Útikennsla var m.a. tengd við markmið íslensku, stærðfræði, þemu og heimilisfræði, þannig að unnið var með hin ýmsu markmið sem hentaði betur að kenna úti. Reynt var að hafa útiverkefni fjölbreytt og nálgast þannig sem flest markmið aðalnámsskrár grunnskóla. Lögð var mikil áhersla á samvinnu og að taka tillit til annarra nemenda í útikennslunni í ár. Útikennslan tókst yfirleitt vel og voru börnin mjög áhugasöm fyrir þeim verkefnum sem fyrir þau voru lögð. Það bar þó á því að sumir nemendur kæmu ekki í fatnaði í samræmi við veður. Farið var m.a. í Gálghraun, Hellisgerði, í hjólaferðir, á bókasafnið í Garðabæ, Íssbúð Huppu, á tónleika hjá Tónlistaskólanum í Garðabæ. Farið var í Heiðmörk. Mikið var unnið á skólalóðinni í ýmsum verkefnum. Ferðirnar gengu yfirleitt mjög vel, nemendur voru áhugasamir og flestir fóru eftir settum reglum hverju sinni.

Lífsleikni/ bekkjarfundir

Í lífsleikni hefur verið unnið með verkefni frá Kvan. Tilgangurinn er að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Einnig voru haldnir bekkjarfundir reglulega yfir veturinn.

Skemmtanir og félagslíf

Astrid Lindgren var sýnt í mars og þar sem nemendur voru með tvær sýningar. Eina fyrir fjölskyldur sínar og eina fyrir nemendur skólans.

Nýbreytni/ þróunarstarf

Annar kennari sótti KVAN námskeið

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og kennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf í tölvupósti. Foreldrum var birt námsmat í Námfús í desember og júní. Haldin var námskynning í byrjun skólaárs og formleg foreldraviðtöl tvisvar yfir veturinn. Ekki voru auglýstir sérstakir viðtalstímar en foreldrum var alltaf velkomið að hafa samband við kennara.

Mat á starfi vetrarins

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Heilt yfir var nemendahópurinn góður og tókst okkur að vinna flest þau verkefni sem lagt var upp með í upphafi. Mikil áhersla var lögð á góðan bekkjaranda og unnið með nemendum í ýmsum samskipta og vinaverkefnum. Rósa námsráðgjafi tók tíu stúlkur úr bekknum í lífsleiknitíma en í þeim fóru þær yfir samskipti innan stúlknaþópsins og margt fleira. Einnig var lögð mikil áhersla á grunnfærni í lestri. Námsárangur var að jafnaði góður og stóðu nemendur sig vel í allri vinnu jafnt utandyra sem innan. Í vetur lögðum við mikla áherslu á lestur og voru lestrarpróf í Menntamálastofnunnar notuð yfir skólaárið. Lestrartölur voru skráðar inn í Skólagáttina og Námfús. Miklar framfarir voru í lestri hjá nemendum. Heimalestur og orðaskrift gekk að jafnaði vel. PALS paralestur var lagður fyrir á vorönn sem spannaði 12 vikur.

Fjöldi veikindadaga í 2. bekk skólaárið 2022-2023 voru 158 dagar og 4 stundir, leyfis dagar voru 99 dagar og 13 stundir, seinkomur voru 93 skipti og fjarvistir voru 17 stundir.

Fjöldi veikindadaga í 3. bekk skólaárið 2023-2024 voru 148 dagar og 6 stundir, leyfis dagar voru 144 dagar og 155 stundir, seinkomur voru 226 skipti og fjarvistir voru 1 dagur og 50 stundir.

Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk

Í 4. bekk byrjuðu 26 nemendur, 12 drengir og 14 stúlkur. Í desember komu þrír drengir úr Grindavík. Frá janúar voru því 29 nemendur í 4. bekk. Um miðjan janúar hættu allir þrír drengir frá Grindavík og í maí flutti einn drengur úr hverfinu og skipti því um skóla. Skólaárið endaði því með 25 nemendum. Umsjónarkennarar voru Guðrún Arna Sigurðardóttir og Ólög Ruth Benediktsdóttir. Bekknum fylgdu tveir stuðningsfulltrúar, Hildur Eva Ásmundardóttir og Steinþór Örn Helgason. Stuðningsfulltrúar skiptu með sér verkum í kennslustundum. Eftir áramót var Hildur Eva ein sem stuðningur í bekk.

Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru Guðrún Dóra Jónsdóttir í myndmennt, Fríða Agnarsdóttir kenndi smíði, Eyrún Birna Jónsdóttir kenndi textílmennt, Ólafur Schram kenndi tónmennt og Guðrún Sigríður Pálsdóttir kenndi íþróttir og sund. Hildur Björg Jónsdóttir, Ingunn Þóra Hallsdóttir og Ingilaug Erlingsdóttir sérkennarar og Sigrún Lilja Traustadóttir þroskaþjálfari komu að hópnum varðandi sérkennslu og stuðning. Rósa Siemsen námsráðgjafi kom einnig að einstaka málum nemenda.

Skipulag kennslu

Nemendur voru í einum kennsluhópi í kennslustundum inni á heimasvæði. Þá var bekknum tvískipt í listgreinar, íþróttir og sund.

Unnið var út frá hugmyndum um leiðbeinandi kennsluhætti. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir. Útikennsla var í hverri viku, 2 kennslustundir hvert sinn. Nálgast má [kennsluáætlanir](#) varðandi skipulag á hverri námsgrein fyrir sig á heimasíðu Sjálandskóla undir flípanum námið.

Áhersla var lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum þegar því var komið við. Í útikennslu var lögð áhersla á sem flestar námsgreinar meðal þess sem tekið var fyrir í útikennslu var þema, stærðfræði, íslenska, landafræði og samvinnuleikir. Við skiptum reglulega um sætisfélaga í bekknum.

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús jafnóðum og kannanir og annað mat fór fram. Lokaeinkunn í hverju fagi er byggð á símati, en nemendur tóku einnig lokapróf í stærðfræði og íslensku. Nemendur voru lestrarprófaðir í september, janúar og maí. Kannanir voru lagðar reglulega fyrir til þess að meta nemendur og fylgjast með stöðu þeirra. Í lok hvers þema var þemað metið. Mismunandi mat var notað við mat á þema, t.d. sjálfsmat, könnun, mat á einstaklingsverkefnum og mat á samvinnuverkefnum. Fjölbreytt mat kom vel út fyrir nemendurna.

Útikennsla/ vettvangsferðir

Útikennsla er meðal annars tengd við þema, þannig að unnið var með markmið úr viðkomandi þema úti. Einnig lögðum við upp með að vinna með það efni sem til grundvallar var í stærðfræði, ensku og íslensku hverju sinni a.m.k. einu sinni í hverjum mánuði. Reynt var að hafa útiverkefni fjölbreytt. Útikennslan tókst vel og vorum við oftast heppin með veður. Nemendurnir voru flestir áhugasamir og vinnusamir. Það bar þó á því að nemendur komu oft ekki í fatnaði í samræmi við veður. Útikennsla var á miðvikudögum í tvær kennslustundir.

Í útikennslu notuðum við nærumhverfið mikið ásamt því að fara í styttri og lengri ferðir. Í nærumhverfinu má nefna heimsókn í Rauða krossinn, Góða Hirðinn, Perluna, Hellisgerði, ylströndina o.fl.. Vorleikarnir og fjallgöngur fóru fram í lok skólaársins og var yngsta stigið saman.

Bekkjarfundir

Bekkjarfundirnir voru haldnir af og til en mikið var rætt á mottu um hegðun og lífsleikni. Auk þess voru tímarnir nýttir þegar nemendur voru búnir að vinna sér inn umbun fyrir góða hegðun.

Skemmtanir og félagslíf

Ein bekkjaskemmtun var haldin á vegum bekkjarfulltrúa í tengslum við Halloween í október 2023.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og kennara. Kennari sendi út vikuleg fréttabréf í tölvupósti. Foreldrum var birt námsmat í Námfús eftir hverja könnun og hvert þema. Námssefniskynning var í byrjun skólaársins um leið og skólasetning og voru foreldrar ánægð með það fyrirkomulag. Foreldraviðtölin voru tvisvar yfir veturinn. Eins var haldið foreldrakvöld um haustið með deildarstjóra þar sem farið var yfir best og laga og var góð mæting.

Leikritið um Annie var sett upp hjá 4. bekk í ár og var foreldrum boðið á sýningu.

Ekki hafa verið auglýstir sérstakir viðtalstímar en foreldrar voru duglegir að hafa samband sérstaklega með tölvupósti ef þörf var á. Foreldrasamskiptin hafa verið góð og mikil í vetur.

Mat á starfi vetrarins

Starfið í vetur gekk almennt vel. Í vetur lögðum við mikla áherslu á lestur og voru lestrarpróf Menntamálastofnunnar notuð yfir skólaárið og fyllt inn í Skólagáttina. Heimalesturinn gekk heilt yfir

ágætlega. Áhersla var á lesskilning og gerð voru ýmiss verkefni tengd því og mikilvægt er að halda því áfram sem og áherslu á stafsetningu með upplestri. PALS var lagt fyrir um haustið og gekk það nokkuð vel, flestir nemendur bættu sig í lesskilningi. Í vetur lögðum við fyrir Orðarún lesskilningsprófið í október og svo aftur í apríl. Niðurstöður voru skráðar inn í Námfús. Mikilvægt er að fylgja því áfram eftir og skrá niðurstöður og mat á PALS aðferðinni til að meta áhrif hennar á nám nemandans.

Námið í vetur gekk vel en nemendur stóðu sig vel í flestu því sem þeir tóku sér fyrir hendur. Námsárangur var að jafnaði góður. Lestrartölur fóru upp hjá flestum nemendum í lok skólaársins. Það tókst að vinna flest þau verkefni sem lagt var upp með í upphafi. Nemendahópurinn var góður og samheldni góð þó stundum hafi borið á árekstrum. Í allan vetur var unnið með samskipti og sjálfstyrkingu. Áfram þarf að vinna með aga í kennslustundum.

Fjöldi skráðra veikindadaga í 4. bekk skólaárið 2023-2024 voru 217 dagar og 171 stundir og leyfis dagar voru 146 dagar og 206 stundir. Seinkomur voru 104 og fjarvistir 1 dagur og 26 stundir.

Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk

Í 5. bekk voru 28 nemendur, 18 drengir og 10 stúlkur. Umsjónarkennarar voru Margrét Líndal Steinpórsdóttir og Tinna Ástrún Grétarsdóttir. Sérkennari var Ingilaug Erlingsdóttir og Harpa Bjarnadóttir þroskaþjálfari. Stuðningsfulltrúar voru María Sól Jakobsdóttir (ágúst - mars), Niels Almar Sveinsson og Steinpór Örn Helgason (mars - maí).

Aðrir kennarar voru: Fríða Agnarsdóttir smíðakennsla, Davíð Örvar Ólafsson íþróttakennsla og Geirprúður Guðmundsdóttir sá um sundkennslu. Eyrún Birna Jónsdóttir kenndi textílmennt, Drífa Harðardóttir fjöllistir, Guðrún Dóra Jónsdóttir kenndi myndmennt og Ólafur Schram sá um tónmenntakennslu. Önnur fög en talin hafa verið upp hér að ofan voru í höndum umsjónarkennara. Rósa Siemsen námsráðgjafi ræddi við nemendur eftir óskum og ábendingum umsjónarkennara, foreldra eða að óskum nemendanna sjálfra.

Skipulag kennslu

Námsgreinar voru íslenska, stærðfræði, útikennsla, enska, saga, líffræði, náttúrufræði, eðlisfræði, samfélagsfræði, landafræði, upplýsingatækni og lífsleikni. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Náttúrufræði- og samfélagsfræði greinarnar voru allar kenndar í þemum. Hvert þema stóð yfir í 5 til 6 vikur í senn. Listir voru fastar í stundatöflu, fjórar 50 mínútna kennslustundir á viku, tónmennt var ein 50 mínútna kennslustund á viku, íþróttir voru ein 50 mínútna kennslustund á viku og sund einu sinni í viku, 40 mínútur í senn. Enska var kennd í 80 mín. á viku. Íslenskan var kennd fjórum sinnum í 50 mínútna kennslustundum á viku og stærðfræði fjórar 50 mínútna kennslustundir á viku. Lífsleikni var kennd einu sinni í viku 50 mín í senn. Tölvu- og upplýsingatækni var kennd í 50 mínútur á viku.

Mikil áhersla var lögð á heimalestur nemenda og námsmat gefið eftir hvern mánuð fyrir heimalestur. Heimalesturinn var skráður í rafrænt google doc skjal sem sent var á foreldra.

Foreldrar nemenda fengu áætlunarblað í pósti í byrjun hvernar viku um skipulag kennslu þeirrar viku.

Allar [kennsluáætlanir](#) 5. bekkjar má finna á sameign kennara, bæði skipulag fyrir kennara og það sem sett var á heimasíðu Sjáländsskóla (fyrir foreldra/forráðamenn).

Námsmat

Námsmat var fjölbreytt í öllum námsgreinum. Nemendur tóku bæði skrifleg og rafræn próf, gerðu einstaklings-, hópverkefni og fleira. Námsmat var birt jafnóðum á Námfús.

Íslenska

Í íslensku var meðal annars lögð áhersla á lestur, lesskilning, málfræði og stafsetningu. Nemendur fengu þjálfun í Pals og var tekið lesskilningsprófið Orðarún í upphafi Palsþjálfunar og eftir að Palsþjálfun lauk.

Lesfímipróf voru lögð fyrir í september, janúar og maí.

Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir í september og desember.

Stærðfræði

Í stærðfræði unnu nemendur með ákveðna námsþætti í lotum. Námsmat var tekið í lok hverrar námslotu. Loturnar voru samlagning og frádráttur, margföldun og deiling, rúmfræði og mælingar, almenn brot, tugabrot og prósentur og að lokum mynstur. Farið var vel yfir með nemendum sem ekki náðu hæfninni hvað þyrfti að bæta og leggja frekari áherslu á.

Einnig voru unnin voru fjölbreytt hópverkefni.

Þema

Þemu vetrarins voru Jörðin, Rafmagn, Helgileikur, Miðaldir, Fólkið í blokkinni og Ísland hér búum við. Unnin voru fjölbreytt verkefni þar sem meðal annars upplýsingatækni, íslensku og leiklist var samþætt við námið.

Í þemum var fjölbreytt námsmat en kannanir, hópverkefni, tilraunir, verkefnabækur og einstaklingsverkefni voru metin.

Enska

Í ensku var lögð áhersla á orðaforða og grunnatriði í málfræði.

Upplýsingatækni

Nemendur lærðu grunn í fingrasetningu og var áhersla lögð á að kenna nemendum á Google workspace. Nemendur bjuggu til rafrænar vinnumöppur á Google drive og vistuðu þar verkefni sín sem unnin voru á docs, sites, sheet og slides. Nemendur fengu kynningu á Google sites og bjuggu til heimasíðu. Nemendur gerðu einstaklingsverkefni, kynningu um þeirra áhugasvið sem reyndi á alla þá þætti sem þau höfðu lært í upplýsingatækni.

Nemendur notuðu Google - Classroom en mikið af verkefnum og fleiru var deilt þar með þeim.

Útikennsla

Útikennsla var föst í stundaskrá í 100 mínútur á viku. Viðfangsefni voru tengd þeimum, íslensku, stærðfræði og lífsleikni. Nemendur fóru í hjólaferðir, á ylströndina, í frísbíggolf og á kajak svo eitthvað sé nefnt. Vettvangsferðir voru nokkrar m.a. í Vísindasmiðju HÍ, HR, á Árbæjarsafn, í Lava Show og í Perluna.

Lífsleikni/ bekkjarfundir

Lífsleikni var kennd eina stund í viku og vann allur hópurinn ýmist saman eða skipt upp í hópa. Unnið var með Kvan verkfærakistuna frá Vöndu Sigurgeirsdóttur, Ég og sjálfsmyndin og Ertu til skiptis eftir því hvað viðfangsefnið var. Unnið var með samskipti, vináttu, tilfinningar, bekkjaranda, leiðtogahæfni og allt sem kom upp í skólafarfinu.

Skemmtanir og félagslíf

Félagsmiðstöðin Klakinn var með auglýstan tíma fyrir 5. bekk og var það vel sótt af nemendum. Mikil ánægja var með starfið hjá bæði nemendum og foreldrum. Farið var í skíðaferð í Bláfjöll með skólanum, ganga í Heiðmörk að vori til o.fl. 5. bekkur setti upp helgileikinn fyrir jólin og Fólkið í blokkinni á vorönn. Báðir leikþættir voru sýndir á sal fyrir foreldra og í morgunsöng fyrir aðra nemendur skólans. Í október var haldið Halloween ball á vegum bekkjarfulltrúanna sem heppnaðist mjög vel.

Foreldrasamstarf

Mjög gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu út fréttabréf á föstudögum með upplýsingum um starfið og áætlun komandi viku. Foreldrar höfðu mikil samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst eða símtöl í tengslum við nám, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál. Nemendur kláruðu áætlun heima ef þeir náðu því ekki í skólanum, misvel gekk þó að halda nemendum á áætlun og var eitthvað um að henni væri hliðrað. Foreldrar allra nemenda voru kallaðir á haustfund til að ræða hvernig best væri að halda bekkjarandanum góður og foreldrar drengja í bekknum voru kallaðir á fund með drengjum sínum til að ræða hegðun og samskipti.

Mat á starfi vetrarins

Veturinn gekk vel. Stökkið frá 4. bekk upp í 5. bekk er ansi stórt og voru nemendur misjafnlega í stakk búnir til að takast á við námsefnið til að byrja með. Við lögðum mikið upp úr því að kenna nemendum okkar skipulag. Nemendur fengu litaðar plastmöppur en hver námsgrein var ákveðin litur (stærðfræði - gulur). Við unnum með bekkjarandann, tilfinningar, samskipti, sjálfsmyndina og allt það sem tilheyrir að vera góður samfélagsþegn. Nokkrir nemendur fengu sérkennslu eða sérúrræði í sínu námi. Bæting var á leshraða frá hausti til vors en margir nemendur hefðu þurft að vera duglegri að lesa heima og eftirfylgni til foreldra mátt vera betri.

Bekkurinn setti upp helgileikinn í desember og fólkið í blokkinni í apríl og tókst það vel. Báðar sýningar voru sýndar fyrir nemendur og foreldra/forráðafólk á sal. Almenn virtist líðan nemenda góð, samskipti gengu ágætlega einhverjir pústrar urðu vegna fótboltans.

Ástundun nemenda: Í 5. bekk voru 115 veikindadagar skráðir og 33 stundir, 169 leyfis dagar og 198 stundir, 1 dagur í fjarvist og 13 fjarvistarstundir og 155 stundir í seinkomur.

Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk

Í 6. bekk voru 25 nemendur, 15 stúlkur og 10 drengir. Umsjónarkennarar fyrir áramót voru Geirprúður Guðmundsdóttir og Guðný Anna Vilhelmsdóttir og eftir áramót Geirprúður Guðmundsdóttir. Sérkennari var Drífa Lind Harðardóttir og Ingunn Þóra Hallsdóttir hluta af vetri. Proskapjálfi var Harpa Bjarnadóttir. Stuðningsfulltrúar voru Daníel Ísak Steinarsson, Gunnar Dan Hlynsson, Hjördís Þóra Elíasdóttir og Hafdís Hrönn Óttarsdóttir. Þau aðstoðuðu kennara með ýmis nemendamál sem tengdust bæði námi þeirra og hegðun.

Aðrir kennarar voru, Davíð Örvar Ólafsson sem kenndi íþróttir, Geirprúður Guðmundsdóttir sá um sundkennsluna, Eyrún Birna Jónsdóttir kenndi textílmennt, Guðrún Dóra Jónsdóttir myndmennt, Fríða Agnarsdóttir kenndi smíði, Drífa Lind Harðardóttir kenndi fjöllistir og Ólafur Schram sá um tónmenntakennslu. Önnur fög en talin hafa verið upp hér að ofan var í höndum umsjónarkennara. Rósa Siemsen námsráðgjafi og Drífa Lind Harðardóttir verkefnistjóri ræddu við nemendur eftir óskum og ábendingum umsjónarkennara, foreldra eða að óskum nemendanna sjálfra.

Skipulag kennslu

Námsgreinar voru íslenska, stærðfræði, útikennsla, enska og þema en það tengdist ýmsum námsgreinum s.s. samfélagsfræði, náttúrufraði, sögu, eðlifræði, landafræði, bókmenntum, heimilisfræði o.fl. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Hvert þema stóð yfir í 4 til 6 vikur í senn. Listir voru fastar í stundatöflu, þrjár og hálf klukkustund á viku og kennt í lotum, tónmennt var ein 50 mínútna kennslustund á viku, íþróttir voru tvisvar í viku, ein 40 mínútur í senn. Sund var kennt einu sinni í viku, 50 mínútur í senn. Enska var kennd í tvær kennslustundir á viku. Íslenska og stærðfræði voru með 5-6 kennslustundir á viku, hvor námsgrein fyrir sig. Upplýsingatækni var kennd einu sinni í viku í 50 mínútur og í samþættingu við þema, íslensku og stærðfræði. Í tölvu- og upplýsingamennt var lögð áhersla á almenna tölvukunnáttu og að nýta sér tölvur sem námstæki. Verkefni voru unnin í Chrome tölvum og var notast við forritin Docs, Sheets og Slides. Strax í byrjun haustannar var farið ítarlega yfir netöryggi og reglur varðandi tækjanotkun á skólatíma.

Mikil áhersla var lögð á heimalestur nemenda og námsmat gefið fyrir heimalestur. Nemendur fengu áætlunarblað í byrjun hverrar viku um skipulag kennslu þeirrar viku og á áætlunarblaðið áttu foreldrar að kvitta fyrir heimalestur.

Allar [kennsluáætlanir](#) 6. bekkjar má finna á heimasíðu Sjálandsskóla.

Námsmat

Í íslensku, stærðfræði og ensku var símat allan veturinn og var námsmat birt jafnóðum á Námfús. Í þemum var mismunandi námsmat, ýmist voru þemamöppur metnar, próf og verkefni í tölvum. Samkvæmt lestrarstefnu skólans voru lesfímipróf lögð fyrir í september, janúar og maí. Með áherslu á leiðbeinandi kennsluhætti sáu kennarar góð og metnaðarfull vinnubrögð hjá nemendum. Greinilegt er að mörgum nemendum finnst gott að nýta sér leiðbeinandi kennsluhætti, þeir hjálpa þeim í náminu, gefa þeim skýrari ramma og nemendur eru betur meðvitaðir um hvað til hvers ætlast er af þeim í hverju verkefni fyrir sig.

Útikennsla/ vettvangsferðir

Útikennsla var föst í stundaskrá á miðvikudögum í 100 mín. í senn. Viðfangsefni voru tengd þemum, íslensku og stærðfræði. Sem dæmi um viðfangsefni voru ýmsir námsleikir, s.s. ratleikir, útiöldun,

hjólaferðir, heimsókn í Norræna húsið og Árbæjarsafnið, frísbý golf ferð á Vífilstöðum og gönguferð í Heiðmörk og Maríuhellar skoðaðir.

Lífsleikni/ bekkjarfundir

Lífsleikni var kennd eina stund í viku þar sem nemendahópnum var ýmist skipt í tvennt eða allur hópurinn saman. Unnin voru fjölbreytt verkefni með áherslu á samskipti, vináttu og bekkjaranda. Í lífsleikni kom Rósa námsráðgjafi líka í heimsókn til okkar og fór yfir námstækni, vináttu og sjálfstraust í framhaldi af því að hún lagði fyrir könnun meðal nemenda um líðan og félagatengsl. Haldnir voru bekkjarfundir eins og þurfti.

Skemmtanir og félagslíf

Félagsmiðstöðin Klakinn var með auglýstan tíma fyrir 6. bekk og var það vel sótt af nemendum. Mikil ánægja var með starfið hjá bæði nemendum og foreldrum. Farið var í skíðaferð í Bláfjöll með skólanum, fjallganga að vori til o.fl.

Foreldrasamstarf

Almennt var gott samstarf á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennari sendi fréttabréf á föstudögum með upplýsingum um starfið og áætlun komandi viku. Foreldrar höfðu nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst eða símtöl í tengslum við vinnulotur, samskipti, líðan nemenda og ýmis önnur mál. Nemendur kláruðu áætlun heima ef þeir náðu því ekki í skólanum, misvel gekk þó að halda nemendum á áætlun og var eitthvað um að henni væri hliðrað.

Mat á starfi vetrarins

Ástundun nemenda: Í 6. bekk voru 206 veikindadagar og 77 stundir skráðar, 136 leyfis dagar og 324 stundir, 27 stund í fjarvist og 627 stundir í seinkomur.

Skýrsla umsjónarkennara í 7. Bekk

Í 7. bekk haustið 2023 voru 20 nemendur, 13 stúlkur og 7 drengir. Umsjónarkennari var Guðfinna Pétursdóttir. Ingilaug Erlingsdóttir var sérkennari og Harpa Bjarnadóttir þroskaþjálfari. Stuðningsfulltrúi var Hafdís Hrönn Óttarsdóttir. 2 drengir bættust við hópinn og voru nemendur því 22 talsins við skólalok.

Aðrir kennarar voru, Davíð Örvar Ólafsson sem kenndi íþróttir, Geirprúður Guðmundsdóttir sá um sundkennsluna, Eyrún Birna Jónsdóttir kenndi textílmenn, Guðrún Dóra Jónsdóttir myndmennt og Fríða Agnarsdóttir kenndi smíði. Ólafur Schram sá um tónmenntakennslu. Önnur fög en talin hafa verið upp hér að ofan voru í höndum umsjónarkennara. Rósa Siemsen námsráðgjafi og Drífa Lind Harðardóttir verkefnistjóri ræddu við nemendur eftir óskum og ábendingum umsjónarkennara, foreldra eða að óskum nemendanna sjálfra.

Skipulag kennslu

Námsgreinar voru íslenska, stærðfræði, útikennsla, enska, danska, þema sem tengdist ýmsum námsgreinum s.s. samfélagsfræði, náttúrufræði, sögu, eðlisfræði, landafræði, bókmenntum, heimilisfræði ofl. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Hvert þema stóð yfir í 4 til 6 vikur í senn. Listir voru fastar í stundatöflu, 4 kennslustundir á viku. Myndmennt og smíði var kennt í lotum en textílmenn var ein 45 mínútna kennslustund í viku. Tónmennt var ein 45 mínútna kennslustund á viku, íþróttir voru einu sinni í viku, 45 mínútur í senn. Sund var kennt

einu sinni í viku, 50 mínútur í senn. Enska og danska var kennt í tvær kennslustundir á viku. Íslenska og stærðfræði voru með 5-6 kennslustundir á viku, hvor námsgrein fyrir sig. Upplýsingatækni var ekki föst í stundatöflu en kennd í samþættingu við þema, íslensku, ensku og dönsku. Áhersla var lögð á almenna tölvukunnáttu og að nýta sér tölvur sem námstæki. Í Chrome tölvum var notast við forritin Docs, Sheets og Slides í gegnum Google Classroom. Strax í byrjun haustannar var farið yfir reglur varðandi tækjanotkun á skólatíma.

Mikil áhersla var lögð á heimalestur nemenda og námsmat gefið fyrir heimalestur. Nemendur fengu áætlunarblað í byrjun hverrar viku um skipulag kennslu þeirrar viku og á áætlunarblaðið áttu foreldrar að kvitta fyrir heimalestur.

Allar [kennsluáætlanir](#) 7. bekkjar má finna á heimasíðu Sjálálandsskóla.

Námsmat

Í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði var símat allan veturinn og var námsmat birt jafnóðum á Námfús. Í þemum var mismunandi námsmat, ýmist voru próf, heimaverkefni og hópaverkefni lögð fyrir ásamt sjálfsmati og jafningjamati. Samkvæmt lestrarstefnu voru allir nemendur 7. bekkjar lestrarprófaðir í september, janúar og maí. Með áherslu á leiðbeinandi kennsluhætti sáu kennarar góð og metnaðarfull vinnubrögð hjá nemendum. Greinilegt er að mörgum nemendum finnst gott að nýta sér leiðbeinandi kennsluhætti og það hjálpar þeim í náminu, gefur þeim skýrari ramma og nemendur eru betur meðvitaðir um hvað til hvers ætlast er af þeim í hverju verkefni fyrir sig.

Útikennsla/ vettvangsferðir

Útikennsla var föst á stundaskrá í 100 mínútur (2 kennslustundir) á þriðjudögum. Viðfangsefni voru tengd þemum, tungumálum, íslensku og stærðfræði. Í útikennslu var farið í hjólaferðir, heimsóknir á söfn, gönguferðir, siglt á kajak, útiöldun, farið í námsleiki og unnið námsefni á stöðvum á skólalóð.

Lífsleikni/ bekkjarfundir

Lífsleikni var fléttuð inn í hin námsfögin og hin ýmsu atvik í skólalífínu nýtt til að kenna lífsleikni og góðan bekkjaranda. Haldir voru bekkjarfundir eftir þörfum og nemendur hvattir til að brydda upp á atriðum og málum sem gætu átt erindi undir lífsleikni.

Skemmtanir og félagslíf

Nemendur 7. bekkjar fóru í vikuferð að Reykjum í Hrutafirði í október 2023. Umsjónarkennari og stuðningsfulltrúi bekkjarins fylgdu með og ferðin gekk vel. Nemendur til fyrirmyndar og skólanum til mikils sóma. Farið var í skíðaferð í Bláfjöll með skólanum og að vori stóð til að ganga upp á Esju með unglingastigi. Vegna slæms veðurs var þeirri ferð breytt og farið í Heiðmörk með miðstigið og 8. og 9. bekk.

Félagsmiðstöðin Klakinn hélt úti félagsstarfi fyrir nemendur en vegna smæðar hópsins voru þau fljótlega sameinuð með unglingadeild til að auka aðsókn. Í maí var haldin árshátíð sem nemendur skipulögðu í samstarfi við starfsmenn Klakans.

Foreldrasamstarf

Almennt var gott samstarf á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennari sendi fréttabréf á föstudögum með upplýsingum um starfið og áætlun komandi viku. Foreldrar höfðu nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst eða símtöl í tengslum við vinnulotur, samskipti, líðan nemenda og ýmis önnur mál. Að hausti til var haldinn foreldrafundur með það að markmiði að þétta hópinn og auka samstarf milli foreldra. Það gekk mjög vel og foreldrar mjög ánægðir með fundinn. Drífa Lind

Harðardóttir verkefnastjóri miðstigs og Hrafnhildur Sigurðardóttir verkefnastjóri yngsta stigs sáu um skipulagningu fundsins. Guðfinna Pétursdóttir umsjónarkennari sat einnig fundinn.

Mat á starfi vetrarins

Ástundun nemenda 2023-2024: Í 7. bekk voru 211 veikindadagar skráðir og 115 stundir, 86 leyfis dagar og 334 stundir, 14 dagar í fjarvist og 81 stundir. 45 stundir í seinkomur. Einn nemandi var mikið fjarverandi vegna skólaforðunar.

Skýrsla umsjónarkennara í 8. bekk

Í lok skólaárs voru nemendur 8. bekkjar, 7 stúlkur og 8 drengir. Umjónarkennarar bekkjarins voru tveir, Sigurlín Sumarliðadóttir frá ágúst fram í febrúar og Guðný Anna Vilhelmsdóttir frá febrúar til skólaloka.

Skipulag kennslu

Bekkjarkennsla var í árganginum. Allar kennsluáætlanir árgangsins er hægt að finna á vef Sjálálandsskóla.

Námsmat

Námsmat var birt jafnóðum í umsjónarkerfi Námfús jafnt og þétt yfir allt skólaárið.

Helstu áherslur hvernar námsgreinar

Stærðfræði var kennd í 4 – 5 vikna lotum. Í upphafi hvernar lotu fengu nemendur kennsluáætlun þar sem þeir gátu séð hæfniviðmiðin sem lögð voru til hliðsjónar í lokamati lotunnar, ásamt kennslufyrirkomulagi, verkefnaskilum og könnunum. Nemendur tóku próf í lok hvernar lotu.

Íslenska var kennd í 4 lotum í vetur. Við upphaf nýrrar lotu var unnið samkvæmt nýrri kennsluáætlun. Kennslan gekk að mestu samkvæmt áætlun.

Enskukennslan gekk nokkuð vel. Stuðst var við kennslubókina Spotlight 8 en einnig bókina A long walk to water og voru lotur brotnar upp með frammistöðuverkefnum. Námsmat var í formi kannana, kynninga, veggspjalda o.fl.

Danska var kennd 2 tíma í viku í 4 lotum yfir veturinn. Kennsla vetrarins í dönsku var byggð á áherslum Aðalnámskrár grunnskóla og markvisst var unnið með lesskilning, ritun, hlustun, menningarläsi, námshæfni, frásögn og samtal.

Lífsleiknikennslan í ár var í höndum Rósu, náms- og starfsráðgjafa. Kennt var einu sinni í viku. Markmið tímanna var að láta nemendur vinna verkefni sem snýr að þeirra eigin sjálfspekingu. Auk þess var einblínt á námstækni, sjálfsmynd, samskipti, nám og störf og forvarnir. Unnin voru bæði einstaklings- og hópaverkefni og var áhersla lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum.

Eftirtalin þemu voru kennd í 8. bekk á skólaárinu.

Jón Sigurðsson, lýðræði og tækni.

Markmið þemans var m.a. að nemendur fengu innsýn yfir þær aðstæður sem landsmenn bjuggu við í upphafi 20. aldar s.s. tækifæri þess og aðstæður með tilliti til umhverfispáttá, sem og að kynna sér ævi og störf Jóns Sigurðssonar. Farin var ferð í miðbæ Reykjavíkur þar sem nemendur fóru í ratleik með áherslu

á Jón Sigurðsson og gamlar byggingar. Nemendur skrifuðu stutta ritgerð um Jón Sigurðsson og var þá farið ítarlega í kennslu um heimildarskrif og notkun heimilda og gerð heimildaskráa.

Unnin voru verkefni tengt flutningum Íslendinga til Vesturheims, nýlendustefnum og mannsali fyrri tíma. Verkefni tengt því voru töluvert unnin í Google Earth og með myndrænni framsetningu.

Mannslíkaminn

Nemendur fræddust um líkamann sinn með áherslu á líffærafræði og kynfræðslu. Umræður var stór hluti af fræðslunni. Nemendur lásu og unnu verkefni úr bókinni Mannslíkaminn. Myndbönd bæði íslensk og norsk voru notuð til stuðnings námsefninu. Nemendur gerðu tvær krufningar þar sem líffæri úr svínum voru nýtt. Annars vegar var krufning á brjóstholslíffærum þar sem öndunarvegurinn var tekinn fyrir og hins vegar hjarta.

Lífheimurinn

Nemendur lásu og unnu verkefni úr bókinni Lífheimurinn. Nemendur fengu innlöggn í hverjum kafla með sýningu á kennslumyndböndum sem gaf góða raun. Töluvert var um hópverkefni og verklegar athuganir. Farið var í fjöruferð þar sem nemendur náðu í lífverur og skoðuðu í víðsjá. Sveppir og fléttur voru skoðaðar bæði úti og í skólastofunni. Plöntufrumur voru skoðaðar í smásjá. Nemendur lærðu undirstöðuatriði þess að skoða lífverur í víð- og smásjá og setja á sýnagler. Sjávarlífverur s.s. krabbar, fiskar og kolkrabbar voru skoðaðar með tilliti til búsvæðis og lifnaðarháttá.

Um víða veröld – Jörðin

Nemendur lásu og unnu verkefni úr bókinni Um víða veröld. Unnin voru einstaklings- og hópverkefni þar sem reyndi á upplýsingaöflun, framsetningu og framsögn.

Ferðir

Að hausti fór bekkurinn í Skorradal þar sem gist var eina nótt. Tilgangur ferðarinnar var að hrista hópinn saman.

Hópurinn fór í skíðaferð til Dalvíkur með unglingadeildinni í mars.

Nemendur tóku þátt á vordögum í hreinsunarátaki Sjálandsskóla.

Við lok skólaársins var farið í göngu í Heiðmörk ásamt nemendum 5. - 9. bekkjar. Fyrirhugað var að fara með 7. – 9. bekk á Esjuna en vegna veðurs var farið í Heiðmörk með miðstigi.

Fyrirlestrar/ heimsóknir

Nemendur sáu stuttmyndina *Myndin af mér* sem hefur það markmið að vekja athygli á stafrænu kynferðisofbeldi, skýra mörkin milli kynlífs og ofbeldis ásamt því að leggja áherslu á samþykki og ábyrgð í öllum nánum samskiptum, hvort sem þau gerast í netheimum eða raunheimum. Nemendur horfðu einnig á myndina *Fáðu já!* sem fjallar um heilbrigð sambönd og mikilvægi þess að fá samþykki í nánum samböndum. Unnið var með kynheilbrigði og forvarnir í síðustu lotu vetrarins og verður unnið að því að koma því efni markvissara inn í lífsleiknikennslu unglingadeildar.

Nemendur fengu *Sjúk ást* fræðslu á vegum Stígamóta sem Rósa námsráðgjafi og Tommi forstöðumaður Klakans sjá um árlega. Einnig fengu nemendur heilsufyrirlestur frá Loga Geirs á uppbrotsdegi í mars um *að halda sér réttu megin í lífinu, markmiðasetningu, mataræði, sjálfstraust, hugarfar og fleira sem hefur áhrif á eigin árangur*. Logi talaði hispurslaust um að taka ábyrgð á eigin lífi og náði vel til unglinganna sem hlustuðu af athygli.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf var töluvert. Það var nokkuð um fundi með einstökum foreldrum en einnig mikið um tölvusamskipti og símtöl.

Mat á starfi vetrarins

Skólaárið gekk í heildina ágætlega. Nemendahópurinn er ólíkur bæði hvað varðar námslega og félagslega þætti. Reynt var eftir bestu getu að taka tillit til þessara þátta s.s. með aðlöguðu námsefni og vali í verkefnavinnu.

Skýrsla umsjónarkennara í 9. bekk

Í 9. bekk voru skráðir 22 nemendur í byrjun haust. 11 drengir og 11 stúlkur. 1 drengur var í sérúrræði og kom ekki í bekkinn fyrr en með vorinu. 1 stúlka bættist við tímabundið í haust frá Grindavík en fór svo í annan skóla. Umsjónarkennari var Helga Ósk Hreinsdóttir.

Skipulag kennslu

Bekkjarkennsla var í árganginum.

[Kennsluáætlanir](#) bekkjarins má finna á heimasíðu skóla í öllum námsgreinum.

Ensukennslan gekk nokkuð vel og gekk áætlun að mestu eftir. Þrír nemendur voru á einstaklingsnámskrá og var námsefni og verkefni aðlöguð eftir þörfum. Kennsla var byggð á Spotlight 9 en nemendur lásu tvær kjörbækur yfir veturinn. Annars vegar *The Amazing Maurice and his Educated Rodents* og svo bók af eigin vali. Nemendur unnu kynningar, veggspjöld, dagbók o.fl. Mikil áhersla var lögð á ritun, frásögn og að vinna skapandi með tungumálið. Þrír nemendur voru á einstaklingsnámskrá.

Lífsleiknikennslan í ár var í höndum Rósu, náms- og starfsráðgjafa. Kennt var einu sinni í viku. Markmið tímanna var að láta nemendur vinna verkefni sem snýr að þeirra eigin sjálfsþekkingu. Auk þess var einblínt á fjölbreytileikann, kynheilbrigði og samskipti. Nemendur unnu einnig verkefni tengd störfum og atvinnulífi.

Íslenska var kennd í 4 lotum yfir veturinn. Kennsluáætlun var afhent við upphaf hvernar lotu og henni fylgt að jafnaði eftir. Nemendur lásu *Laxdælu* og höfðu almennt ánægju af. Einnig lásu nemendur bókina *Akam*, ég og Annika. Það voru kennaraskipti tvisvar yfir skólaárið í íslensku.

Danska var kennd 3 tíma í viku í 4 lotum yfir veturinn. Kennsla gekk vel fyrir sig en átta nemendur úr hópnum sóttu ekki dönskutíma. Þrír nemendur voru ekki í Dönsku og fengu auka vinnustund í staðinn.

Þema gekk vel og var hópurninn áhugasamur um þau verkefni sem lögð voru fyrir hann. Fjölbreytt verkefni voru lögð fyrir hópinn, jafnt einstaklingslega og hópverkefni. Fjölbreyttar bækur og verkefni voru unnin þennan vetur. Allir nemendur bekkjarins sátu tímana en 3 nemendur fengu aðlöguð verkefni.

Stærðfræði var kennd í 4 lotum yfir veturinn. Kennsluáætlun var afhent við upphaf hverrar lotu og henni fylgt að jafnaði eftir. Mikilvægt var fyrir nemendur að fylgja áætlun og vinna vel heima. Tveir nemendur voru á einstaklingsnámsskrá.

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús jafnóðum yfir árið. Unnið var með leiðsagnar- og símat í öllum fögum. Hvert verkefni og próf var tengt tilgreindu hæfniviðmiði. Lögð var áhersla á að námsmat endurspeglaði sem best þau hæfniviðmið sem sett eru fram í Aðalnámsskrá.

Ferðir og útikennsla

Haustferð var farin við upphaf skólaárs í Guðmundarlund. Farin var skíðaferð á Dalvík dagana 13. – 16. mars. Vorferð 9. bekkjar var farin í Kjós og gíst þar eina nótt. Í lok skólaárs var gengið á Esjuna. Allar þessar ferðir voru nýttar til hins ítrasta til að efla félagslegan þroska og umhverfisvitund.

Fyrirlestrar/ heimsóknir

Nemendur fengu Sjúk ást fræðslu á vegum Stígamóta sem Rósa námsráðgjafi og Tómas forstöðumaður Klakans sjá um árlega. Hjúkrunarfræðingur hélt 80 mín fræðslu um kynheilbrigði. Samtökin 78 voru með fræðslu.

Nýbreytni/ þróunarstarf

Foreldraviðtöl á vorönn voru nemendastýrð sem var nýbreytni og er ætlunin að halda því áfram næsta vetur.

Foreldrasamstarf

Við skólasetningu voru foreldrar og nemendur boðaðir inn og farið yfir skólareglur. Sérstök áhersla var lögð á kröfur um ástundun. Það var mikið um fundi með einstökum foreldrum en einnig þó nokkuð um tölvusamskipti og símtöl.

Mat á starfi vetrarins

Starf vetrarins gekk í heild ágætlega. Námslega náðu sumir nemendur góðum árangri en stór hluti þarf að taka sig á eða fara í aðlagð efni næsta vetur. Taka þarf á umgengni og mætingu næsta vetur. Yfirleitt ríktu góð samskipti og virðing meðal nemenda og starfsmanna.

Skýrsla umsjónarkennara í 10. bekk

Úr 10. bekk útskrifuðust 31. nemandi, 10 stúlkur og 21 drengir. Umsjónarkennarar voru Arngerður Jónsdóttir og Erna Sif Auðunsdóttir

Skipulag kennslu

Bekkjarkennsla var í árganginum.

[Kennsluáætlanir](#) bekkjarins má finna á heimasíðu skóla í öllum námsgreinum.

Enskukennslan gekk nokkuð vel og gekk áætlun að mestu eftir. Kennari var Helga Ósk Hreinsdóttir. Fjórir nemendur voru á einstaklingsnámsskrá og var námsefni og verkefni aðlagð eftir þörfum. Kennsla var

byggð á kennslubókinni Spotlight 10 en einnig var bókin The Wave lesin auk þess sem unnið var að ýmsum frammistöðuverkefnum svo sem kynningum, veggspjöldum, dagbók, bókaskýrslum, leikrit lesið o.fl. Mikil áhersla var lögð á frásögn og að vinna skapandi með tungumálið.

Íslenska var kennd í 4 lotum yfir veturinn. Kennsluáætlun var afhent við upphaf hverrar lotu og henni fylgt að jafnaði eftir. Nemendur lásu Gísla Sögu Súrssonar og Grafarþögn og höfðu almennt ánægju af. Unnið var með ýmsa bókmenntatexta úr bókinnir Logar og áhersla lögð á málfræði. Kennarar voru Sigurlín Sumarliðadóttir og Guðný Anna Vilhelmsdóttir.

Danska var kennd 3 tíma í viku í 4 lotum yfir veturinn. Kennsla gekk vel fyrir sig en sjö nemendur úr hópnum sóttu ekki dönskutíma. Áhersla var lögð á frásögn og lesskilning. Kennari var Tómas Þór Jacobsen.

Þema gekk vel og var hópurnir áhugasamir um þau verkefni sem lögð voru fyrir hann. Fjölbreytt verkefni voru lögð fyrir hópinn, jafnt einstaklings sem hópverkefni. Fjölbreyttar bækur og verkefni voru unnin þennan vetur. Kennsluáætlanir fyrir [þema](#) eru á heimasíðu Sjálandsskóla. Allir nemendur bekkjarins sátu tímana en fjórir nemendur fengu aðlöguð verkefni. Fimm nemendur lentu í fyrsta og öðru sæti í keppninni *Greindu betur* á vegum Hagstofu Íslands og sendu jafnframt verkefni inn í evrópsku tölfræðikeppnina. Nokkrir nemendur fengu líka verðlaun í keppninni *Ungt umhverfisfréttafólk*. Þrír nemendur lentu þar í öðru sæti og einn nemandi fékk verðlaun í floknum *Val unga fólksins*.

Stærðfræði var kennd í 4 lotum yfir veturinn. Kennsluáætlun var afhent við upphaf hverrar lotu og henni fylgt að jafnaði eftir. Mikilvægt var fyrir nemendur að fylgja áætlun og vinna vel heima. Fjórir nemendur fylgdu einstaklingsnámskrá.

Náms- og starfsfræðsla var í höndum Rósu Siemsen, náms- og starfsráðgjafa. Kennt var tvisvar sinnum í viku, einn tíma í senn. Nemendur unnu fjölbreytt verkefni sem fólu í sér sjálfsskoðun og ýmsar hugleiðingar varðandi nám og atvinnulíf. Nemendur fengu kynningu á þeim skólum sem bjóða upp á nám á framhaldsskólastigi og námsframboði ásamt kynningu á innritunarferlinu sjálfu.

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús jafnóðum yfir árið. Unnið var með leiðsagnar og símat í öllum fögum. Hvert verkefni og próf var tengt tilgreindu hæfniviðmiði. Lögð var áhersla á að námsmat endurspegladi sem best þau hæfniviðmið sem sett eru fram í Aðalnámskrá.

Ferðir og útikennsla

Haustferð var farin við upphaf skólaárs í Guðmundarlund. Sýningin Vatnið í náttúru Íslands í Perlunni var heimsótt á öskudag. Farin var skíðaferð á Dalvík dagana 11.- 14. mars. Í lok skólaárs var farið í útskriftarferð. Ætlunin var að fara norður í Skagafjörð en breyta þurfti áætlun vegna veðurs. Í stað þess var farið á Suðurlandið þar sem gíst var á Laugarvatni eina nótt. Dagskrá ferðarinnar var fjölbreytt en adrenalínarður, sund og hellaskoðun báru þar hæst. Allar þessar ferðir voru nýttar til hins ítrasta til að efla félagslegan þroska og umhverfisvitund.

Fyrirlestrar/ heimsóknir

Nemendur fengu Sjúk ást fræðslu á vegum Stígamóta sem Rósa námsráðgjafi og Tómas forstöðumaður Klakans héldu utanum. Bekkurinn fékk fræðslu frá skólahjúkrunarfræðingi um heilsu og líðan.

Nýbreytni/ þróunarstarf

Foreldraviðtöl á vorönn voru höfð með nýju sniði og voru þau nemendastýrð að hluta. Fyrirkomulagið gekk ágætlega fyrir sig en margir nemendur gátu ekki tileinkað sér nýtt fyrirkomulag.

Foreldrasamstarf

Foreldrar mættu vel á skólasetningu þar sem farið var yfir veturinn, námið, skólareglur og fleira. Foreldrasamstarf var töluvert. Það var nokkuð um fundi með einstökum foreldrum en einnig mikið um tölvusamskipti og símtöl.

Mat á starfi vetrarins

Starf vetrarins gekk ágætlega í heildina. Námslega náðu margir nemendur góðum árangri í vetur. Yfirleitt ríktu góð samskipti og virðing meðal nemenda og starfsmanna.

Skýrsla kennara í íþróttum

1. - 4. bekkur

Helstu markmið

Almenn markmið með íþróttakennslunni í 1.-4. bekk í Sjálandsskóla er fyrst og fremst að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í gegnum fjölbreyttar æfingar og leiki. Einnig að allir fái eitthvað við sitt hæfi, að íþróttakennslan sé fjölbreytt, að nemendur fái stundum að velja hvað þeir gera í tímum og að stundum sé frjáls hreyfing. Einnig er markmiðið á að kynna ýmsa tegund hreyfingar fyrir nemendum hvort sem um er að ræða íþróttagrein eða almenna hreyfingu. Rík áhersla er lögð á að nemendur geti verið sjálfstæðir við eigin íþróttaiðkun óháð því hvað hópurinn gerir eða hvað honum finnst. Að síðustu er mikil áhersla lögð á samvinnu og að aðstoða og hvetja félag sína áfram.

Tími og tölulegar upplýsingar

Nemendur í 1. – 4.bekk fengu eina kennslustund á viku, tveir hópar, 2 x 40 mín. Frá ágúst fram til lok september og frá maí fram í júní var nær eingöngu um útiþróttir að ræða. Tókum hjólaæfingar á skólalóð í maí. Annars voru nemendur inni í íþróttasal yfir háveturinn. Í 1. bekk voru 24 nemendur, í 2. bekk voru 29 nemendur, í 3. bekk voru 33 nemendur og í 4. bekk voru 25 nemendur.

Viðfangsefni

Með tilliti til nemendahópsins og aðstæðna til íþróttakennslu var lögð áhersla á eftirfarandi þætti í íþróttum í vetur: Þolþjálfun í gegnum hlaup, leiki og aðrar íþróttagreinar. Styrktarþjálfun var m.a. í gegnum stöðvapþjálfun. Liðleikþjálfun í gegnum teygjur. Boltaíþróttir, danskennsla í 4.bekk, litlir boltaleikir eins og ýmis afbrigði af skotbolta, brennibolta og kúló. Frjálsar íþróttir, spretthlaup, kúla, spjót, þrístökk og langstökk. Ratleikir, frjálsir tímar og hinn sívinsæli Tarzanleikur. Nemendur fengu stundum að velja hvaða leiki var farið í eða hvað var gert í tímum. Teknar voru markvissar hjólaæfingar og leikir og farið yfir helstu atriði sem þarf að hafa í huga þegar farið er að hjóla. Viðfangsefni í íþróttum eru fjölbreytt og það sem við gerðum í vetur er ekki allt upptalið hér að framan. Heimsókn er einu sinni á ári, á vorönn (í janúar), frá elsta hópi á leikskólanum Sjálandi.

Kennsluaðferðir

Við undirbúning námsskipulags var farið eftir námsmarkmiðum aðalnámskrár í íþróttum, líkams- og heilsurækt og var þeim náð að mestu leyti. Þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám, ýmiskonar stöðvabjálfun. Í byrjun hvernar annar rýnir íþróttakennari í aðalnámskrá grunnskóla og rifja upp hvaða þætti er gott að hafa í huga þegar kennsluáætlun er útbúin. Grunnurinn er ávallt sá sami á tímaseðlum þ.e. upphitun, aðalþáttur og lok. Jafnt og þétt yfir önnina er áætlunin endurskoðuð með tilliti til getu og áhugasviðs hópans, hvað virkar vel og hvað á eftir að fara betur í. Íslenska og stærðfræði var samþætt við íþróttir í gegnum ratleiki og svipaða leiki. Einnig tengdust íþróttir sameiginlegum viðburðum eins og íþróttadögum og gróðursetningardegi.

Námsgögn og efni

Þær bækur sem eru til og þau áhöld sem eru í íþróttageymslunni. Tónlist var stundum spiluð í íþróttum.

Námsmat

Virgni áhugi og samvinna er metin. Nemendur í 1. og 2. bekk tóku engin próf. Þar var virkni og mæting í tíma metinn. Hjá nemendum í 3. og 4. bekk var mældur árangur í 6 mín hlaupi, einnig var hreyfifærni mæld og skoðuð í langstökki án atrennu, sipp ofl. Íþróttapróf voru haldin í nóvember og mars. Krakkarnir tóku 1 km útihlaupapróf, hlaupapróf inni 6 mín hlaup í íþróttasalnum, þar sem þau hlaupa í kringum kassa sem er 15x27m í salnum, eins marga hringi og þau geta og 50 m spretthlaup inni. Þrekpróf og þátttaka og virkni í tímum metin. Börnin eru metin úr þessum þáttum sem birt er í námfús eftir hverja önn.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur

Íþróttakennslan gekk vel í vetur. Nemendahópar voru misþungir. Nemendur í 4. bekk lærðu gömlu dansana og kennari tók þá upp á síma og sendi foreldrum. Það er gott að vera með tímana í samfellu til að hægt sé að nýta uppsett áhöld. Það tekur 20 mín að stilla upp góðri þrautabraut og örlítið styttri tíma að taka hana niður með aðstoð nemenda. Í maí voru nemendur eingöngu í hjólaæfingum á skólalóð. Heilt yfir fannst íþróttakennara kennslan takast vel í vetur og hafði hann mjög gaman af að kenna þessum kappsfulla, fjölbreytta og skemmtilega nemendahópi

5. - 7. bekkur

Helstu markmið

Markmið með íþróttakennslu í 5.-7. bekk er að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í íþróttatímum, kynnist fjölmörgum íþróttagreinum í gegnum æfingar og leiki. Einnig að undirbúa og kenna nemendum að hugsa vel um líkama sinn og leiðbeina þeim að æfa sig í að gera æfingar og hreyfingar á réttan hátt. Íþróttakennslan er einnig undirbúningur og kynning á íþróttagreinum sem nemendur geta svo stundað sjálfir, annað hvort í hóp- eða einstaklingsíþróttum. Að auki er lagt áhersla á að nemendur vinni saman og hjálpi hvor öðrum í kennslunni, aðstoða og hvetja. Annaðhvort er að um að ræða fyrirfram ákveðna íþróttatíma en einnig er svokallaðir frjálsir tímar þar sem nemendur geta valið hvað þeir gera sjálfir með áherslu á hreyfingu.

Tími og tölulegar upplýsingar

Nemendur í 5. bekk fengu 1x 50 mín íþróttatíma á viku, tveir hópar 28 nemendur. 6. bekkur fékk einn 50 mín íþróttatíma, einn hópur. 25 nemendur Fyrirkomulagið í 7. bekk voru einn hópur einu sinni í viku, 1x40 mín.. Blandaðir hópar 22 nemendur.

Viðfangsefni

Viðfangsefni vetrarins voru margvísleg, boltaleikir, útihlaup, leikir, ratleikir, stöðvabjálfun, frjálsar íþróttir, badminton, blak og golf svo eitthvað sé nefnt. Áhersla var lögð á að kynna fyrir nemendum þolþjálfun og var útihlaup og stöðvabjálfun notað til þess. Upphitunarleikir s.s stórfiskaleikur, stórt skip lítið skip, 12345 dimmalimm. Brennó, skotbolti, kýló og sparkó eru góðir leikir og fá nemendur til að hlaupa með skemmtilegum hætti. Boltaleikir ýmiss konar voru einnig notaðir mikið. Áhersla var á að hita vel upp og bæta úthald og þol nemenda.

Kennsluaðferðir

Íþróttakennari gerir grófa kennsluáætlun út frá aðalnámskrá grunnskóla fyrir skólaárið og reynir að fara eftir henni eins og kostur er. Samvinnuleikir eins og reipitog, boðhlaup og ratleikir eru notaðir til að láta hópana vinna saman og hjálpast að. Þessir leikir eru oft mjög hvetjandi og kenna krökkunum að vinna sem ein heild.

Námsgögn og efni

Íþróttakennari notar bækur um íþróttakennslu sem til eru í skólanum og eru gefnar útaf námsgagnastofnun, áhöldin eru í geymslunni okkar og fleira í íþróttarými.

Námsmat

Íþróttapróf og mælingar voru haldin í september, apríl og maí. Krakkarnir tóku hlaupapróf, 1,8 km útihlaup, Olíshringurinn. Stöðvabjálfunarhringur og þátttaka og virkni í tímum var einnig metið. Krakkarnir fá svo námsmat úr þessum þáttum og virkni í tímum. Farið var í flestar íþróttagreinar í vetur, bæði bolta- og aðrar íþróttagreinar.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur

Hóparstærðir voru góðar. Gekk mjög vel með hópana í vetur. Þrátt fyrir að þau voru ekki nógu dugleg að mæta með íþróttaföt. Þurfum að taka betur á því næsta vetur.

8. - 10. bekkur

Helstu markmið

Markmið með íþróttakennslu í 8.-10. bekk er að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í íþróttatímum, kynnast fjölmörgum íþróttagreinum í gegnum æfingar og leiki. Einnig að undirbúa og kenna nemendum að hugsa vel um líkama sinn og leiðbeina þeim að æfa sig í að gera æfingar og hreyfingar á réttan hátt. Íþróttakennslan er einnig undirbúningur og kynning á íþróttagreinum sem nemendur geta svo stundað sjálfir, annað hvort í hóp- eða einstaklingsíþróttum. Einnig er lagt áhersla á að nemendur vinna saman og hjálpi hvor öðrum í kennslunni, aðstoða og hvetja. Annaðhvort er að um að ræða fyrirfram ákveðna íþróttatíma en einnig er svokallaðir frjálsir tímar þar sem nemendur geta valið hvað þeir gera með áherslu á hreyfingu.

Tími og tölulegar upplýsingar

Kennslustundir voru í 40-60 mín á viku í íþróttum hjá unglingadeild. Allir nemendur fengu einn 40 mín tíma og einn 60 mín tíma í viku. Nemendum var skipt í hópa eftir bekkjum. Í 8. bekk voru 15 nemendur. Í 9. bekk voru 22 nemendur, í 10. bekk voru 30 nemendur.

Viðfangsefni

Viðfangsefni vetrarins voru margvísleg, boltaleikir, útihlaup, leikir, ratleikir, stöðvabjálfun, frjálsar íþróttir, badminton, blak og golf svo eitthvað sé nefnt. Áhersla var lögð á að kynna fyrir nemendum þolþjálfun og var útihlaup og stöðvabjálfun notað til þess. Upphitunarleikir s.s stórfiskaleikur, stórt skip lítið skip, 12345 dimmalimm. Brennó, skotbolti, kýló og sparkó eru góðir leikir og fá nemendur til að hlaupa með

skemmtilegum hætti. Boltaleikir ýmiss konar voru einnig notaðir mikið. Áhersla var á að hita vel upp og bæta úthald og þol nemenda.

Kennsluaðferðir

Íþróttakennari gerir grófa kennsluáætlun út frá aðalnámskrá grunnskóla fyrir skólaárið og reynir að fara eftir henni eins og kostur er. Samvinnuleikir eins og reipitog, boðhlaup og ratleikir eru notaðir til að láta hópana vinna saman og hjálpast að. Þessir leikir eru oft mjög hvetjandi og kenna krökkunum að vinna sem ein heild.

Námsgögn og efni

Íþróttakennari notar bækur um íþróttakennslu sem til eru í skólanum og eru gefnar útaf námsgagnastofnun, áhöldin eru í geymslunni okkar og fleira í íþróttarými.

Námsmat

Íþróttapróf og mælingar voru haldin í september, apríl og maí. Krakkarnir tóku hlaupapróf, 1,8 km útihlaup, Olíshringurinn. Einnig langstökk án atrennu og 30 sek sipppróf. Stöðvaþjálfunarhringur og þátttaka og virkni í tímum er metið til einkunnar. Krakkarnir fá svo námsmat úr þessum þáttum og virkni í tímum. Farið var í flestar íþróttagreinar í vetur, bæði bolta- og síðan aðrar íþróttagreinar.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur

Hópastærðir voru fínar í 8. og 9.bekk en að hafa 30 nemendur í 10.bekk alla á sama tíma er of mikið í þessum sal. Nemendur sem mættu ekki með íþróttaföt fóru í göngutúra og er aukning í því frá því í fyrra.

Skýrsla kennara í sundi

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd, hreyfi sig og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni. Allir nemendur fara einu sinni í viku í sund í 40 mín en misjafnt er hvort tímarnir eru kynjaskiptir eða ekki.

Uppbygging kennslu

1. bekkur – Að nemendum líði vel í vatni og öðlist öryggi í því í gegnum æfingar og leiki. Eins að nemendur læri og tileinki sér þær reglur sem gilda fyrir, eftir og í sundtímanum.
2. bekkur - Að nemendur fari eftir þeim öryggis-, skipulags- og umgengnisreglum sem gilda á sundstað.
3. bekkur – Að nemendur fái frekari kennslu í undaðferðunum fimm: bringu-, skólabak-, skrið-, bak- og flugsundi.
4. bekkur – Að nemendur læri að vinna saman, beri virðingu fyrir getu hvers annars, geti farið eftir reglum í leikjum og tekist á við sigra og töp.
5. bekkur – Að nemendur átti sig á mikilvægi hreinlætis tengt sundiðkun og geri sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisreglna.
6. bekkur – Að nemendur efli leikni, styrk og þol.
7. bekkur – Að nemendur þjálfist frekar í undaðferðunum (bringu-, bak-, skrið-, björgunar-, flug- og skólabaksund), geti nýtt sér sund sem eina tegund þolþjálfunar og geti bjargað jafningja á sundi stutta sundleið.

8. bekkur - Að nemendur geti sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í sundi og gert og framkvæmt eigin þjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna prófa.

9. bekkur - Að nemendur skilji mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilji mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitssemi í tengslum við góðan árangur í sundi.

10. bekkur - Að nemendur geti tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna, brugðist við óvæntum aðstæðum og bjargað sér í vatni og öðrum.

Kennsluaðferðir

Ýmsar kennsluaðferðir eru hafðar að leiðarljósi í sundkennslunni til að auka fjölbreytnina eins og samvirkt nám, paravinna, einstaklingsmiðað nám, uppgötvunarnám, leikir, verklegar æfingar, sýnikennsla, útlistunarkennsla svo eitthvað sé nefnt.

Námsmat

Námsmat er birt í Námfús. Nemendur taka ákveðin próf í hverjum árgangi sem miðast að því hvað er kennt á hverju aldurstigi. Þetta kemur fram í kennsluáætlunum.

Aðstaða

Kennt er í 12,5m innisundlaug í Sjálandsskóla.

Annað

Finna má [kennsluáætlanir](#) í sundi inni á heimasíðu Sjálandsskóla.

Mat á starfi vetrarins

Sundtímarnir gengu heilt yfir mjög vel í vetur Hópastærðin gekk upp í flestum árgöngum. Þar sem það koma skyndileg aukning á nemendum þegar vel var liðið á vorönnina í 3.bekk skiptum við þeim upp í þrjá sundhópa í stað tveggja. Sérkennslan í sundi í vetur. 2.bekkur – 1 nemandi (4 tímar) – 4.bekkur – 1 nemandi (4 tímar) – 5.bekkur – 6 nemendur (17 tímar) – 7.bekkur – 1 nemandi (1 tímar) .

Á miðstigi gekk sundið vel – 15 nemendur voru í 5.bekk. Hefði þurft að passa stærð hópa miðað við stærð sundlaugar.

Í unglingadeild var boðið upp á að klára 25 - 27 tíma og öll sundpróf og eftir það þyrftu nemendur ekki að mæta í sund. Þeir sem mæta mættu en hinir ekki, munum halda þessu áfram næsta vetur. Í vetur var 10.bekkur í sundi í síðasta skipt

Skýrsla kennara í hönnun og smíði 2022 – 2023

Helstu markmið

Í hönnun og smíði er unnið eftir markmiðum aðalnámsskrár grunnskóla. Áhersla er lögð á að nemendur vinni fjölbreytt og skapandi verkefni sem henta áhuga og þroska hvers og eins.

Uppbygging kennslu

Námið byggist á verklegum verkefnum nemenda. Lögð er áhersla á að nemendur bæti við þekkingu og getu, og vinni hver og einn á sínum hraða og með sinni getu.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst eru notaðar eru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námsefni

Námsgögn eru áhöld og efniviður sem henta nemendum hverju sinni og eru til staðar í smíðastofunni. Stuðst er við hugmyndir af netinu og efni frá kennara haft til hliðsjónar. Námsmat er birt í Námfús eftir hverja lotu og gefið er í A, B+, B, C+, C og D, auk þess fá nemendur leiðsagnamat þegar við á. Metið er eftir hæfniviðmiðum aðalnámsskrár.

Aðstaða

Smíðastofa skólans er stór og góð og einnig vel búin tækjum og tólum. Smíðastofan hentar vel fyrir 12 nemendur en með ýmsum tilfæringum er hægt að koma allt að 14 nemendum fyrir. Í flestum árgöngum náðist að hafa fjölda nemenda innan marka en fjöldinn fór þó upp í 15 í amk tveimur hópum sem getur verið hættulegt auk skertrar einstaklingskennslu og aðstoðar þegar tillit er tekið til greinarinnar.

Verkefni vetrarins

1.bekkur

- Blómapottaskraut; sagað, pússað og málað/litað.
- Skopparakringla
- Flugvél úr þvottaklemmu og íspinnaprikum
- Hrista (hljóðfæri)
- Svarteningur

Mat á starfi vetrarins

Starfið með 1. bekk gekk mjög vel í vetur. Nemendunum var skipt í tvo hópa með 12 nemendum í hóp. Í janúar fóru allir nemendur í 1. og 2. bekk í þriggja vikna þemavinnu þar sem list- og verkgreinar unnu saman við uppsetningu á Dýrunum í Hálsaskógi. Nemendur bjuggu til búninga, gerðu leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum.

2.bekkur

- Fugl; sagað, pússað og málað.
- Ugla
- Minnismiðaklemma (því miður náðu ekki allir að gera)
- Bátur m/trémótor
- Naglamynd með stafnum sínum

Mat á starfi vetrarins

Starfið með 2. bekk gekk þokkalega í vetur. Nemendunum var skipt í tvo hópa með 15 nemendum í hvorum hóp og var það ansi krefjandi. Krafðist það einfaldari verkefna sem hægt var að stýra sæmilega og sameina vinnustöðvar á. Í janúar fóru allir nemendur í 1. og 2. bekk í þriggja vikna þemavinnu þar sem list- og verkgreinar unnu saman við uppsetningu á Dýrunum í Hálsaskógi. Nemendur bjuggu til búninga, gerðu leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum.

3.bekkur

- Smjörhnífur
- Spaði með gati og kúlu í bandi
- Teygjubíll
- Brauðbretti

Mat á starfi vetrarins

Fyrir áramót var nemendum var skipt upp í 2 hópa með 14 nemendum í hóp. Hóparnir voru stórir og krefjandi, þannig oft var erfitt að ná að vinna flókin og krefjandi verkefni. Eftir áramót bættust svo fleiri nemendur í bekkinn og var breyting gerð, nemendum var þá skipt upp í 3 hópa með 11 nemendum í hóp. Mun betur gekk að vinna með hópana við þessa breytingu og var því hægt að sinna hverjum og einum mun betur.

4.bekkur

- Hér búa
- Krítartafla (því miður náðu ekki allir að gera eða klára)
- Eldhúsrúllu standur

Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt upp í tvo hópa með 12-13 nemendum í hóp. Starfið með 4. bekk gekk nokkuð vel í vetur.

5.bekkur

- Stjarnan mín
- Leikfang á hjólum.
- Eldhúsrúllustandur
- Púsl

Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt upp í tvo hópa með 14 nemendum í hóp. Vinnan gekk þokkalega og voru hóparnir stórir og krefjandi. Á þessum aldri hefði maður vilja setja flóknari og meira krefjandi verkefni inn en það gekk ekki eftir.

6.bekkur

- Púsl
- Lyklakippa/hálsmen úr plasti
- Spegill með mósaíkramma
- Símastrandur
- Sparibaukur

Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt í tvo hópa með 12-13 nemendum. Nemendahópurinn í heild sinni var mjög áhugasamur og vinnusamur þó í lok skólaárs hafi metnaðurinn og áhuginn aðeins dvínað ýmist sökum þreitu eða unglingaveikin að ná tökum á þeim.

7.bekkur

- Fljúgandi vera
- Kubbadagatal
- Spagetty mælir
- Hringur úr málmi
- Frjáls verkefni

Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt upp í 2 hópa með 11 nemendum. Starfið gekk mjög vel. Nemendur í 7.bekk voru mjög áhugasamir og unnu flest öll verkefni sín vel. Þessi hópastærð hentar mjög vel og hægt er þá að sinna hverjum og einum vel og hafa flóknari verkefni.

Valgreinar í 8. – 10.bekk

- Hönnun og gerð nytjahluta
- Lampagerð

Mat á starfi vetrarins

Listgreinar á unglingastigi voru kenndar í vali. Í öðru valinu voru 12 nemendur sem er í það mesta þegar tillit er tekið til umfang verkefna sem maður vill leggja fyrir þau og sem þau vilja gera. Í hinu voru 6 og var það fullkominn fjöldi þó það hefði alveg gengið að vera með allt að 10. Verkefni eru orðin mun meira krefjandi bæði fyrir nemendurnar og kennarann á þessum tímapunkti. Frekari upplýsingar um val og [kennsluáætlanir](#) má finna á vef Sjálálandsskóla.

Skýrsla kennara í myndmennt

Í myndmennt í er unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Áhersla er lögð á að nemendur vinni fjölbreytt og skapandi verkefni sem henta áhuga og þroska hvers og eins.

Uppbygging kennslu

Námið byggist á verklegum verkefnum nemenda, tilraunum og æfingum. Lögð er áhersla á að nemendur bæti við þekkingu og getu, og vinni hver og einn á sínum hraða og með sinni getu.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst eru notaðar eru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námsefni

Námsgögn eru áhöld og efniviður sem henta nemendum hverju sinni og eru til staðar í myndmenntastofunni. Stuðst er við hugmyndir af netinu og efni frá kennara haft til hliðsjónar. Námsmat

er birt í Námfús eftir hverja lotu gefið er í A, B+, B, C+, C og D, auk þess fá nemendur leiðsagnamat þegar við á. Metið er eftir hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár.

Aðstaða

Myndmenntastofa skólans er stór og góð og einnig vel búin tækjum og tólum. Ef stórir hópar eru þá er svæði fyrir framan listgreinastofurnar einnig notað.

Verkefni vetrarins

1. bekkur

- Safnmappa
- Teikning, sjálfsmynd
- Formfræði, fiðrildi
- Mótun, höndin mín
- Litafræði, tilraunir
- Formfræði, skopparakringla

Mat á starfi vetrarins

Starfið með 1.bekk gekk vel í vetur. Nemendunum var skipt í 2 hópa með 12 nemendum í hóp. Í janúar fóru allir nemendur í 1. og 2. bekk í þriggja vikna þemavinnu þar sem list- og verkgreinar unnu saman við uppsetningu á Dýrunum í Hálsaskógi. Nemendur bjuggu til búninga, gerðu leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum.

2. bekkur

Verkefni vetrarins

- Safnmappa, leturgerð
- Litafræði tilraunir og litahringurinn
- Mótun, sjálfsmynd
- Þrykk, áferð og klippimynd
- Tilraunir, skrapmynd
- Teikning og vatnslitun, fjölskyldan mín

Mat á starfi vetrarins

Starfið með 2.bekk gekk ágætlega í vetur. Nemendunum var skipt í 2 hópa með 15 nemendum í hverjum hóp. Erfitt var að vera með krefjandi verkefni í svo stórum hóp. Kennslunni var skipt upp þannig að helmingur af hópnum var í einfaldari verkefnum á meðan hinn helmingurinn vann krefjandi verkefni eftir kennsluáætlun sem þurfti meiri aðstoð við. Í janúar fóru allir nemendur í 1. og 2. bekk í þriggja vikna þemavinnu þar sem list- og verkgreinar unnu saman við uppsetningu á Dýrunum í Hálsaskógi. Nemendur bjuggu til búninga, gerðu leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum.

3. bekkur

Verkefni vetrarins

- Safnmappa, leturgerð
- Teikning, myndbygging
- Litafræði, heitir og kaldir litir
- Teikning, uppstilling

- Mótun, húsdýr

Mat á starfi vetrarins

Fyrir áramót var nemendum var skipt upp í 2 hópa með 14 nemendum í hóp. Hóparnir voru stórir og krefjandi, þannig oft var erfitt að ná að vinna flókin krefjandi verkefni með þessum hóp. Eftir áramót var breyting gerð, þannig að nemendum var skipt upp í 3 hópa með 11 nemendum í hóp. Mun betur gekk að vinna með hópana við þessa breytingu.

4. bekkur

Verkefni vetrarins

- Safnmappa, leturgerð
- Litafræði, litatónar
- Mótun, teikning, fígúra
- Listamaður, Van Gogh

Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt upp í 2 hópa með 12-13 nemendum í hóp. Starfið og vinnan gekk vel í vetur með þessum nemendum.

5. bekkur

Verkefni vetrarins

- Safnmappa, leturgerð
- Teikning, 1 punkta fjarvídd
- Teikning og vatnslitun, speglun
- Teiknimyndasögugerð
- Mótun og mynstur, askur

Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt upp í 2 hópa með 14 nemendum í hóp. Vinnan með 5.bekk gekk ágætlega í vetur. Nemendahópurinn var nokkuð krefjandi og þurfti að skipta hópnum í tvennt til að hægt væri að kenna krefjandi verkefni þar sem nemendur þurftu mikla aðstoð. Verkefni á móti var þá einfalt þar sem nemendur gátu unnið sjálfstætt.

6. bekkur

Verkefni vetrarins

- Safnmappa, leturgerð
- Listamaður, teikning og málun – Louisa Matthíasdóttir
- Listamaður og teikning – Jón Baldur Hlíðberg
- Mótun, Ásmundur Sveinsson
- Teikning, fjarvídd ofan frá
- Klippimynd

Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt upp í 2 hópa með 12-13 nemendum. Þessir hópur er mjög áhugasamur um allt sem fyrir þau er borið. Þau vinna vel og eru til fyrirmyndar.

7. bekkur

Verkefni vetrarins

- Safnmappa, leturgerð
- Kubbur – op list
- Teikning og mótun, fjall
- Litafræði
- Mona Lisa
- Teikning, 2.punkta fjarvídd

Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt upp í 2 hópa með 11 nemendum. Starfið gekk mjög vel. Nemendur í 7.bekk voru mjög áhugasamir og unnu verkefni sín vel.

8. - 10.bekkur

- Mótun
- Teikning
- Vatnslitun
- Myndmennt 1
- Myndmennt 2
- Myndmennt 3
- Myndmennt 4

Mat á starfi vetrarins

Listgreinar á unglingastigi voru kenndar í vali. Upplýsingar um val og [kennsluáætlanir](#) má finna á vef Sjálandsskóla.

Skýrsla kennara í textílmennt

Í textílmennt í er unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Áhersla er lögð á að nemendur vinni fjölbreytt og skapandi verkefni sem henta áhuga og þroska hvers og eins.

Uppbygging kennslu

Námið byggist á verklegum verkefnum nemenda, tilraunum og æfingum. Lögð er áhersla á að nemendur bæti við þekkingu og getu, og vinni hver og einn á sínum hraða og með sinni getu.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst eru notaðar eru innlagnir, sýnikennsla og verklegar æfingar. Nemendur eru hvattir til sjálfstæðra vinnubragða, en þó leiddir áfram með leiðbeinandi kennsluháttum.

Námsefni

Námsgögn eru áhöld og efniviður sem henta nemendum hverju sinni og eru til staðar í textílstofunni. Stuðst er við hugmyndir af netinu og efni frá kennara haft til hliðsjónar. Námsmat er birt í Námfús eftir hverja lotu gefið er í A, B+, B, C+, C og D, auk þess fá nemendur leiðsagnamat þegar við á. Metið er eftir hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár.

Aðstaða

Textílstofa skólans vel búin tækjum og efni. Mikil áhersla er á endurnýtingu efnis sem tekur stundum mikið pláss. Æskilegt er að hafa aðgang að svæðinu fyrir framan listgreinastofurnar til að vinna stærri verkefni og geta dreift nemendum.

Kennarar

Eyrún Birna Jónsdóttir sá um textílkennslu skólans, í fjarveru Silju Kristjánsdóttur sem var í námsleyfi.

Verkefni vetrarins

1. bekkur

- Vefnaður fugl
- Dúskablóm
- Þræðispor í stafadúk

Mat á starfi vetrarins

Starfið með 1. bekk gekk vel í vetur. Nemendunum var skipt í 2 hópa með 12 nemendum í hóp. Áhersla var lögð á notalegt vinnumhverfi með góðum vinnufrið þar sem nemendur lærðu undirstöðuatriði í textílmennt, s.s. að þræða nál, binda hnút, klippa efni og sauma þræðispor.

Í janúar og febrúar fóru allir nemendur í 1. og 2. bekk í þemavinnu þar sem list- og verkgreinar unnu saman við uppsetningu á Dýrunum í Hálsaskógi. Nemendur bjuggu til búninga, gerðu leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum.

2. bekkur

- Hnútabangsi
- Músabangsi
- Draumafangari

Mat á starfi vetrarins

Starfið með 2. bekk gekk vel í vetur. Nemendunum var skipt í 2 hópa með 14-15 nemendum í hverjum hóp. Áhersla var lögð á notalegt vinnumhverfi með góðum vinnufrið þar sem nemendur lærðu undirstöðuatriði í textílmennt, s.s. að þræða nál, klippa efni, festa tölu og handsauma.

Í janúar og febrúar fóru allir nemendur í 1. og 2. bekk í þemavinnu þar sem list- og verkgreinar unnu saman við uppsetningu á Dýrunum í Hálsaskógi. Nemendur bjuggu til búninga, gerðu leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum.

3. bekkur

- Motta
- Fiskabúr
- Víkingaband

Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt upp í 2 hópa fyrir áramót en 3 hópa eftir áramót með 11 nemendum í hóp. Vinnan með 3. bekk gekk mjög vel í vetur. Áhersla var lögð á notalegt vinnumhverfi með góðum vinnufrið þar sem nemendur lærðu undirstöðuatriði í textílmennt, s.s. að klippa efni, vefa, sauma á saumavél og þæfa með nál.

4. bekkur

- Krosssaums-púði
- Mylla

Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt upp í 2 hópa með 12-13 nemendum í hóp. Starfið og vinnan gekk vel í vetur. Áhersla var lögð á notalegt vinnuumhverfi með góðum vinnufrið þar sem nemendur lærðu undirstöðuatriði í textílmenn, s.s. að sauma á saumavél og krosssauma eftir munstri.

5. bekkur

- Prjón
- Skjaldbaka
- Pennaveski
- Fingrabrúður

Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt upp í 2 hópa með 14 nemendum í hóp. Vinnan með 5. bekk gekk vel í vetur. Áhersla var lögð á notalegt vinnuumhverfi með góðum vinnufrið þar sem nemendur lærðu undirstöðuatriði í textílmenn, s.s. að sauma á saumavél, prjóna og vefa. Geta nemenda í bekknum er afar mismunandi og allir fengu verkefni við hæfi, þannig að nemendur náðu færni í ólíkum þáttum. Nemendum sem unnu vel gafst rúmur tími til eigin sköpunar.

6. bekkur

- Bangsi
- Dýrahaus

Mat á starfi vetrarins

Nemendum var skipt í 2 hópa með 12-13 nemendum. Vinnan með 6. bekk gekk vel í vetur. Áhersla var lögð á notalegt vinnuumhverfi með góðum vinnufrið þar sem nemendur lærðu undirstöðuatriði í textílmenn, s.s. að sauma á saumavél, sníða eftir sniði og handsauma.

7. bekkur

- Útsaumur
- Macrame vegghengi eða blómahengi
- Stuttbuxur / náttbuxur
- Nálarþæfing

Mat á starfi vetrarins

Nemendur var skipt í 3 hópa með 11 nemendum í hóp. Starfið gekk misvel eftir hópum og voru nemendur mjög misjafnlega áhugasamir. Áhugsamir nemendur fengu rúman tíma til að sinna eigin sköpun í bland við skylduverkefni.

8. - 10. bekkur

- Prjón, hekl og kvikmyndir
- Útsaumur

Mat á starfi vetrarins

Listgreinar á unglingastigi voru kenndar í vali. Upplýsingar um val og kennsluáætlanir má finna á vef Sjálandsskóla.

Skýrsla kennara í fjöllistum 2022 – 2023

Helstu markmið

Í fjöllistum er unnið eftir markmiðum aðalnámsskrár grunnskóla. Áhersla er lögð á að nemendur vinni fjölbreytt og skapandi verkefni sem henta áhuga og þroska hvers og eins.

Uppbygging kennslu

Námið byggist á verklegum verkefnum nemenda. Lögð er áhersla á að nemendur bæti við þekkingu og getu, og vinni hver og einn á sínum hraða og með sinni getu.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst eru notaðar eru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námsefni

Námsgögn eru áhöld og efniviður sem henta verkefnum. Stuðst er við hugmyndir af netinu. Námsmat er birt í Námfús eftir skólaárið og gefið er í A, B+, B, C+, C og D. Auk þess fá nemendur leiðsagnamat þegar við á. Metið er eftir hæfniviðmiðum aðalnámsskrár.

Aðstaða

Heimasvæði bekkja.

Verkefni vetrarins

Verkefni vetrarins voru annars vegar borðspil, fyrir áramót, sem nemendur bjuggu til úr bylgjupappa og unnu í hópum. Eftir áramótin bjó hver og einn nemandi til sín eigin veggklukku.

Mat á starfi vetrarins

Bekkjunum var skipt upp í tvo hópa sem hentaði vel. Passleg stærð svo hægt var að aðstoða nemendur. Nemendur áttu það til að flýta sér mikið og gáfu sér ekki mikinn tíma í undirbúningsvinnu eins og t.d. hugmyndavinnu.

Skýrsla kennara í tónmennt

Í tónmennt er uppbygging kennslustunda ólík á milli árganga.

1. bekkur

Helstu markmið

Áhersla var lögð á að nemendur lærðu að syngja fjölbreytt lög og vinna með tónlist og frumþætti hennar á fjölbreyttan hátt. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- sungið í hópi með skýrum framburði
- leikið á skólahljóðfæri í takt við tónlist
- notað grafíska nótnaskrift við sköpun, skráningu og flutning tónlistar
- þekkt útlit og hljóð nokkurra hljóðfæra
- tekið þátt í samspili samnemenda með skólahljóðfæri
- helstu styrkleikamerkin í tónlist
- spunnið einfaldan spuna á takt hljóðfæri og á stafspil

Uppbygging kennslu

Kennslustundir fyrsta bekkjar voru gjarnan brotnar upp í 15 - 25 mínútuna einingar. Tvö viðfangsefni voru því gjarnan undir í hverri fjörtíu mínútna kennslustund. Kennslustundirnar hófust í flestum tilfellum á fjöldasöng, tónlistarleik eða öðru sem krefst þátttöku alls hópsins. Í kjölfarið fylgdi megin viðfangsefni tímans og í lok kennslustundar var gjarnan farið í hreyfileik eða tekist á við annað viðfangsefni sem krefst annarskonar einbeitingar en megin viðfangsefni tímans.

Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í fyrsta bekk byggir á að nemendur séu virkir þátttakendur í tímum, hvort sem um söng, hreyfingu, hljóðfæraleik eða sköpun er að ræða. Einnig var unnið töluvert með hlustun þar sem nemendur voru þjálfaðir í að hlusta á einstök hljóð, hljóðfæri, laglínur og lögun þeirra. Samþætting námsgreina er eitt af einkennum Sjálandsskóla og er tónmennt tengd þeim námsþópum þegar það á við. Þau þemu fyrsta bekkjar sem tónmennt var fléttuð inn í veturinn 2023 - 2024 voru:

- Skólinn, skólareglur og umhverfið
- Lífið í sjónum
- Vinavika
- Jólþema (leikrit)
- Dýrin í Hálsaskógi

Námsefni

Námsefni var að mestu útbúið af tónmenntakennara en auk þess var unnið með námsefnið:

- Tónlist og líkaminn
- Það var lagið
- Tónmennt 1
- Music express Year 1 (þýtt og staðfært af tónmenntakennara)

Unnið var með tónlistaröppin:

- Music4Kids
- Loopimal
- Tune train
- Music Lab

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir að nemandi geti:

- Leikið rytma á skólahljóðfæri í takt við tónlist
- Leikið stutt stef á tréspil í samspili
- Þekkt valin hljóðfæri sinfóníuhljómsveitar
- Tekið virkan þátt í söng

Þróunarverkefni

Sjálandsskóli fékk styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla Garðabæjar til að efla rytmaskyn nemenda í fyrsta bekk. Verkefnið var samstarfsverkefni tónmenntakennara, sérkennara, verkefnastjóra á yngsta stigi og umsýjarkennara fyrsta bekkjar. Með markvissri rytmaþjálfun var vonast til að efla á sama tíma rytmaskyn

nemenda og hljóðkerfisvitund þeirra þar sem heilarannsóknir hafa sýnt að sama svæði heilans virkjast þegar unnið er með rytma og hljóðkerfisvitund.

Sérkennari og umsjónarkerrarar röðuðu nemendum fyrsta bekkjar í þrjá hópa út frá lestrarhraða í upphafi vetrar. Hóparnir fengu rytmaþjálfun tvisvar í viku c.a. 20 mínútur í senn og var það hrein viðbót við 40 mínútna tónmenntatíma.

Í rytmaþjálfuninni var unnið með leiki, hreyfingu en mest með hljóðfæraleik með hrynhljóðfæri. Einnig var unnið með önnur skólahljóðfæri eins og stafspil þó að fókusinn hafi alltaf verið fyrst og fremst að vinna með rytma.

Videó upptökur voru teknar þrisvar sinnum yfir veturinn af nemendum þar sem þeir voru beðnir um að leika mis flókna rytma í samspili og undir leiðsögn tónmenntakennara. Í lok skólaársins verða niðurstöður lesskimana að hausti og voru bornar saman innbyrðis og við útkomu prófana tónmenntakennara á rytmaskyni nemenda.

Hluti af því námsmati sem var birt nemendum fyrsta bekkjar og aðstandendum þeirra var byggt á þeim athugunum sem gerðar voru í lok maí sem hluti af þróunarverkefninu.

Þegar þetta er skrifað liggja niðurstöður ekki fyrir þó svo að vísbendingar séu um að þjálfunin hafi skilað árangri.

2. bekkur

Helstu markmið

Áhersla var lögð á að nemendur lærðu að syngja fjölbreytt lög og vinna með tónlist og frumbætti hennar á fjölbreyttan hátt. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- beitt rödd sinni á viðeigandi hátt í samsöng og fyrir áheyrendur
- sungið í hópi með skýrum framburði
- leikið á skólahljóðfæri í takt við tónlist
- notað grafíska nótnaskrift við skráningu og flutning tónlistar
- leikið einfalt stef eða takt á skólahljóðfæri í samspili með öðrum nemendum
- þekkt helstu styrkleikamerki og leikið og sungið eftir þeim
- þekkt helstu lengdargildi nótna og leikið á skólahljóðfæri eftir þeim
- samið í hóp einfalt hljóð- eða tónverk
- leikið þrástef á skólahljóðfæri
- leikið einfaldan spuna við undirspil

Uppbygging kennslu

Kennslustundir annars bekkjar voru gjarnan brotnar upp í 10 - 30 mínútuna einingar. Tvö til þrjú viðfangsefni voru því gjarnan undir í hverri kennslustund. Kennslustundirnar hófust í flestum tilfellum á fjöldasöng eða öðru sem krefst þátttöku alls hópsins. Í kjölfarið fylgdi megin viðfangsefni tímans og í lok kennslustundar var gjarnan farið í hreyfileik eða tekist á við annað viðfangsefni sem krefst annarskonar einbeitingar en megin viðfangsefni tímans.

Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í öðrum bekk byggir á að nemendur séu virkir þátttakendur í tímum, hvort sem um söng, hreyfingu, hljóðfæraleik eða sköpun er að ræða. Einnig var unnið töluvert með hlustun þar sem nemendur voru þjálfaðir í að hlusta á einstök hljóð, hljóðfæri, laglínur og lögun þeirra. Samþætting námsgreina er eitt af einkennum Sjálandsskóla og er tónmennt tengd þeimum námshópa þegar það á við. Þau þemu annars bekkjar sem tónmennt var fléttuð inn í veturinn 2023 - 2024 voru:

- Skólabyrjun, umferð og skordýr

- Vinavika
- Jólaleikrit
- Dýrin í Hálsaskógi
- Mannlíkaminn

Námsefni

Námsefni var að mestu útbúið af tónmenntakennara. Auk þess var unnið með námsefnið:

- Tónlist og líkaminn
- Tónlist og umhverfið
- Það var lagið
- Tónmennt 1
- Tónmennt 2
- Music express Year 2 (þýtt og staðfært af tónmenntakennara)

Unnið var með tónlistaröppin:

- Music4Kids
- Loopimal
- Music Lab
- Drummer

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir:

- Getur leikið einfalda útsetningu á skólahljóðfæri í samspili
- Getur leikið einfaldan spuna á tréspil við undirspil
- Tekur virkan þátt í söng

3. bekkur

Helstu markmið

Áhersla var lögð á að nemendur lærðu að syngja fjölbreytt lög og vinna með tónlist og frumbætti hennar á fjölbreyttan hátt. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- Beitt rödd sinni á viðeigandi hátt í samsöng og fyrir áheyrendur
- Leikið einfalda útsetningu á skólahljóðfæri
- Leikið á skólahljóðfæri í takt við undirleik
- Skráð nótnaheiti einfaldrar laglínu eftir heyrn
- Þekkt helstu styrkleikamerki og leikið og sungið eftir þeim
- Þekkt útlit og hljóð helstu hljóðfæra stengja- málmblasturs- og tréblasturshljóðfæra
- Skapað og flutt eigin tónsmíð í hóp
- Spunnið einfaldan spuna í takt við undirspil
- Þekkt og sungið nokkur íslensk þjóðlög

Uppbygging kennslu

Uppbygging kennslu í þriðja bekk fer mikið eftir þeim efnispáttum sem unnið er með. Mörg verkefni hópsins í vetur voru verkefni sem náðu yfir fleiri en eina kennslustund. Oft á tíðum voru þetta verkefni sem tengdust þeim þemum sem nemendur voru í hverju sinni. Kennslustundirnar voru engu að síðar skipulagðar sem einingar með skýru upphafi þar sem nemendur voru virkjaðir í söng eða leik til að fanga athygli þeirra og gera alla sem virkasta áður en ráist var í megin viðfangsefni tímans.

Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í þriðja bekk byggir á að nemendur séu virkir þátttakendur í tímum, hvort sem um söng, hreyfingu, hljóðfæraleik eða sköpun er að ræða. Einnig var unnið nokkuð með spjaldtölvur í nemendahópnum. Samþætting námsgreina er eitt af einkennum Sjálandskóla og er tónmennt tengd þeim námshópa þegar það á við. Þau þemu þriðja bekkjar sem tónmennt var fléttuð inn í veturinn 2023 - 2024 voru:

- Náttúran, plöntur og tré
- Afríka
- Jólin
- Astrid Lindgren
- Ísland
- Húsdýr

Námsefni

Námsefni var að mestu útbúið af tónmenntakennara. Auk þess var unnið með námsefnið:

- Tónlist og Afríka
- Tónlist og tíminn
- Það var lagið
- Music express Year 3 og 4 (þýtt og staðfært af tónmenntakennara)

Unnið var með tónlistaröppin:

- Musyc
- Drummer
- Figure
- Musyc lab

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir. Nemandi getur...

- Leikið einfalda útsetningu á skólahljóðfæri í samspili nemenda
- Beitt rödd sinni á viðeigandi hátt

4. bekkur

Helstu markmið

Áhersla var lögð á að nemendur lærðu að syngja fjölbreytt lög og vinna með tónlist og frumpætti hennar á fjölbreyttan hátt. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- Beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna
- Tekið þátt í tónsköpun við eigin texta
- Leikið eigin tónsmíð á skólahljóðfæri
- Leikið einfalt þrástef
- Leikið á skólahljóðfæri í takt við undirleik
- Leikið einfalda útsetningu á skólahljóðfæri
- Skráð nótnaheiti einfaldrar laglínu eftir heyrn
- Þekkt helstu styrkleikamerki og leikið og sungið eftir þeim
- Þekkt útlit og hljóð helstu hljóðfæra stengja- málmblasturs- og tréblasturshljóðfæra
- Spunnið einfaldan spuna í takt við undirspil
- Þekkt og sungið nokkur íslensk þjóðlög

- Þekkt nokkur íslensk sjómannalög frá ólíkum tímabilum

Uppbygging kennslu

Uppbygging kennslu í fjórða bekk fer mikið eftir þeim efnispáttum sem unnið er með. Mörg verkefni hópsins í vetur voru verkefni sem náðu yfir fleiri en eina kennslustund. Oft á tíðum voru þetta verkefni sem tengdust þeim þemum sem nemendur voru í hverju sinni. Kennslustundirnar voru engu að síðar skipulagðar sem einingar með skýru upphafi þar sem nemendur voru virkjaðir í söng eða leik til að fanga athygli þeirra og gera alla sem virkasta áður en ráist var í megin viðfangsefni tímans.

Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í fjórða bekk byggir á að nemendur séu virkir þátttakendur í tímum, hvort sem um söng, hreyfingu, hljóðfæraleik eða sköpun er að ræða. Einnig var unnið nokkuð með spjaldtölvur í nemendahópnum. Samþætting námsgreina er eitt af einkennum Sjálandsskóla og er tónmennt tengd þemum námshópa þegar það á við. Þau þemu fjórða bekkjar sem tónmennt var fléttuð inn í veturinn 2023 - 2024 voru:

- Garðabær
- Jólþema
- Ísland áður fyrr

Námsefni

Námsefni var að mestu útbúið af tónmenntakennara. Auk þess var unnið með námsefnið:

- Tónlist og tíminn
- Það var lagið
- Music express Year 3 og 4 (þýtt og staðfært af tónmenntakennara)

Unnið var með tónlistaröppin:

- Musyc
- Drummer
- Figure

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir.

Nemandi getur...

- Leikið einfalda útsetningu á hljóðfæri í samspili
- Samið stutt verk í tónlistarforriti
- Tekið virkan þátt í söng

5. bekkur

Helstu markmið

Áhersla var lögð á að nemendur lærðu að syngja fjölbreytt lög og vinna með tónlist og frumþætti hennar á fjölbreyttan hátt og nýta tölvutækni við tónsköpun og upptökur. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- Beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra
- Tekið virkan þátt í tónsköpun
- notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk
- leikið undirleik fyrir söng á hljóðfæri
- Samið stutt verk í spjaldtölvu
- Þekkt nokkur íslensk þjóðlög og einkenni þeirra

Uppbygging kennslu

Uppbygging kennslu í fimmta bekk fer mikið eftir þeim efnisþáttum sem unnið er með. Mörg verkefni hópsins í vetur voru verkefni sem náðu yfir fleiri en eina kennslustund. Oft á tíðum voru þetta verkefni sem tengdust þeim þemum sem nemendur voru í hverju sinni. Kennslustundirnar voru engu að síðar skipulagðar sem einingar með skýru upphafi þar sem nemendur voru virkjaðir í söng eða leik til að fanga athygli þeirra og gera alla sem virkasta áður en ráist var í megin viðfangsefni tímans.

Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í fimmta bekk byggir á að nemendur séu virkir þátttakendur í tímum, hvort sem um söng, hreyfingu, hljóðfæraleik eða sköpun er að ræða. Nokkuð var unnið með spjaldtölvur og borðtölvur í nemendajópnum. Samþætting námsgreina er eitt af einkennum Sjálandsskóla og er tónmennt tengd þemum námshópa þegar það á við. Þau þemu fimmta bekkjar sem tónmennt var fléttuð inn í veturinn 2023 - 2024 voru:

- Rafmagn
- Vinavika
- Jólaleikrit
- Fólkið í blokkinni

Námsefni

Námsefni var að mestu útbúið af tónmenntakennara. Auk þess var unnið með námsefnið:

- Music express Year 5 og 6 (þýtt og staðfært af tónmenntakennara)
- Í borðtölvum var unnið með Garageband tónlistarforritið.

Í spjaldtölvum var unnið með tónlistaröppin:

- Garageband
- Drummer
- Figure
- Loopseque 8
- Gadget 2

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir. Markmiðið var að nemandi geti...

- leikið einfalda útsetningu lags í samspili á hljóðfæri
- beitt rödd sinni á viðeigandi hátt í söng
- samið stutt verk sem túlkar ákveðna persónu úr sögu í tónlistarforriti
- samið stutt verk í tónlistarforriti

Sjálfamat og jafningjamat var auk þess notað í sambandi við tónsköpunarvinnu nemenda.

6. bekkur

Helstu markmið

Áhersla var lögð á að nemendur lærðu að syngja fjölbreytt lög og vinna með tónlist og frumbætti hennar á fjölbreyttan hátt og nýta tölvutækni við tónsköpun og upptökur. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- Beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum, söng og rappi, bæði í eigin verkum og annarra

- Tekið virkan þátt í tónsköpun
- Leikið eigin tónsmíð á skólahljóðfæri
- leikið undirleik fyrir söng á hljóðfæri
- Samið stutt verk í spjaldtölvu
- Notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk
- Þekkt tónlist frá Norðurlöndunum og einkenni norrænnar þjóðlagatónlistar

Uppbygging kennslu

Uppbygging kennslu í sjötta bekk fer mikið eftir þeim efnispáttum sem unnið er með. Mörg verkefni hópsins í vetur voru verkefni sem náðu yfir fleiri en eina kennslustund. Oft á tíðum voru þetta verkefni sem tengdust þeim þemum sem nemendur voru í hverju sinni. Kennslustundirnar voru engu að síðar skipulagðar sem einingar með skýru upphafi þar sem nemendur voru virkjaðir í söng eða leik til að fanga athygli þeirra og gera alla sem virkasta áður en ráist var í megin viðfangsefni tímans.

Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í sjötta bekk byggir á að nemendur séu virkir þátttakendur í tímum, hvort sem um söng, hreyfingu, hljóðfæraleik eða sköpun er að ræða. Nokkuð var unnið með spjaldtölvur og borðtölvur í nemendajópnum. Samþætting námsgreina er eitt af einkennum Sjálandsskóla og er tónmennt tengd þemum námshópa þegar það á við. Þau þemu sjötta bekkjar sem tónmennt var fléttuð inn í veturinn 2023 - 2024 voru:

- Benjamín dúfa
- Norðurlöndin

Námsefni

Námsefni var að mestu útbúið af tónmenntakennara. Auk þess var unnið með námsefnið:

- Music express Year 5 og 6 (þýtt og staðfært af tónmenntakennara)
- Í borðtölvum var unnið með Garageband tónlistarforritið.

Í spjaldtölvum var unnið með tónlistaröppin:

- Garageband
- Koala
- Gadget 2
- Figure

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir. Markmiðið var að nemandi geti...

- Leikið einfalda útsetningu á hljófæri í samspili
- Þekkt valinverk og tónlistarfólk frá hverju Norðurlandi og hvað einkennir tónlist hvers lands
- Samið stutt lag/hljóðverk í tónlistarforriti

Sjálffamat og jafningjamat var auk þess notað í sambandi við tónsköpunarvinnu nemenda.

7. bekkur

Helstu markmið

Áhersla var lögð á að nemendur lærðu að syngja fjölbreytt lög og vinna með tónlist og frumþætti hennar á fjölbreyttan hátt og nýta tölvutækni við tónsköpun og upptökur. Sérstök áhersla var á tónsköpun í sjöunda bekk og að nemendur þjálfuðust í að túlka afmarkaða þætti eins og tiltekna tilfinningu, atburðarás eða persónueinkenni í tónum. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- tekið þátt í samspili með hljóðfæri eða söng
- Beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra
- Notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk
- Samið hringitón eftir ákveðnum leiðbeiningum
- Samið kvikmyndatónlist við stuttmynd sem túlkar það sem er að gerast í myndinni
- greint einstaka þætti tónlistar eins og hljóðfæri, hraða, styrk og blæ og notað við eigin sköpun og flutning
- greint og að einhverju marki metið og endurskoðað eigin sköpunarverk og skólasystkina sinna í tónlist af sanngirni

Uppbygging kennslu

Tónsköpun var rauði þráðurinn í kennslu sjöunda bekkjar. Kennsla vetursins miðaði að því að kynna bæði aðferðir og tæki við tónsköpun sem henta hverju sinni. Þegar leið á veturinn snerist þessi vinna fyrst og fremst um kvikmyndatónlist og fengu nemendur innlagnir þar sem þeim voru kynntar aðferðir við tónsköpun fyrir kvikmyndir. Einnig voru valin kvikmyndatónskáld kynnt og verk þeirra. Vinna vetursins miðaðist að stórum hluta að því að gera nemendur hæfa til að takast á við lokaverkefni vor annarinnar sem var að semja kvikmyndatónlist við stuttmynd. Markvisst var unnið með tölvur, bæði borðtölvur og spjaldtölvur og tónlistarforrit við tónsköpunina og upptökur henni tengdri.

Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í sjöunda bekk byggir á að nemendur séu virkir þátttakendur í tímum. Nokkuð var unnið með tölvur í tónsköpunar vinnunni en einnig með hefðbundin skóla- og rafmagnshljóðfæri.

Námsefni

Námsefni var að mestu útbúið af tónmenntakennara. Auk þess var unnið með námsefnið:

- það er gaman að hlusta á kvikmyndatónlist

Í borðtölvum var unnið með Garageband tónlistarforritið.

Í spjaldtölvum var unnið með tónlistaröppin:

- Garageband
- Gadget 2
- Koala
- Figure

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir. Nemandi getur...

- leikið á hljóðfæri í samspili
- samið og flutt tónlist sem styður við stutta þögla kvikmynd
- búið til kvikmyndatónlist við stuttmynd í tónlistarforriti
- samið stutt tónverk í tónlistarforriti (hringitónaverkefni)

Sjálfsamt og jafningamat var auk þess notað í sambandi við tónsköpunarvinnu nemenda.

8. bekkur

Helstu markmið

Í tónmenntarkennslu áttunda bekkjar var megin áhersla á að kynna nemendum valda tónlistarstíla sem hafa skýr einkenni og henta vinnu með nemendahópum. Þessir tónlistarstílar voru: Samba, blús og swing

Helstu markmið voru að nemendur geti:

- Í hóp samið og tekið upp blús lag og texta í spjaldtölvu
- Þekkt helstu einkenni blústónlistar
- Notað tölvu, hljóðfæri, eigin rödd o.fl. til að semja tónlist við þögla mynd
- Notað tölvu/spjaldtölvu til að skapa eigin tónsmíð eða hljóðverk þar sem unnið er með tónstiga, hljóma og laglínu
- Tekið þátt í tónsköpun og valið viðeigandi hljóðfæri og hljóðbúta til að túlka atburðarrás eða tilfinningu
- Tekið þátt í tónsköpun af einhverju tagi, sjálfum sér og öðrum til ánægju
- Þekkt helstu einkenni blús tónlistar
- Leikið einfaldan blús undirleik
- Þekki helstu einkenni samba tónlistar
- leikið samba rytma í samspili
- Leikið í samspili lag í swing takti
- Beitt rödd sinni á viðeigandi hátt í söng eða rappi

Uppbygging kennslu

Kennslustundi áttunda bekkjar voru 40 mínútur á viku. Kennsla áttunda bekkjar var byggð í kringum viðfangsefni sem flest tóku meira en eina kennslustund. Í flestum tilfellum hófst nýtt viðfangsefni á innlögn þar sem tiltekin tónlist eða aðferð var kynnt og að því loknu tókust nemendur á við verkefni sem í flestum tilfellum fólu í sér einhverskonar tónsköpun eða samspil.

Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í áttunda bekk byggir á að nemendur séu virkir þátttakendur í tímum og að læra með því að skapa, hlusta og leika saman á hljóðfæri. Nokkuð var unnið með tölvur í tónsköpunar vinnunni en einnig með hefðbundin skóla- og rafmagnshljóðfæri.

Námsefni

Námsefni vetrarins var útbúið af tónmenntakennara.

Í borðtölvum var unnið með Garageband tónlistarforritið.

Í spjaldtölvum var unnið með öppin:

- Garageband
- Koala
- Gadget 2

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir. Nemandi getur...

- Leikið samba takt í samspili
- Samið texta í blús stíl og tekið þátt í að leika blús lag í samspili
- Samið stutt verk í tónlistarforriti
- Samið stef eða stutt verk í tölvu eða á hljóðfæri sem túlkar tilbúna persónu

Sjálfamt og jafningamat var auk þess notað í sambandi við tónsköpunarvinnu nemenda.

9. bekkur

Helstu markmið

Yfirskrift tónmenntar hjá níunda bekk í vetur var tuttugasta öldin og tónlist. Tilgangurinn var einkum að kynna nemendum sögu rytmískrar tónlistar og þau áhrif sem hún hefur haft á vestræna tónlist og ekki síst þá tónlist sem nemendur líta á sem sína tónlist. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- Greint og ýtskýrt ólík tónlistarstílbrigði, hljóðfæri og hljóðgjafa og sett í persónulegt, sögulegt og menningarlegt samhengi
- Þekkt helstu tónlistarstíla rytmískrar tónlistar og sögulegt og menningarlegt samhengi þeirra
- Leikið einfaldan undirleik eða rytma á hljóðfæri í hljómsveit
- Skapa eigin tónsmíð og notað við það algeng tæki, hljóðfæri, rödd og forrit

Uppbygging kennslu

Kennslustundi níunda bekkjar voru 40 mínútur á viku. Kennsla vetrarins miðaðist við að kynna nemendum sögu rytmískrar tónlistar og þróun hennar í Bandaríkjunum á stærstum hluta síðustu aldar. Nemendur fengu innlagnir í námsefninu þar sem stuðst var við bókina Hljóðspor. Yfir veturinn var önnur hver kennslustund bókleg þar sem farið var í efni eins af köflum bókarinnar í formi innlagnar, hlustunar, umræðna og áhorfs á myndbúta. Kennslustundin á móti var svo verkleg þar sem nemendur fengu að spreita sig á að syngja og spila þann tónlistarstíl sem fjallað hafði verið um í tímanum á undan. Í sumum tilfellum prófuðu nemendur að semja og spinna í viðkomandi tónlistarstíl.

Kennsluaðferðir

Tónmenntakennsla í níunda bekk snerist um að skýra þróun og tilurð vestrænnar dægurtónlistar allt frá rótum hennar í Vestur Afríku til upphafs áttunda áratugarins. Framan af vetri voru innlagnir með tón- og mynddæmum fyrirferðamiklar. Þegar það átti við tóku nemendur þátt með söng og hljóðfæraleik og jafnvel spuna.

Námsefni

Námsefnið Hljóðspor var megin efni vetrarins en einnig námsefni útbúið af kennara.

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir: Nemandi getur...

- Tekið þátt í samspili og leikið rytmíska tónlist á hljómsveitar hljóðfæri
- Þekkt helstu tegundir rytmískrar tónlistar, einkenni þeirra og helsta tónlistarfólk

10. bekkur

Helstu markmið

Tónmennt í tíunda bekk í vetur snerist að mestu um að skoða tónlist sem hluta af samfélaginu og víxlverkandi áhrif þessara tveggja þátta. Tónmenntakennsla vetrarins var lauslega tengd tveimur þemum í vetur. Þ.e. þjóðfélagsfræði og þema um kreppu og stríðsár. Helstu markmið voru að nemendur geti:

- Tekið þátt í að skapa og flytja eigin verk og annarra, gagnrýnt og rökstutt út frá eigin smekk, stíltegund tónlistar og fagurfræði
- Útskýrt hvernig tónlist á borð við hip-hop og pönk hefur mótað og orðið fyrir áhrifum þess samfélags sem hún varð til í
- Notað trommuheila til að búa til takta sem virka sem undirspil fyrir eigið rapp
- Þekkt einkenni vissra tímabila tónlistarsögunnar, nokkur tónskál og verk þeirra
- Leikið eða sungið frumsamið eða cover lag í vissum tónlistarstíl
- Kynnt og gert grein fyrir vissum tónlistarstíl, einkennum hans og völdum listamönnum
- Samið tónlist sem túlkar atburð úr seinni heimsstyrjöldinni
- Samið lag í anda tónlistar stríðsáranna
- Gert útlarpsþátt þar sem tónlist stríðsáranna er kynnt ásamt flytjendum hennar

Uppbygging kennslu og kennsluaðferðir

Kennslustundi tíunda bekkjar voru 50 mínútur á viku. Kennsla vetrarins miðaðist við að kynna nemendum tiltekna tónlistarstíla, skoða þá í sögulegu samhengi og hvaða hlutverki þeir gegna í mótun þess samfélags og tíðaranda sem þeir urðu til í. Nemendur kynntust m.a. hip-hop og pönk tónlist. Þegar innlögn kennara lauk spreyttu nemendur sig á tónsköpun með viðeigandi hljóðfærum og tækjum. Í tengslum við stríðsára þema nemendahópsins tónlist seinni heimsstyrjaldarinnar kynnt fyrir nemendum og hvernig tónlistarfólk og tónskáld takast á við atburði og hörmungar stríðsáranna í list sinni. Í kjölfarið sköpuðu nemendur eigin tónlist sem átti að túlka á einhvern hátt anda eða atburði stríðsáranna.

Námsefni

Námsefnið var unnið af kennara.

Í tölvum var unnið með tónlistarforritin Garageband.

Unnið var með tónlistaröppin:

- Garageband
- Ableton Live
- iMachine2

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og voru eftirfarandi þættir metnir.

Nemandi getur...

- þekkt valin verk sígildrar tónlistar
- þekkt einkenni barokk tónlistar og klassískrar og valin tónskáld þeirra tímabila
- aflað upplýsinga og sett saman kynningu (podkast) um tónlist stríðsáranna
- samið lag í anda þeirrar tónlistar sem var vinsæl í seinni heimsstyrjöldinni
- útsett og flutt fyrir bekkinn eða tekið upp lag sem var vinsælt í seinni heimsstyrjöldinni
- samið og flutt/tekið upp eigið verk í pönk stíl
- flutt í samspili ábreiðu/cover útgáfu af lagi í pönk stíl
- samið og flutt pönk ljóð
- fjallað um pönk tónlistarfólk, eða hljómsveit og kynnt fyrir samnemendum

Valfög á unglingastigi

Hljómsveitaval - söngleikur

Helstu markmið

Námskeiðið náði yfir eina önn. Fyrstu átta vikurnar hittist hópurinn einu sinni í viku en seinni átta vikurnar hittist hann tvisvar í viku og oftast þegar líða tók nær frumsýningu. Helstu markmið námskeiðsins voru að nemendur geti:

- Leikið á hljóðfæri í hljómsveit í söngleik
- Tekið þátt í að útsetja tónlist fyrir sitt hljóðfæri

Uppbygging kennslu

Námskeiðið snérist um að nemendur í námskeiðinu ynnu saman að því að setja upp söngleikinn Grease. Lögin voru útsett og æfð undir stjórn tónmenntakennara og þegar líða tók á námskeiðið fóru söngvarar úr leiklistarvali að koma á æfingar hljómsveitarinnar til að æfa með henni.

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og fengu nemendur lokaeinkunn í áfanganum þar sem horft var til hæfniviðmiða námskeiðsins.

Tónlist og tölvuleikir

Helstu markmið

Að kynnst tölvuleikjatónlist og vinna með hana á fjölbreyttan hátt. Helstu hæfniviðmið sem unnið var með voru að nemendur geti:

- Spunnið einfalda tónlist eða hljóðverk sem túlka stemningu og framvindu í tölvuleik
- Samið í tölvu stef og aðra tónlist fyrir tölvuleik

Uppbygging kennslu

Skoðaðir voru tölvuleikir og tónlist þeirra. Nemendur kynntu sína uppáhalds tölvuleiki og æfðust í að kryfja tónlist leikjanna og skoða einkenni þeirra. Nemendur fengu svo að spinna tónlist við tölvuleik meðan hann var leikinn af samnemendum þeirra. Nemendur sömdu svo tvö stef við gamlan klassískan tölvuleik. Að lokum komu nemendur saman og hlustuðu á verk hvors annars.

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og fengu nemendur lokaeinkunn í áfanganum þar sem horft var til hæfniviðmiða námskeiðsins.

Söngval

Helstu markmið

Námskeiðið var átta vikna námskeið þar sem nemendur lærðu raddbeitingu og fengu leiðsögn bæði í einsöng og samsöng. Helstu markmið námskeiðsins voru að nemendur geti:

- Beitt rödd sinni á viðeigandi hátt í verkum sem þeir velja sjálfir og sem kennari velur
- Tekið þátt í fjölradda söng
- Sungið einfalda röddun við laglínu
- Rætt og rökstutt skoðun sína á eigin söng og annarra

Uppbygging kennslu

Tímarnir hófust á upphitun þar sem einkum var horft til líkama, öndunar og raddar. Að öðru leiti voru tímarnir mismunandi þar sem stundum voru þeir kennarastýrðir og hópurnir æfði saman lög sem kennari hafði valið og útsett fyrir hópinn. Þar var einkum horft til þess að nemendur kynntust fjölbreyttum söngstílum og mismunandi raddbeitingu. Hinsvegar unnu nemendur í einstaklingsverkefnum þar sem þeir völdu sér lög til að æfa og flytja fyrir hópinn. Nemendur fluttu svo lögin. Að því loknu vour umræður um lagaval og frammistöðu nemenda á uppbyggilegum nótum. Undir lok námskeiðsins voru nokkur af þeim lögum sem æfð höfðu verið á vikunum átta, tekin upp í upptökuveri skólans.

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og fengu nemendur lokaekunn í áfanganum þar sem horft var til hæfniviðmiða námskeiðsins.

Tekknó

Helstu markmið og uppbygging kennslu

Námskeiðið náði yfir hálfa önn. Nemendur kynntust einkennum tekknó tónlistar og kynntumst elektrónískum rótum tónlistarstílsins. Nemendur unnu nokkur verkefni þar sem unnið var með tónsmíðar í anda tekknó tónlistar. Unnið var með tvö tónlistarforrit: Garageband og Ableton live. Nemendur unnu svo lokaverkefni í tónlistarforriti að eigin vali.

Helstu markmið námskeiðsins voru að nemendur geti:

- Þekkt helstu einkenni tekknó tónlistar
- Unnið tónsmíð í tónlistarforritunum Garageband og Ableton live
- Samið verk í anda tekknó tónlistar

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og fengu nemendur lokaekunn í áfanganum þar sem horft var til hæfniviðmiða námskeiðsins.

Tónlist og tölvur

Helstu markmið

Námskeiðið átti upphaflega að stand yfir heila önn en vegna takmarkana á kennslu og viðveru nemenda vegna covid19 stýttist það töluvert og ekki náðist að vinna allt sem til stóð. Helstu markmið námskeiðsins voru að nemendur geti:

- Þekkt og útskýrt helst tæki og hugtök raftónlistar
- Notað Ableton live tónlistarforritið til tónsköpunar
- Skapað sitt eigið verk í tónlistarforriti
- Rætt á gagnrýninn hátt eigin tónsköpun og annarra

Uppbygging kennslu

Í upphafi námskeiðsins var aðal áherslan á að kynna nemendum sögu og þróun raftónlistar. Samhliða því fengu nemendur kynningu á Ableton live forritinu og einstaka þáttum þess. Að lokum unnu nemendur svo lokaverk sín þar sem þeir áttu að gera eigin tónsmíð og vinna hana í Ableton live forritinu. Í lokin var hlustunarpartý þar sem hlustað var á verkin og þau rædd.

Námsmat

Námsmat var birt í Námfús. Matsskalinn A, B+, B, C+, C og D var notaður og fengu nemendur lokaekinn í áfanganum þar sem horft var til hæfniviðmiða námskeiðsins.

Morgunsöngur

Morgunsöngur var haldinn á hverjum morgni. Allir nemendur í fyrsta til sjöunda bekk sóttu morgunsöng framan af vetri en undir lok vetrar eingöngu fyrsti til sjötti bekkur. Venjulega voru tvö lög sungin og þá gjarnan horft til þess að annað lagið höfðaði meira til eldri nemenda og hitt til yngri. Einnig var áhersla á fjölbreytileika og að nemendur kynntust bæði gamalli og nýrri tónlist frá ólíkum löndum allt frá íslenskum þulum til nýrra dægurlaga.

Aðstaða

Aðstaða til tónmenntakennslu er mjög góð við skólann. Tónmenntastofan er rúmgóð og vel búin hljóðfærum, bæði skólahljóðfærum og rafmagnshljóðfærum. Auk þess er tónmenntastofan búin nokkrum borðtölvum og spjaldtölvum sem einkum eru nýttar til tónsköpunar. Sambyggt tónmenntastofunni er upptökuaðstaða og samspilsherbergi sem eru mikið nýtt af nemendum á skólatíma en einnig utan.

Skýrsla um útikennslu

Skólaárið 2023-2024 var Hrafnhildur Sigurðardóttir í 40% starfshlutfalli sem kennari í útikennslu. Hlutverk hennar var að aðstoða umsjónakennara við að skipuleggja og framkvæma útikennslu fyrir nemendur skólans. Nemendur í 1.-7 bekk voru með útikennslu fast í töflu einu sinni í viku í 2-3 tíma í senn. Unglingar skólans fengu tækifæri á að velja sér útinám í valgreinum en ásamt því fengu þau reglulega útikennslu í náttúrufræði og í þeim hjá Arngerði Jónsdóttur. Á haustönn var kajak í vali hjá þeim og á vorönn var í

boði að fara á kajak, skoða hella í Heiðmörk og að fara í útileiki og útiöldun. Hrafnhildur Sigurðardóttir sá um hellaval og kajakval og Tómas Þór Jacobsen sá um útileiki og útiöldun.

Samstarf

Kennaranemar komu í útikennslu frá Menntavísindasviði og frá Listaháskóla Íslands. Stór hópur kom frá Menntavísindasviði og fengu þau fræðslu, áhorf og fengu að kenna eina útikennslustund. Tveir nemar komu frá Listaháskólanum. Þeir voru í tvær vikur, fengu áhorf og sinntu útikennslu.

Sjáländsskóli hugar vel að nemendum og vill að allir geti tekið þátt í því sem er verið að gera. Til þess að allir geta tekið þátt þá hefur skólinn verið í samstarfi við hjúkrunarheimilið Ísafold og Reykjadal. Ísafold hefur lánað okkur körfuhjól með rafmagni og Reykjadalur hefur verið að lána okkur fjallahjólástól fyrir lengri göngur. Við erum virkilega lánsöm að vera í þessu samstarfi og erum afar þakklát vel vild þeirra og góðmennsku. Með þessu móti erum við að ná að bjóða öllum nemendum skólans að taka þátt í fjölbreyttu útinámi.

Skipulag og kennslustundir

Mikill ávinningur er fyrir nemendur að stunda útinám og erum við stolt af útináminu í Sjáländsskóla. Í útikennslu efla nemendur náttúruvitund sína, þeir fá tækifæri til að leika í mismunandi náttúru og um leið læra þeir að venda og bera virðingu fyrir henni. Einnig takast nemendur á við raunverulegar aðstæður í náminu og fá að vinna með áþreifanleg verkefni undir berum himni. Útinám er fjölbreytt og nemendur þurfa stundum að glíma við ýmsar áskoranir þar sem þeir verða að treysta á sjálfan sig og hópinn sem þeir eru í og efla þannig sinn innri styrk og félagslegu tengsl innan hópsins. Í útikennslu er nám verklegt, fjölbreytt og skemmtilegt og höfða því til breiðs hóps nemenda. Útikennsla er tilvalinn til þess að kveikja áhuga, dýpka þekkingu á einhverju viðfangsefni eða til þess þjálfar færni á einhverju ákveðnu sviði. Í Sjáländsskóla er útinám nýtt markvisst til þess að styrkja nemendur og til þess að efla þá í námi.

Í útinámi er lagt upp úr því að börn í Sjáländsskóla kynnist samfélaginu sínu og reynum við að fara í ferðir innan bæjarins í öllum árgöngum ár hvert. Einnig reynum við að tengja nám við staði og menningu í bænum. Þannig kynnast börnin bænum sínum á líflegan og skemmtilegan hátt jafnt og þétt yfir skólagönguna.

Kennsluform útikennslunnar er þrískipt. Það eru stöðvar á skólalóð, vettvangsferðir og ævintýraferðir. Á stöðvum þjálfar nemendur einhverja hæfni úti á skólalóð í gegnum leik eða þrautir. Í vettvangsferðum er farið á staði sem tengist náminu beint. Það gæti verið að fara á söfn, á sérstaka staði eins og helli, skóg, fjöru eða hraun, að skoða einhverjar minja og styttur, fara í heimsókn til fyrirtækja eða fara í náttúruskoðun. Í ævintýraferðum er farið með allan skólann eða stig í ferð í lengri og stærri ferðir. Í ferðinni eru nemendur að tileinka sér einhverja færni, fá upplifa eitthvað og takast á við áskoranir. Þau eru að ögra sjálfum sér í þessum ferðum og fara út fyrir þægindaramman sinn sem eflir þau og styrkir. Þetta eru ferðir eins og vorferðir, gistiferðir, fjallgöngur, skíðaferðir, hellaferðir, skógarferðir, kajak, hjólaferði og fl.

Í vetur var útinám skólans fjölbreytt og vettvangsferðir voru margar og áhugaverðar. Sjá eftirfarandi kennslustundir:

Nemendur:

- | | |
|------------------|--|
| 5 ára | Komu til okkar í útikennslu í desember. Þá var tjaldað og lesin saga og nemendur fengu kakó. 5 ára komu einnig í útikennslu með 1.b ásamt Leikskólanum Sjáländi og þá voru stöðvar, veitt með háfum, tjaldað og kveiktur eldur ásamt því að fara í leiki. |
| 1. bekkur | Fóru í leiki á skólalóð, fóru að tína ber í Gálgahrauni, fóru í fjöruferð, fóru að vaða í læknum hjá Arnarnesi, fóru í stöðvaleik á skólalóð, fóru í Guðmundarlund, fóru í Fíu Sólar leik á skólalóð, fóru í hraunið að vinna með álfa og tröll, fóru í tröllaleik, fengu kynningu á |

jólasveinum í gengum leik og leikrit, unnu með form á stöðvum, fóru í leiki tengd vináttu í tenglum við vinaviku, unnu með mynstur, lærðu um Grýlu og Leppalúða í gegnum leiki, unnu með flokkun forma, fóru í endurskinsmerkja-leik sem tengdist hljóðum og orðum í Skátalundi, fengu leikskólann Sjáland í heimsókn þá var tjaldað, farið í leiki og kveiktur eldur, farið var í páska-leik þar sem nemendur fóru á milli stöðva, fóru í skíðaferð og fengu kennslu á skíði, fóru í risaeðluleik þar sem þau áttu að finna frosin risaeðluegg í sandinum á ilströndinni, teiknuðu risaeðlur á skólalóð og teiknuðu upp risaeðluspor, plokkuðu skólalóðina, fóru yfir hjólin sín og gerðu hjólaþraut, fóru í dansparty í tenglum við Barna og menningarhátíð Garðabæjar, fóru í fjöruferð á Álftanes, fóru á Hvalasafnið, fóru í hjólaferð á Vífilsstaði, fóru að vaða í læk, voru með sumardóta leikjadag og fóru í göngu í skóginum í Heiðmörk.

- 2. bekkur** Könnuðu nær umhverfi skólans og fóru í hópeflisleiki, fóru í Guðmundarlund að kanna náttúru og leika sér, fóru í leiki á skólalóð, fóru út í Gálgahraun að veiða og skoða skordýr ásamt því að tína ber, fóru að vaða í læknum við Arnarnes, fóru í umferðabingó, tjölduðu og lásu bók, fóru í stöðvaleik þar sem unnið var með stafrófið, flokkun forma og frádrátt, bökkuðu lummur og fóru í blindra leik, fóru í stöðvaleik þar sem unnið var með þjóðsögur, samsett orð, samlagningu og frádrátt, fóru í stöðvaleik þar sem unnið var með álfa, samheiti andheiti og tímenn, fóru í skíðaferð og fengu skíðakennslu, fóru í stöðvaleik þar sem unnið var með vináttu, stafróf og tímenn, fóru í stöðvaleik þar sem unnið var með tröll, sérnöfn og samnöfn, kynntust jólasveinum í gengum leik og leikrit, fóru í leiki, fóru í páska-leik, fóru í stöðvar sem tengdust líkamanum og starfsemi hans, fóru yfir hjólin sín og bjuggu til hjólaþraut, plokkuðu nær umhverfi skólans, fóru í plöntuleiðangur í umhverfi skólans, fóru í hjólaferð upp á Vífilsstaði, fóru í plöntubakpokaleik í Grasagarðinum. Fóru í gönguferð í skóginum í Heiðmörk.
- 3. bekkur** Fóru í Gálgahraun að tína plöntur og ber, fóru í Grasagarðinn, fóru í Guðmundarlund að kanna náttúru og leika sér, fóru í Hellisgerði í fræðsluleik og gerðu spæjarabók, fóru í Gróðursetningaferð upp í Heiðmörk, fóru í leiki á skólalóð, elduðu afrískan rétt, gerðu listaverk af afrískum dýrum í sandinn á ilströndinni, fóru á bókasafn Garðabæjar, elduðu lummur og höfðu kósýstund í Skátalundi, fóru í skíðaferð í Bláfjöll, lærðu að flagga, fóru í landvættaleik, teiknuðu upp Ísland með krítum og merktu inn nokkur kennileiti, fóru í samvinnuleiki, fóru og skoðuðu alþingishúsið og fóru í vettvangsferð í Reykjavík, fóru í stöðvaleik tengd Íslandi, steiktu brauð Ingólfs Arnarsonar á eldi, græjuðu hjólin sín og voru með hjólaþrautir, voru með stöðvar og leiki tengd húsdýrum á skólalóð, fóru á Hraðastaði, fóru að vaða og veiða í læknum við Arnarnes og fóru gönguferð í skóginum í Heiðmörk.
- 4. bekkur** Fóru í gönguferð út í Gálgahraun og tíndu ber, fóru í hjólaferð út í Gálgahraun, fóru í hjólaferð út á Garðaholt og skoðuðu gamlar stríðsminjar og skoðuðu Krók elsta bæ Garðabæjar, fóru í Guðmundarlund, fóru á sýninguna aftur til Hofstaða og skoðuðu minjagarðinn á Hofstöðum, fóru á Ríff kvikmyndahátíð, fóru í samvinnuleiki, fóru í stærðfræði stöðvaleik á skólalóð, unnu með hnitakerfið á Stjörnuvelli, fóru á Árbæjarsafnið, fóru í hópeflisleiki og leiki frá því í gamladaga, dönsuðu gömlu dansana, fóru í Hellisgerði, fóru í jólakósý í Skátalundi, fóru í skíðaferð í Bláfjöll, fóru í sleðaferð, fóru í fjöruferð, voru með stöðvar tengd umhverfisvernd og gerðu listaverk í fjörunni, fóru á Hönnunarsafn Íslands, heimsóttu Rauða krossinn, heimsóttu Sorpu, fóru í Perluna og fengu fræðslu, plokkuðu nær umhverfi skólans, fóru í Hellisgerði, fóru yfir hjólin sín og voru með

hjólabrautir, hjóluðu á Rúttstún, fóru að vaða í læknum hjá skólanum og fóru í gönguferð í skóginum í Heiðmörk.

5. bekkur Fóru á kajak, fóru í hjólaferð út í hraun og tíndu ber, fóru í Guðmundarlund og léku sér, fóru á Lava Show, fóru í Perluna og fengu fræðslu um eldgos og eldstöðvar, fóru í hellaferð, voru með stærðfærði stöðvar á skólalóð þar sem unnið var með neikvæðartölur og margföldun, voru með útiöldun, fóru í heimsókn í HR, fóru í Vísindasmiðjuna, fóru á Árbæjarsafn og fengu að upplifa hvernig jólin voru áður fyrr, voru með jólasósý í Skátalundi, voru með stærðfræðistöðvar á skólalóð þar unnið var með ummál og flatarmál, voru með stöðvar tengdar þema á skólalóð, fóru í skíðaferð, fóru aftur á Kajak, fóru í hjólaferð á Víðistaðatún, fóru í folf á Vífilstöðum, fóru í blak á stjörnuvelli, á fóru í gönguferð í skóginum í Heiðmörk.

6. bekkur Fóru á kajak, fóru í leiki á skólalóð, fóru í hellaferð í Maíuhella, fóru í Norræna húsið, fóru á Ríff Kvíkmyndahátíð, tjölduðu og lásu um Sama og steiktu brauð í tenglum við þema, fóru í stærðfræðileik á skólalóð og unnu með líkur, fóru í Skilmó, fóru í hópeflisleiki, fóru í fræðsluferð á Vífilstaðavatn, fóru í stærðfræðileik á skólalóð og unnu með tugabrot, fóru í Hellisgerði, voru með jólasósýstund í Skátalundi, unnu með rúmfræði á skólalóð, fóru á Bókasafn Garðabæjar, unnu með krafta á skólalóð, voru með stöðvar tengdar þema á skólalóð, voru með stöðart endar íslensku á skólalóð, fóru í fjöruna, fóru í hópeflisleiki, fóru á kajak, fóru á Vífilstaði í folf, fóru í hjólaferð og í fjallahjólabraut hjá Lundabóli, fóru á Klambratún að leika og fóru í göngu í skóginum í Heiðmörk.

7. bekkur Nemendur fóru á Kajak, fóru að tína ber, fóru í Guðmundarlund, fóru í hópeflisleiki á skólalóð, fóru í hjólaferð, voru með stöðvar á skólalóð tengd þema, voru með útiöldun, voru með bingó tengt þema, bjuggu til ís, elduðu á opnum eldi, fóru í folf á Vífilstaðum, fóru í Hellisgerði, fóru í ratleik og að renna á tjörninni í miðbæ Reykjavíkur, voru með jólasósýstund í Skátalundi, gerðu veðurathugun úti með veðurmæli, unnu með áttavita og fóru í áttavita leik, fóru í stærðfræðistöðvar á skólalóð, fóru í heimsókn á Veðurstofuna, fóru í prósentuleik í Bónus á Garðatorgi, fóru í páskaleik með málsháttum, fóru í Saga Museum, fóru í hver er maðurinn tengt þemanu þeirra, fóru á Hönnunarsafn Garðabæjar, voru með útiöldun, fóru á kajak og hoppuðu út í sjó, fóru í sjósund, hjóluðu í Nauthólsvík, fóru í blak á Stjörnuvelli og göngu ferð í skóginum í Heiðmörk

Unglingar Nemendur unglingadeildar höfðu tækifæri í vali að velja sér hellaval, kajakval og útileiki með Tomma ásamt því fengu þeir útikennslu af og til í náttúrufræði og í þema. Unglingarnir tóku þátt í að plokka nær umhverfi skólans og sáu um svokallaðan Olíshring. Þau fóru með skólanum í Guðmundarlund og í skíðaferð. Þau enduðu svo árið á fara í gistiferðir og gönguferð um skóginn í Heiðmörk.

Ferðir Nemendur í 1.-10.b skólans fóru saman í Guðmundarlund í september og áttu þar saman góðan dag. Nemendur unglingadeildar sáu um fjölbreytta dagskrá fyrir yngri nemendur. Endað var á að grilla pylsur fyrir alla.

Öll stigin skelltu sér á skíði. Stigin fóru í sínar ferðir í sitthvorum lagi. Yngsta stig og miðstig fóru í Bláfjöll og var mikið lagt upp úr því að kenna sem öllum á skíði eða bretti en einnig var í boði að renna á sleða fyrir þá sem vildu. Allir starfsmenn skólans sem kunna á skíði voru í skíðakennslu með nemendum þessa daga. Starfsmenn Bláfjalla fóru með nemendur sem þurftu í sér útbúnum skíðastól og erum við þeim afar þakklát fyrir. Nemendur í unglingadeild fóru í sína skíðaferð til Dalvíkur í samstarfi við félagsmiðstöðina Klakann og

voru þar í 3 nætur. Ferðirnar gengu vel en hugmynd er um að senda yngsta og miðstig saman í ferð næsta ár.

Unglingadeilin fór í vor og haust ferðir með nemendur þar sem gist var yfir nótt. 8. bekkur fór að hausti til og gisti í eina nótt og sú ferð hugsuð sem hópefli fyrir árganginn. Einnig fór 9. bekkur í gistiferð en hún var að vori til og gistu nemendur í tvær nætur. 10. bekkur fór í sína útskriftaferð að vori til og gisti í eina nótt vegna veðurs. Gistiferðirnar eru samstarfsferðir milli skólans og félagsmiðstöðvarinnar Klakans.

Ár hvert er farið í fjallgöngu en þar sem veður var ansi vindasamt og kalt var ákveðið að fara með 1.-9. bekk í skógarferð upp í Heiðmörk. Farið var með þau í tveimur hollum og gengið var eftir getu hvers árgangs. Allir hópar komu við í Furulundi og léku sér þar og borðuðu hádegismat. Ferðin hentaði vel fyrir yngsta og miðstig en hefði mátt vera meira krefjandi fyrir unglingana.

Lokaorð

Útinám skólans er öflugt og kennarar leggja sig fram við að vera með metnaðarfullar og innihaldsríkar kennslustundir. Nemendur skólans njóta góðs af því. Eitt af aðalmarkmiðum útikennslunnar er að auka náttúruvitund nemenda og fá nemendur til að bera virðingu fyrir náttúrunni og vernda hana. Skólastarf er alltaf að þróast og vitum við ekki alltaf undir hvað við erum að búa nemendur því t.d störf og tækni þróast ört. En eitt af því sem við vitum er að náttúran og jörðin verður hér áfram. Við erum að ganga nærri henni og við verðum að kenna nemendum að vernda hana svo að komandi kynslóðir njóti hennar líka. Ef nemandi hefur leikið sér og getur skemmt sér vel í náttúrunni þá aukast lýkur á því að viðkomandi sé til í að venda hana til framtíðar. Fræðsla og leikur í náttúrunni er því lykill framtíðarinnar að farsælli náttúruvernd.

Skýrsla sérkennara

Í vetur voru tveir kennarar starfandi við sérkennslu og ÍSAT kennslu en á tímabilinu ágúst – október voru þeir þrír. Í 1. – 2. bekk var Ingunn Þóra Hallsdóttir sérkennari og umsjónarmaður sérkennslu í 100% starfi. Hildur Björg Jónsdóttir kennari í 100 % starfshlutfalli sem umsjónarmaður sérkennslu í 3. – 4. bekk sem og umsjón með íslensku sem annað tungumál frá ágúst og fram í október. Ingilau Erlingsdóttir kennari í 80% starfshlutfalli sem umsjónarmaður sérkennslu í 5., 7. og 8. bekk. Frá og með mars – maí hafði umsjón með Ísat kennslu í 3. og 4. bekk ásamt lestrarþjálfun í 4. bekk. Drífa Lind Harðardóttir var umsjónarmaður sérkennslu í 6. bekk og Sigríður G. Guðmundsdóttir sinnti umsjón sérkennslu í 9. og 10. bekk. Í unglingadeild sinntu einnig Helga Ósk Hreinsdóttir og Arngerður Jónsdóttir sérkennslu.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar samkvæmt lögum. Nemendaverndarráðsfundir voru haldnir einu sinni í mánuði. Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, náms- og starfsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, skólasálfræðingur og fulltrúi fjölskyldusviðs sátu fundina. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri tóku ákvarðanir um mál sem voru rædd að höfðu samráði við starfsfólk skólans.

Samráðsfundir

Sérkennari, þroskaþjálfari, leiðtogi og umsjónarkennarar héldu samráðsfundi reglulega yfir skólaárið. Á unglingastigi voru ekki samráðsfundir með sérkennara.

Lestrarpróf

Nemendur í 1. – 10. bekk voru lestrarprófaðir í september, janúar og maí með lesfímiprófum frá Menntamálastofnun og niðurstöður voru skráðar í Skólagátt og Námfús þar sem nemendur og foreldrar

gátu fylgst með framvindunni. Einnig voru nemendur fyrsta bekkjar og valdir nemendur 2. – 4. bekkjar prófaðir af sérkennara til að kanna stöðuna að loknu sumarleyfi.

Einstaklingsnámskrár

Einstaklingsnámskrár eru útbúnaðar að vori í samráði við foreldra. Foreldrar og kennarar skrifa undir þær í boðuðu viðtali að vori, þær eru endurmetnar og uppfærðar yfir veturinn eftir þörfum. Á yngsta stigi var einn nemandi í 3. bekk á einstaklingsáætlun og tveir nemendur í 4. bekk. Í 4. bekk var einn nemandi með aðlagð námsefni í íslensku, nemandinn fylgir námskrá með íslensku sem annað tungumál.

Á miðstigi voru 2 nemendur í 5. bekk með einstaklingsnámskrá og einn ÍSAT nemandi. Í 6. bekk voru tveir nemendur á einstaklingsnámskrá og einn ÍSAT nemandi. Í 7. bekk voru 2 nemendur á einstaklingsnámskrá.

Á unglingastigi voru þrír nemendur í 8. bekk með einstaklingsnámskrá í flestum námsgreinum. Auk þeirra er einn nemandi með íslensku sem annað tungumál og fékk aðlagð efni til að vinna að hæfniviðmiðum. Tveir nemendur voru með undanþágu í dönsku. Í 9. bekk voru 4 nemendur með einstaklingsnámskrá í flest öllum námsgreinum, einn með einstaklingsnámskrá í íslensku og þema og þrír sem eru með íslensku sem annað tungumál og fengu aðlagð efni til að vinna að hæfniviðmiðum. Níu nemendur voru með undanþágu í dönsku. Í 10. bekk voru 3 nemendur með einstaklingsnámskrá í öllum námsgreinum. Þrír nemendur með íslensku sem annað tungumál og fengu aðlagð efni til að vinna að hæfniviðmiðum. Átta nemendur voru með undanþágu í dönsku.

Yfirlit yfir starf með hverjum árgangi

1. bekkur

Í 1. bekk var áhersla lögð á lestrarkennslu og tók sérkennari þátt í kennslunni í minni hópum inni á svæði og í sérkennslurými. Nemendur voru í nokkrar vikur í senn í inngripi hjá sérkennara og var skipt reglulega um nemendur. Með þessum hætti kom sérkennari að lestrarkennslu flestra barna í 1. bekk. Einn nemandi var í ÍSAT kennslu.

2. bekkur

Í 2. bekk var unnið með sérkennslu á heimasvæði og í minni hópum í kennslurými sérkennara. Unnið var með hvern hóp í ákveðin tímabil sem héldust í hendur við skipulagið á heimasvæði. Áhersla var lögð á lestrarkennslu og lesskilning. Sjö nemendur fengu ÍSAT kennslu.

3. bekkur

Í 3. bekk komu minni hópar í sérkennslu í kennslurými sérkennara. Unnið var í styttri tímabilum bæði með stærðfræði og íslensku. Einnig var einn nemandi í ÍSAT kennslu. Í 3. bekk voru nemendur LOGOS skimaðir og í framhaldi unnið markviss með þá nemendur sem fengu slaka niðurstöðu í þeim þáttum sem lagðir voru fyrir.

4. bekkur

Nemendum 4. bekkjar var skipt upp í hópa sem var unnið með í 6 - 8 vikur í senn. Um var að ræða íslensku og stærðfræði. Einn nemandi var í ÍSAT kennslu. Þeir nemendur 4. bekkjar sem leggja þurfti LOGOS lesgreiningu fyrir, voru greindir þennan veturinn.

5.-7. bekkur

Í íslensku og stærðfræði fór sérkennslan á miðstigi ýmist fram í minni hópum eða einstaklingslega í sérkennslurými. Í öðrum greinum fólst sérkennsla og stuðningur við nemendur í að léttu námsefni og aðlaga það nemendum. Kennslan fór svo ýmist fram á heimasvæðum nemenda eða inni í

sérkennslurýmum. Þeir nemendur í 6. bekk sem voru undir lestrarviðmiðum MMS að hausti fóru í LOGOS skimun. Ef í ljós kom grunur um lestrarerfiðleika hjá ákveðnum nemendum, fóru þeir í nánari LOGOS greiningu. Nemendur í 5. og 7. bekk sem eru með lestrarerfiðleika fengu 6 vikna lestrarþjálfun á haustönn og vorönn þrisvar sinnum í viku hjá sérkennara.

8. – 10. bekkur

Í íslensku og stærðfræði fór sérkennslan fram í minni hópum í sérkennslurými. Í öðrum greinum fólst sérkennsla og stuðningur við nemendur aðallega í að aðlaga námsefni fyrir nemendur. Það var gert á heimasvæðum nemenda eða í minni hópum. Fimm nemendur fengu einnig aukatíma 2 - 4 sinnum í viku hjá sérkennara sem sérhæfir sig í íslensku sem öðru tungumáli.

Nemendur 8. bekkjar sem voru undir viðmiði 1 hjá MMS í janúar fóru í LOGOS skimun í maí. Þeir nemendur 9. og 10. bekkjar sem leggja þurfti LOGOS lesgreiningu fyrir, voru greindir í vetur.

19 nemendur voru með undanþágu í dönsku og fengu þeir ýmist auka íslenskukennslu eða félagsfærniþjálfun.

Skýrsla þroskaþjálfar

Skólaárið 2023-2024 voru þrír þroskaþjálfar starfandi við Sjáländsskóla.

Sigrún Lilja Traustadóttir var þroskaþjálfari á yngsta stigi í 100% stöðu, Harpa Bjarnadóttir var þroskaþjálfari á miðstigi í 100% stöðu og Margrét Rut Guðmundsdóttir var þroskaþjálfari á unglingastigi í 80% stöðu. Fjórtán stuðningsfulltrúar hófu störf um haustið, einn lét af störfum eftir áramót og tveir nýir hófu störf um svipað leyti. Tveir stuðningsfulltrúar fóru í barneignarleyfi, önnur í mars og hin í maí. Einn stuðningsfulltrúi var af og til í forföllum yfir skólaárið. Stuðningsfulltrúarnir fylgdu einum eða fleiri nemendum, voru ýmist inni í bekk eða voru með minni hópum af nemendum í vinnu undir leiðsögn þroskaþjálfarar, umsjónarkennara og/eða sérkennara.

Þroskaþjálfar skólans hafa það ætíð að leiðarljósi að stuðla að jákvæðu viðhorfi gagnvart öllum nemendum en sérstaklega þeim nemendum sem tilheyra jaðarsettum hópum.

Yfirlit yfir starf á hverju skólastigi

Yngsta stig 1.-4. bekkur.

Þroskaþjálfari vinnur í teymi með umsjónarkennurum, verkefnastjóra, sérkennara og stuðningsfulltrúum. Þroskaþjálfari veitir ráðgjöf og leiðsögn til starfsfólks skólans hvað nemendur með fötlun og hegðunarvanda varðar og ber að upplýsa og fræða kennara, almennt starfsfólk og stuðningsfulltrúa. Þroskaþjálfari fylgir nemendum í kennslustundir ef þess ber undir annars hefur þroskaþjálfari yfirumsjón með stuðningsfulltrúum sem fylgja nemendum sem þarfnast mikils stuðnings. Unnið er að því að aðlaga vinnuumhverfi og aðstæður að nemendum sem/og ýmis umbunar- og hvatningarkerfi sem eru útbúin og henta hverjum og einum nemanda. Auk námslegra þátta vinnur þroskaþjálfari með m.a. atferlismótun og í þeirri vinnu eru notuð

ýmiss konar verkfæri t.d. myndrænt skipulag og hvatningarkerfi. Að auki var þroskaþjálfí með nokkur börn í félagsfærni tímum yfir skólaárið.

Þroskaþjálfí og verkefnastjóri tóku réttindanámskeið sem ART þjálfarar á vorönn og var það hluti af þjálfuninni að taka hóp af börnum í 12 vikna þjálfun.

Í vinnu þroskaþjálfna á heimasvæði nemenda sinnir þroskaþjálfí einnig öðrum nemendum. Hann er til staðar fyrir alla sem leita eftir aðstoð hverju sinni þó áhersla sé lögð á ákveðna nemendur og þarfir þeirra. Þroskaþjálfí situr einnig vikulega fundi með umsjónarkennurum bekkjanna ásamt verkefnastjóra. Tveir fastir teymisfundir hafa verið haldnir með foreldrum í vetur eða oftast eftir þörfum.

Þroskaþjálfí er í reglubundnum samskiptum við foreldra þeirra barna sem hann kemur að málum, boðar teymisfundi auk þess að halda utan um samstarf þeirra fagaðila sem að nemandanum koma.

Miðstig 5.-7. bekkur.

Þroskaþjálfí á miðstigi vinnur í teymi með umsjónakennurum, verkefnastjóra, sérkennurum og stuðningsfulltrúum. Hlutverk þroskaþjálfans er að vera til staðar fyrir fatlaða nemendur og fyrir nemendur með hegðunarvanda. Þroskaþjálfí veitir einnig ráðgjöf og leiðsögn til starfsfólks skólans hvað varðar fatlaða nemendur og nemendur með hegðunarvanda.

Þroskaþjálfí fylgir ýmist nemendum inn í kennslustundum eða tekur nemendur út úr bekk, bæði í hóp og einn í einu. Fer það allt eftir þörfum hvers nemanda fyrir sig. Þroskaþjálfí vinnur náið með stuðningsfulltrúum og hefur í samráði við verkefnastjóra yfirumsjón varðandi vinnuskipulag þeirra. Þroskaþjálfí sér einnig um að aðlaga námsumhverfi nemenda eftir þörfum hvers og eins ásamt því að útbúa umbunarkerfi, hvatningarkerfi og þess háttar atferlismótandi aðferðir eftir þörfum.

Í vinnu þroskaþjálfna á heimasvæði nemenda sinnir þroskaþjálfí einnig öðrum nemendum. Hann er til staðar fyrir alla sem leita eftir aðstoð hverju sinni þó aðal áherslan sé lögð á ákveðna nemendur og þarfir þeirra. Tveir fastir teymisfundir hafa verið haldnir með foreldrum í vetur eða oftast ef óskað var eftir því.

Þroskaþjálfí er í reglulegum samskiptum við foreldra og/eða forráðafólk þeirra nemenda sem hann kemur að. Einnig sér hann um samskipti við aðra fagaðila innan teymis hvers nemanda.

Unglingadeild 8.- 10. bekkur

Þroskaþjálfí vinnur í teymi með umsjóna-, faggreina- og sérkennurum stigsins. Þroskaþjálfí hefur umsjón með nemendum sem eru með sérþarfir í 8, 9, og 10. bekk og sinnir ráðgjöf og leiðsögn fyrir annað starfsfólk, meðal annars til stuðningsfulltrúa. Þroskaþjálfí hefur það markmið að skapa nemendum umhverfi og aðstæður þannig að hver og einn njóti sín í skólanum og ráði við námsefni og þær kröfur sem settar eru hverju sinni. Margvíslegar aðferðir eru notaðar til þess, má þar nefna dagskipulag, uppbot, umbunar- og hvatningakerfi, félagsfærnisögur og hreyfing. Einnig hefur Margrét þroskaþjálfí sinnt ART kennslu í 8. bekk (lítill hópur) sem og unnið með CAT kassann (tilfinningaþjálfun) og verkefni í 9. og 10. bekk sem eflir sjálfsmynd nemenda. Þroskaþjálfí fylgir nemendum ýmist inn í bekk eða fer með nemanda í minna rými og var Skjólíð mikið notað með nokkra nemendur sem þurftu á því að halda. Þroskaþjálfí tekur þátt í því að finna viðeigandi námsefni og leggur mat á hvort námsefnið henti eða ekki eftir að efni hefur verið lagt fyrir. Þroskaþjálfí hefur yfirumsjón með þeim nemendum sem hann sinnir í samstarfi við umsjónakennara og sérkennara.

Í vinnu þroskaþjálfna á heimasvæði nemenda sinnir þroskaþjálfí einnig öðrum nemendum og er hann því til staðar fyrir alla nemendur sem leita aðstoðar á heimasvæði nemenda hverju sinni. Þó er ávallt lögð áhersla á ákveðna nemendur og þarfir þeirra. Þroskaþjálfí situr einu sinni í viku teymisfund með umsjónakennurum

og sérkennara. Þroskaþjálfari boðar og situr teymisfundi með foreldrum og umsjónakennurum minnst tvisvar til þrisvar á skólaári eða eftir þörfum. Þroskaþjálfari notaðist við ART félagsfærniþjálfunarkerfið fyrir nokkra nemendur með slaka félagsfærni.

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa

Skólaárið 2023-2024 var Rósa Siemsen í 100% starfshlutfalli náms- og starfsráðgjafa við Sjálandsskóla. Undir starfshlutfallið fellur bæði ráðgjöf sem og kennsla í lífsleikni og náms- og starfsfræðslu við unglingadeild skólans. Meginhlutverk námsráðgjafa er að vinna með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum, starfsmönnum skólans, starfsfólki á fræðslu- og menningarsviði og félags- og heilbrigðissviði. Garðabæjar að þáttum sem snúa að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Ástæður tilvísana eða þess að nemendur leita til námsráðgjafa eru ýmskonar s.s. félagslegur vandi, samskiptavandi, kvíði, námsvandi, tilfinningavandi, vandi með sjálfsmynd, hegðunarvandi, prófkvíði, einelti og aðstoð við upplýsingaöflun um áframhaldandi nám að loknum grunnskóla. Nemendur, forráðafólk, umsjónarkennari, stjórnendur eða aðrir starfsmenn geta óskað eftir aðstoð námsráðgjafa með tölvupósti, símtali eða annars konar beiðni. Góð samvinna var við forráðafólk, kennara, þroskaþjálfara, stjórnendur og aðra starfsmenn. Áfram var gerð tilraun til að komast til móts við alla bekkir varðandi einstaklingsviðtöl og var gerð smá breyting frá árinu í fyrra. Þetta árið setti námsráðgjafi niður sérstaka viðtalsdaga vikulega inni í öllum bekkjum þar sem markmiðið var að geta nálgast sem flesta nemendur en eins og í fyrra urðu hnökrar á planinu. Sumir dagar féllu fullkomlega að stundatöflum einstakra bekkja og nemendur nýttu sér tímana óspart en í öðrum alls ekki. Einnig var erfitt að koma bekkjum á þá daga sem námsráðgjafi var í kennslu og voru því fleiri bekkir undir á sumum dögum sem ekki var hægt að sinna svo gott gæti talist. Verður þetta fyrirkomulag því endurskoðað enn og aftur næsta skólaár.

Verkefni námsráðgjafa

Einstaklingsviðtöl eru þó nokkur í starfinu. Nemendur koma helst vegna vanda sem tengjast líðan, námi og samskiptaerfiðleikum. Einstaklingsmiðaða ráðgjöf má flokka í þrjá flokka:

1. Ráðgjöf við náms- og starfsval

Náms- og starfsráðgjöf miðar að því að nemendur efli og þroski þekkingu á sjálfum sér s.s. viðhorfum, áhuga, hæfileikum, getu og væntingum, námsleiðum, störfum og atvinnulífi til að auðvelda þeim ákvörðun um nám eða starf að loknum grunnskóla.

2. Persónuleg ráðgjöf og stuðningur

Persónuleg ráðgjöf og stuðningur er veitt nemendum, forráðafólki og kennurum. Ráðgjöfin snýst aðallega um: Persónuleg og einstaklingsbundin mál s.s. félags- og tilfinningalegan vanda, veikindi, sjálfstraust og sjálfsmynd.

Samskiptavanda s.s. vináttu, ágreining og einelti.

Námstengdan vanda s.s. sértæka námserfiðleika, prófkvíða og námsleiða.

3. Ráðgjöf um vinnubrögð

Markmið fræðslu og ráðgjafa í námstækni er að nemendur kynnist hugsun, viðhorfum, námsaðferðum og námsvenjum sem rannsóknir og reynsla hafa sýnt að eru árangursríkar.

Samskiptamál

Í skólanum er starfandi samskiptateymi, sem í sitja námsráðgjafi og aðstoðarskólastjóri. Þetta skólaárið tók teymi skólans þátt í endurskoðun á eineltisáætlun bæjarins ásamt aðilum frá Flataskóla, Garðaskóla, Hofstaðaskóla, Urriðaholtsskóla og Álfthanesskóla undir tryggni stjórn Vöndu Sigurgeirsdóttur. Verður nýr samskiptasáttmáli kynntur öllu starfsfólki leik- og grunnskóla bæjarins, nemendum og forráðafólki.

Sáttmálinn er til þess fallinn að samræma forvarnir og aðgerðir þegar koma upp samskiptamál innan skóla og að mál séu unnin með markvissum og samræmdum hætti.

Eins og fyrri skólaár er unnið markvisst að því innan bekkja að koma í veg fyrir að einelti eigi sér stað. Þar má t.d. nefna með því að fræða og þjálfa nemendur í samskiptum, vera með félagsfærniþópa undir stjórn námsráðgjafa, kennara eða þroskajálfa, reglulegir bekkjafundi með nemendum og umsjónarkennurum, vínahópar og fundir með námsráðgjafa og nemendum svo fátt eitt sé nefnt. Samskipti forráðafólks skiptir einnig lykilmáli en það að forráðafólk vinni saman hjálpar oftast en ekki að vinna bug á samskiptavanda barna þeirra. Með þessum úrræðum er oft hægt að taka á samskiptavanda nemenda áður en þau verða að eineltismálum. Auknar forvarnir, regluleg fræðsla og samstarf forráðafólks er því nauðsynleg sem liður í að sporna við eineltismálum. Kennarar og starfsfólk Sjálandsskóla vinna með verkfærakistu KVAN innan árganga sem gengur út á að auka hæfni þeirra í bekkjarstjórnun og leiðtogaþjálfun barna. Auk þess hafa kennarar á yngsta stigi unnið með Vínáttu, forvarnarverkefni á vegum Barnaheilla. Þessi vinna hefur sýnt fram á jákvæðan bekkjaranda og skólabrag og er orðinn órjúfanlegur hluti af starfi Sjálandsskóla sem við getum verið stolt af.

Forvarnir

Námsráðgjafi og forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Klakans vinna saman að forvarnaráætlun skólans og félagsmiðstöðvarinnar. Boðið var upp á forvarnarfræðslu fyrir nemendur, bæði á skólatíma sem og í félagsmiðstöðinni Klakanum. Námsráðgjafi kom að eftirfarandi forvarnafræðslu fyrir nemendur skólans:

- 2. bekkur** Nemendur sáu brúðuleikhúsið *Krakkarnir í hverfinu*. Fjallað var um forvarnir gegn líkamlegu- og kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.
- 7. bekkur** Námsráðgjafi sat Fokk me fokk you fræðslu á vegum Klakans fyrir nemendur.
- 8.-10. bekkur** Nemendur fengu Sjúk ást fræðslu á vegum Stígamóta sem Rósa námsráðgjafi og Tommi forstöðumaður Klakans sjá um árlega.
- 8. bekkur** Nemendur sáu stuttmyndina *Myndin af mér* sem hefur það markmið að vekja athygli á stafrænu kynferðisofbeldi, skýra mörkin milli kynlífs og ofbeldis ásamt því að leggja áherslu á samþykki og ábyrgð í öllum nánnum samskiptum, hvort sem þau gerast í netheimum eða raunheimum. Nemendur horfðu einnig á myndina *Fáðu já!* sem fjallar um heilbrigð sambönd og mikilvægi þess að fá samþykki í nánnum samböndum. Unnið var með kynheilbrigði og forvarnir í síðustu lotu vetrarins og verður unnið að því að koma því efni markvissara inn í lífsleiknikennslu unglingadeildar.
- 9. bekkur** Nemendur horfðu á fræðsluþættina *Hinseginleikinn* og unnu verkefni upp úr þeim. Markmið fræðsluþáttanna er að vekja athygli á fjölbreytileikanum og uppræta skaðlegar staðalímyndir á hinsegin fólki.
- 10. bekkur** Nemendur fengu fræðslu frá VR stéttarfélagi um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Nemendur fengu kynfræðslu frá Ástráði, félagi læknanema um ábyrga kynhegðun, kynsjúkdóma og notkun getnaðarvarna.

Forvarnavika Garðabæjar

Forvarnavika leik- og grunnskóla Garðabæjar var haldin 4.-11. október 2023. Þema vikunnar að þessu sinni var „Samskipti“. Unnið var með þemað innan allra árganga en einnig var boðið upp á dagskrá á vegum bæjarins.

Önnur verkefni námsráðgjafa

- Námsráðgjafi kenndi náms- og starfsfræðslu í 10. bekk. Námsefnið sem stuðst er við nefnist *Stefnan sett* og fjallar um náms- og starfsval og er ætlað að styrkja nemendur í að taka ákvörðun byggða á sjálfsþekkingu og sjálfstæði. Einnig var nýtt efnið *Margt er um að velja* og nýtt þýtt efni sem ber heitið *Framtíðin mín* sem námsráðgjafi var svo heppinn að fá að prófarkalesa áður en það var útgefið. Nemendur unnu fjölbreytt verkefni sem fólu í sér sjálfsskoðun og ýmsar pælingar varðandi nám og störf. Nemendur fengu kynningu á þeim skólum sem bjóða upp á nám á framhaldsskólastigi ásamt því námi sem þar er í boði. Nemendur lærðu ferilskráargerð og að fylla út starfsumsókn. Námsráðgjafi kynnti fyrir nemendum inntökuskilyrði og umsóknarferli í framhaldsskólana. Nemendum gafst tækifæri til að taka rafræna áhugakönnun, Bendill I. Könnunin var tekin í hóp og farið var yfir niðurstöður í einstaklingsviðtali.
- Námsráðgjafi tók á móti öllum nýjum nemendum og hitti þá einstaklingslega. Þessa nemendur hittir hann einu sinni í byrjun og svo aftur þegar nokkrar vikur eru liðnar af skólavistinni ef tilefni hefur þótt til. Hefur þetta ferli gefist vel.
- Tengslakönnun var framkvæmd í öllum árgöngum í október 2023 en það er greiningartæki til að kanna félagatengsl í afmörkuðum hópum. Námsráðgjafi hefur umsjón með fyrirlögn könnunarinnar, úrvinnslu, les úr niðurstöðum og skilar stuttri greinargerð til umsjónarkennara um stöðu mála í þeim bekkjum sem um ræðir ásamt því að taka þátt í aðgerðum sem fylgja í kjölfarið ef þurfa þykir.
- Bekkjarfundir. Námsráðgjafi vann vikulega með félagsfærnihóp stúlkna í 3. bekk í því skyni að efla þær í samskiptum gagnvart hvor annarri með virðingu og vinsemd að leiðarljósi.
- Námsráðgjafi vann tímabundið með stúlkur í 6. bekk í lífsleiknitímum með áherslu á góð samskipti.
- Stúlknafundir undir handleiðslu námsráðgjafa í 9. og 10. bekk fóru fram tvisvar yfir skólaárið.
- Námsráðgjafi sat fundi með umsjónarkennurum og skólastjórnendum vegna einstakra nemenda.
- Námsráðgjafi sat fundi í nemendaverndarráði einu sinni í mánuði auk teymisfunda á unglingastigi þegar við átti. Námsráðgjafi sat þá kennarafundi sem haldnir voru í vetur.
- Reglulegir hittingar námsráðgjafa Garðabæjar.
- Námsráðgjafi hefur veitt aðstoð með yfirsetu, lestur eða það sem til fellur í prófum og verkefnavinnu í unglingadeildinni.

Endurmenntun og viðhald fagþekkingar

Námsráðgjafi hefur reglulega sótt námskeið, fyrirlestra og fræðsluerindi í því skyni að bæta sig í starfi. Námsráðgjafi leggur áherslu á að halda áfram að fræða sig um málefni sem tengist börnum og unglingum í því skyni að vera sem best í stakk búinn að takast á við hin ýmsu fjölbreyttu mál sem börn og unglingar glíma við í nútímasamfélagi. Námsráðgjafi tók þátt í þróunarverkefni ásamt öðrum kennara skólans með það að markmiði að búa til kennsluáætlanir og efni í kynfræðslu fyrir unglingastig og fór mikill tími endurmenntunar þetta árið í rannsóknarvinnu því tengdu.

Lokaorð

Líkt og fram hefur komið í hér að framan eru verkefni námsráðgjafa fjölbreytt og margvísleg. Líkt og undanfarin ár eru samskiptamál alltaf mjög stór partur af hlutverki námsráðgjafa. Ég lagði áherslu á það líkt og á síðasta skólaári að taka þátt í fyrirbyggjandi vinnu með umsjónarkennurum og hefur það verið ótrúlega lærdómsríkt og skemmtilegt að koma reglulega að bekkjum og vinna náið með nemendum að verkefnum tengdum sjálfsmynd, tilfinningum, samskiptum og líðan. Eins og undanfarin ár hef ég lagt áherslu á að vera sýnileg og til taks innan skólans og hafa nemendur verið óhræddir við að leita til mín. Auk þess hafa umsjónakennarar verið duglegir að hvetja nemendur sína að leita aðstoðar hjá mér sem og sjálfir

fengið ráð varðandi einstaka nemendur. Sveigjanleiki og samstarf við annað starfsfólk skólans og forráðamenn finnst mér skipta lykilatriði í að ná góðum árangri í vinnu minni með nemendum og gekk hvort tveggja vel þetta skólaárið. Ég nýtti áfram fræðsluna og verkfærin frá KVAN auk þess að nýta mikið úr þróunarverkefni sem ég vann með tveimur öðrum námsráðgjöfum innan Garðabæjar. Ég hlakka til að takast á við nýtt skólaár og halda áfram að vinna með starfsfólki skólans að bættum skólabrag með velferð og vellíðan nemenda að leiðarljósi.

Skýrsla bókasafns Sjálandsskóla

Bókasafn Sjálandsskóla er staðsett í hjarta skólans í miðju skólahúsnæðinu. Safnið er opið frá 8:30 til 13:30. Á bókasafninu eru að mestu leyti skáldsögur á íslensku sem nemendur nýta í heimalestur og yndislestur. Einnig eru þar enskar skáldsögur, fræðibækur, teiknimyndasögur, myndabækur fyrir yngri nemendur og fleiri bækur sem skemmtilegt er að skoða. Þar að auki eru spil skólans geymd á bókasafninu. Starfsmaður bókasafns sér um pöntun og alla umsýslu bóka, spila, námsbóka og rithöfundaheimsókna. Á skólabókasafninu starfar einn starfsmaður sem er menntaður bókmenntafræðingur í 70% starfi.

Á skólaárinu komu 1. og 2. bekkur nokkrum sinnum í heimsókn til þess að hlusta á sögu. 3. bekkur kom í fjársjóðsleit á safnið til þess að læra betur á bókasöfn. 5 ára deild Sjálandsskóla nýtti safnið einu sinni í viku og komu að skoða bækur. Lestrarvinir, samstarfsverkefni leikskólans Sjálunds og 1. og 2. bekkjar Sjálandsskóla, komu einnig reglulega í heimsókn á bókasafnið. Aljóðaskólinn á Íslandi hefur einnig fengið að nota safnið og hafa íslenskumælandi nemendur þaðan komið og tekið bækur fyrir heimalestur og yndislestur.

Á haustönn tók allur skólinn þátt í lestrarátaki þar sem safna átti útklipptum fiskum sem voru hengdir fyrir utan bókasafnið. Á vorönn tók síðan allur skólinn þátt í lestrarátakinu Popplestur sem gekk út á að safna poppbauum. Nemendur fengu síðan poppveislu að launum. Þessi lestrarátök voru skipulögð af starfsmanni safnsins og sérkennurum.

Nokkrir lestrarklúbbar voru starfræktir á bókasafninu í vetur. Binu og Jónsa klúbbarnir voru þar vinsælastir en einnig var hægt að skrá sig í Disneyklúbb og Ljósaseríuklúbb.

Ýmis þematengdar uppsetningar voru settar upp á bókasafninu, m.a. vegna hrekkjavöku og Star Wars dagsins. Á hrekkjavökunni var t.d. safnið skreytt og nemendur gátu fengið lánaðar draugalegar bækur ásamt því að snúa hjóli til að finna út hvert skrímslanafnið þeirra væri.

Mikið var um útlán og safnið vel notað. Útlán á skólaárinu 2023-2024 voru þau mestu í sögu skólans. Fyrir ofan bókasafnið var nú í ár í fyrsta skipti ekki almenn kennsla heldur sérkennsla og fór það mjög vel saman. Nemendur í sérkennslu gátu komið niður á safnið og flæðið milli sérkennslunnar og bókasafnsins virkaði vel. Einnig var meiri ró á safninu þar sem ekki var bekkur fyrir ofan og því sóttu nemendur meira í að eyða næðisstund á safninu.

Farið var í löngu tímabæra grisjun á safnfærslu safnsins sem er einskonar hliðargagnagrunnur við bókasafnskerfið Gegnir. Safnfærslan taldi um 1000 eintök en er nú um helmingur af því. Eintök sem áður voru ekki í Gegni en eru nú þar voru færð yfir og þau eintök, bæði bækur og spil, sem fundust ekki voru fjarlægð úr grunninum. Var þetta gert í nánú samstarfi við Landskerfi sem sér um bókasafnskerfið.

Tafla 6. Ýmsar upplýsingar um bókakost safnsins

	Árslok 2022	Árslok 2023
Eintakafjöldi	9.123	10.131
Nýskráð eintök	811	538
Afskráð eintök	4.839	273

Tafla 7. Fjöldi útlána úr Gegni eftir mánuðum

Skólaárið	2022-2023	2023-2024
Ágúst	472	560
September	709	745
Október	546	838
Nóvember	794	1.027
Desember	403	524
Janúar	766	911
Febrúar	654	612
Mars	1.058	967
Apríl	572	990
Mái	580	683
Júní	47	11
Samtals	6.601	7.868

Skýrsla frístundaheimilisins Sælukot

Skýrsla þessi er um starfsemi frístundaheimilis Sjálandsskóla, Sælukot. Í skýrslunni kemur fram hvernig hægt sé að bæta starfsemi frístundarheimilisins ásamt því að gera gott enn betra.

Starfsmannamál

Í vetur störfuðu samtals 20 starfsmenn í Sælukoti í misstóru hlutfalli og á mismunandi tímabilum. Flestir þeirra störfuðu sem stuðningsfulltrúar í Sjálandsskóla og komu í Sælukot eftir skólalok.

Gunnar Oddur Hafliðason er umsjónarmaður og var klára sitt fyrsta starfsár eftir að hafa tekið við í apríl 2023. Dóra Þórisdóttir sá um síðdegishressingu.

Umsjónarmaður

Umsjónarmaður frístundaheimilis ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þess starfs sem fram fer á frístundaheimilinu. Markmið starfsins er að veita 6-9 ára börnum og foreldrum þeirra heildstæða og faglega þjónustu þar sem uppeldisgildi starfsins eru höfð að leiðarljósi. Það felur í sér að veita börnunum tækifæri til afþreyingar í frítíma og þjónustu óháð aldri þeirra, áhugasviði eða getu í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Starfssvið umsjónarmanns er að hafa umsjón yfir öllum þáttum Sælukots. Þar á meðal að sjá um tímaskráningu nemenda, samskipti við Garðabæ vegna innheimtu og fleira, samræmi milli frístundaheimila, samskipti við foreldra og yfirmenn Sjáländsskóla, innkaup, vaktaskiptingu og tímaskráningu starfsmanna og heildarskipulag Sælukots. Umsjónarmaður hefur yfirumsjón yfir því hvort börnin verði sótt, eigi að labba heim eða fari í frístundarbilinn á degi hverjum. Athuga þarf hvort allir séu mættir og ef einhver er skráður og skilar sér ekki í Sælukot þarf að finna hann og/eða finna skýringu á því hvar hann er að finna.

Frístundaleiðbeinandi

Starf leiðbeinanda felur í sér umsjón með nemendum frá því að skóla lýkur og þar til þeir fara heim, í íþróttir eða annað tómstundastarf. Hlutverk þeirra var að hafa umsjón yfir ákveðnu svæði og þeim nemendum sem voru á því svæði. Umsjónarmaður sá um að raða niður leiðbeinendum á svæði sem í boði voru fyrir börnin til eftirlits og aðstoðar. Eftir því sem börnunum fækkar þegar líður á daginn minnkar starfsmannapörfin og því sumir starfsmenn sem fóru fyrr heim en aðrir. Tveir starfsmenn báru svo ábyrgð á því að loka frístundaheimilinu. Það felur í sér að tryggja það að allir nemendur séu farnir heim, frágangur á svæðum sé viðunandi, ljós sé slökkt og gluggar lokaðir. Af öryggisástæðum voru alltaf tveir starfsmenn sem sáum um það að loka. Frekar miklar breytingar voru á starfsmannahópnum um áramótin en heilt yfir var umsjónarmaður virkilega ánægður með starfsmannahópinn og starfsandann allt skólaárið. Sveigjanleiki og jákvæðni réði ríkjum meðal starfsmanna Sælukots í ár.

Sælukot skólaárið 2023-2024

Sælukot er í boði fyrir öll börn í 1.-4. bekk í Sjáländsskóla og Alþjóðaskólanum. Í vetur voru 102 börn skráð í Sælukot en þeim fækkaði lítillega þegar líða tók á vorið og voru um 99 börn skráð í lok skólaárs. Ástæðan fyrir fækkuninni var oftast en ekki aukið sjálfstæði nemenda. Álagstíminn er fyrst og fremst eftir að skóla lýkur eða frá 13:25-15:45 en verulega dró úr fjölda barna eftir klukkan 16:00 á daginn og því hægt að fækka starfsfólki eftir þann tíma. Mörg börn fara í aðrar tómstundir og var það í verkahring umsjónarmanns, í samstarfi við foreldra, að halda utan um æfingatíma barnanna og koma þeim á réttum tíma í frístundabílinn. Umsjónarmaður og leiðbeinendur sáu svo til þess að börnin klæddu sig í viðeigandi klæðnað fyrir æfingar og væru komin á æfingar á réttum tíma. Æfingarnar eru á mismunandi tímum og allur gangur er á því hvenær börnin eru að fara. Sælukot er opið á þeim dögum sem ekki er skóli, s.s. í jólaeyfi, páskaeyfi, vetrarleyfi, á skipulagsdögum og þegar nemenda- og foreldraviðtöl fara fram. Þessa daga er opið í Sælukoti frá 8:30-16:30 og þurfa foreldrar að skrá börnin sérstaklega þessa daga. Fjöldi barna á slíkum dögum var misjafn en hann var oftast á bilinu í kringum 15-35 börn. Þessa daga er reynt að bregða út af vananum og dagskrá Sælukots höfð með öðru móti en vanalega með því að fara í lengri ferðir út úr húsi.

Viðfangsefni

Í Sælukoti í vetur var venjulegur dagur hjá börnunum þannig að þau komu yfir í Sælukot klukkan 13:25 þar sem var merkt við viðveru allra barnanna og öll börn fóru svo út að leika á skólalóð til 13:55. Eftir útiveru komu svo börnin inn og borðuðu síðdegishressingu í sal skólans. Eftir síðdegishressingu fóru

börnin í val en alltaf var misjafnt hvað var í boði hverju sinni. Vinsælustu stöðvarnar sem voru í boði í vetur voru m.a. lego, tölvur, perla, blindrasmakk, smíðastofa, hjóla á útisvæði, dansklúbbur, íþróttasalur, andlitsmálning og fleira. Á hverjum degi þegar börnin mættu í Sælukot var búið að setja upp á töflu hvað væri í boði fyrir hvern dag. Öll börn eiga spjald með mynd af sér sem hanga uppi á töflu þegar þau koma í Sælukot. Þegar börnin velja sér stöð setja þau myndina sína upp á töflu merкта þeim stað sem þau eru á og því sýnilegt fyrir þá sem eru að sækja börnin hvar þau eru hverju sinni. Þetta skipulag reyndist, að mati umsjónarmanns, mjög vel fyrir börnin.

Húsnæði

Sælukot er staðsett í öðrum áfanga Sjálandsskóla (hjá íþróttasal og sundlaug) en hefur einnig afnot af danssal, íþróttasal, listgreinastofum og svæði fyrir framan bókasafn og matsal. Útisvæði Sjálandsskóla er stórt og flott og er það vel nýtt á tímum frístundaheimilisins.

Eftirlit

Starfsmenn í Sælukoti dreifast á mörg svæði á degi hverjum og eru alltaf starfsmenn á öllum svæðum sem eru opin fyrir börnin. Fjöldi starfsmanna á hverju svæði fer yfirleitt eftir fjölda barna en miðað er við að 15 börn séu talin á hvern starfsmann. Mikil áhersla hefur verið lögð á það í vetur að börnin séu aldrei ein á svæði. Eins og áður hefur komið fram er misjafnt hvort börnin séu sótt, þau labbi sjálf heim eða fari með frístundarbílum. Umsjónarmaður hefur yfirumsjón með þessu á degi hverjum. Í byrjun dags þarf að athuga hvort allir séu mættir og ef einhver sem er skráður skilar sér ekki þá þarf að finna hann og/eða skýringuna á því hvar hann er. Finnist barn ekki eftir ítarlega leit á skólasvæði verður að gera foreldrum viðvart og einnig kanna hvort barnið hafi verið sótt. Óþarflega mikill tími fer í símhringingar á hverum degi, oft er það samskiptaleysi milli skóla og heimilis eða óskýrar upplýsingar til barnsins um morguninn og oft þurfa þau að fá að hringja til þess að vita hvers var ætlast til af þeim. Það þarf að ítreka upplýsingaskyldu foreldra hvað þetta varðar. Umsjónarmaður sér um tímaskráningu til Garðabæjar og skilar inn tímum fyrir fram fyrir 20. hvers mánaðar. Við höfum verið eins sveigjanleg með þetta og við getum en þetta fyrirkomulag þarf hins vegar að ítreka betur við foreldra því of oft hringja foreldrar/senda tölvupóst eftir tilskyldan tíma og vilja breyta tímafjölda eftir að greiðsluseðill hefur borist þeim.

Agamál

Ef upp koma agamál í Sælukoti hefur umsjónarmaður umsjón með eftirfylgni slíkra mála og hefur þá samband við foreldra viðkomandi eða þá við kennara eða stjórnendur skólans eftir alvarleika málsins. Agamál hafa verið talsverð í vetur en samskipti á milli heimila og skóla hafa verið til fyrirmyndar í flestum tilfellum. Einnig eru samskipti milli kennara og starfsmanna Sælukots góð svo að oftast tókst mjög vel til að leysa agamál þegar þau komu upp.

Samstarf og samskipti

Umsjónarmaður Sælukots er í miklu og einstaklega góðu samstarfi við kennara og stjórnendur Sjálandsskóla. Umsjónarmaður hefur greiðan og góðan aðgang að stjórnendum og kennurum og er auðvelt að bera sama bækur sínar við þá um einstaka mál og einstaklinga. Samskipti við foreldra er einnig stór partur af starfi umsjónarmanns. Símhringingar, tölvupóstar og stutt spjall eða fundir eru nánast daglegur partur af starfinu. Umsjónarmaður var að mestu leyti ánægður með samstarf og samskipti við foreldra á skólaárinu. Ekki er ákveðinn fundardagur í Sælukoti en foreldrum er ávallt velkomið að koma

við eða panta tíma með umsjónarmanni vilji þeir koma einhverju á framfæri í eigin persónu en ekki í gegnum síma eða tölvupóst. Símhringingar og tölvupóstar eru fjölmargir á hverjum degi og fer mikill tími umsjónarmanns í að sinna hvoru tveggja. Til að koma hagnýtum upplýsingum enn frekar á framfæri er notast við tölvupósta sem sendir eru á foreldra og forráðamenn í lok hverrar viku.

Tómstundir og frístundarbíll

Fjölmargir nemendur fara frá okkur í Sælukoti í hinar ýmsu tómstundir dag hvern, s.s. fótbolta, fimleika, dans, körfubolta, sund, Tónlistarskóla Garðabæjar. Tryggja þarf að öll börn séu búin að borða, séu klædd í viðeigandi fatnað, taki allt dótið sitt með og leggi tímanlega af stað í því skyni að mæta stundvíslega á æfingu. Gott skipulag og góð samskipti við foreldra og íþróttafélög er lykillinn að því að þetta gangi vel fyrir sig og hefur það gengið ágætlega í vetur. Samskiptin við íþróttafélög mættu hins vegar vera betri þar sem við fáum yfirleitt ekki eða mjög seint upplýsingar ef æfingar falla niður vegna veðurs eða annað slíkt. Frístundarbíllinn felur í sér mikil þægindi fyrir foreldra barna enda nýta foreldrar þessa þjónustu mikið. Einn starfsmaður í Sælukoti sér alfarið um frístundarbílinn og sér til þess að börnin fari í hann á réttum tíma.

Önnur tómstundaheimili

Umsjónarmenn frístundaheimila hittast reglulega og funda og hafa góðan stuðning af hvorum öðrum og skiptast reglulega á hugmyndum í því skyni að efla starfið og gera það enn betra. Er þetta mjög mikilvægt þar sem ekki öll frístundaheimili eru með aðstoðar umsjónarmann og því nauðsynlegt að fá hugmyndir og bera saman bækur sínar við aðra í sama starfi. Áframhaldandi samstarf verður á milli frístundaheimila á komandi skólaári.

Tillögur að úrbótum

Gott væri að hafa a.m.k. einn skipulagsdag fyrir áramót og einn eftir áramót til þess að skipuleggja starfið betur og virkja starfsmenn í því að móta starfið með umsjónarmanni. Skipulagsdagurinn sem við erum með er mjög snemma á árinu sem er ekki nógu hentugt fyrir starfið.

Afar æskilegt er að ráða aðstoðarumsjónarmann í Sælukot með auknum nemendafjölda sem ráðinn væri í fullt stöðuhlutfall en ynni hluta dags með skólanum að afmörkuðum samskiptamálum.

Lokaorð

Starfið í vetur hefur að mestu leyti gengið mjög vel. Við höfum reynt eftir bestu getu að hafa skipulagið sem fjölbreyttast og skemmtilegast. Samskipti við kennara, stjórnendur og foreldra hefur gengið vel og hafa margir foreldrar lýst yfir ánægju sinni með Sælukot og komið með gagnlega og uppbyggjandi gagnrýni. Það er alltaf markmiðið að bæta starfið þannig að börnum og starfsmönnum líði vel í Sælukoti og þar myndist notalegt andrúmsloft þar sem allir njóta sín.

Samantekt

Nítjándi starfsár Sjálánda skóla var afar farsælt og skemmtilegt. Mikil áhersla var á útikennslu og skapandi starf og sást sú áhersla glögg í öllu skólastarfinu. Nemendur fóru í ferðir, unnu á skólalóðinni, settu upp leikrit, gerðu listaverk og unnu að skapandi úrlausnum á allskonar verkefnum. Kennarar og annað starfsfólk vann vel saman og var starfsandinn frábær eins og niðurstöður Skólapúlsinn sýndu. Kennarar efldu fagmennsku sína, prófuðu sig áfram í nýjum kennsluaðferðum og héldu uppi fjölbreyttu starfi sem einkenndist af sveigjanleika, þrautseigu og umhyggju. Foreldrasamstarf var árangursríkt og gott.